



FRAMBJÓÐENDUR Í YFIRHEYRSLU >28



YNGSTU HRYLLINGS-SÖGUHÖFUNDAR LANDSINS >40

**Mallorca**  
er málið í sumar  
Flug, gisting og allt innifalið!  
Verð frá **83.700 kr.**  
m.v. tvo fullorðna og eitt barn.



www.plusferdir.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**HELGARBLAÐ**  
11. apríl 2015  
84. tölublað 15. árgangur  
Sími: 512 5000

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\***

\*Samkvæmt prentmiðastöðum Capacent Gólfur apríl-júní 2014



## PORIR AÐ FYLGJA HJARTANU

**Ilmur Kristjánsdóttir** leikkona hefur alltaf viljað gera heiminn að betri stað. Hún hefur litið á leiklistina sem einn vettvang til þess en skiptir nú um svið og tekst á við verkefnið á sviði stjórnmalanna. > 22



**LÍFSSTÍLLINN BANVÆNN**  
Ótímabær dauði, örorka og sjúkdómar vegna mataræðis, hreyfingarleysis, reykinga og áfengisneyslu kosta íslenskt heilbrigðiskerfi ríflega hundrað milljarða á ári. > 30



**Alberto Cairo**  
HEFUR UNNIÐ  
HJÁLPARSTARF  
Í 25 ÁR >32



**SKELTI Í SUMARSMELL**  
Erla Markúsdóttir samdi sitt fyrsta lag 78 ára gömul. > 70

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Domino's helgin**

**BOLTATILBOÐ**

STÓR PIZZA af matsæðli  
2L gas og GOTT að eigin vali.

→ **2.999 KR.** Ef þú sækir, 8.-13. apríl. ←



**OPIÐ**

um helgina

**KOLAPORTIÐ**



**Kauphlaup**

9.-13. apríl


10-70% afsláttur af nýjum vörum

**SMÁRALIND**





## VEÐUR



**Vetrarveður fyrir norðan.** Norðan 18-23 m/s og talverð snjócoma norðvestantil, en norðaustanlands um kvöld. Kólnandi veður og frost víða 1 til 6 stig.

**SJÁ SÍÐU 46**

## GLEÐIFRÉTTIN

### Blindum gefin „sýn“

Háskóli Íslands leiðir stórt verkefni fimm Evrópulanda þar sem búa á til hátækniþúnað fyrir blinda sem er byggður á þrívíddartækni. „Við ætlum að búa til hermi fyrir blint fólk til að æfa sig,“ sagði Rúnar Unnþórsson, lektor við HÍ. Hann sagði tæknina snúast um að fólk þurfi ekki að þreifa fyrir sér heldur skynji hluti lengra frá sér.



## FIMM Í FRÉTTUM: SÆTMETI ÁN SYKURS OG VERKFÖLL



**Illugi Gunnarsson** menntamálaráðherra sat fundi í Kína með jarðvarmafyrirtækinu Orka Energy í síðasta mánuði. Illugi starfaði áður fyrir fyrirtækið en segist engra hagsmuna hafa að gæta.



**Ilmur Kristjánsdóttir** leikkona er komin til starfa sem borgarfulltrúi Bjartrar framtíðar í Reykjavík eftir fæðingarlof. Í vor verður hún formaður velferðarráðs.



**Gunnar Bragi Sveinsson** utanríkisráðherra vill fjölga sérfræðingum í Brussel til að hraða upptöku tilskipana í gegnum EES-samninginn og útrýma dómsmálum ESA vegna lélegrar innleiðingar. Ísland stendur sig lakast EES-ríkjanna í innleiðingu Evróputilskipana.



**Nanna Rögnvaldardóttir** gefur út bókina Sætmeti án sykurs og sætuefna um mánaðamótin. Þetta er önnur bók Nönnu á árinu.

**Páll Halldórsson** segir að boð samninga nefndar ríkisins um 3,5 prósentu launahækkun dugi ekki. Ríflega 3.000 félagsmenn BHM lögðu niður störf á fimmtudag í allsherjarverkfalli.



## Stórtíðindi hjá demókrötum: Hillary kynnir forsetaframboð

**BANDARÍKIN** Hillary Rodham Clinton, fyrrverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna, tilkynnir, að sögn fjölmiðla vestanhafs, um forsetaframboð sitt á morgun. Hugsanlegt framboð hennar hefur verið mikið rætt undanfarnin ár og þykir hún langlíklegust til að hreppa útnefningu Demókrataflokksins fyrir kosningarnar 2016. Hillary Clinton bauð sig áður fram 2008.



HILLARY RODHAM CLINTON

## Sparisjóður Vestmannaeyja: Borgun undrast leka á gögnum

**VIÐSKIPTI** Forsvarsmenn Borgunar undrast að upplýsingar um úttekt fyrirtækisins á stöðu Sparisjóðs Vestmannaeyja hafi ratað í fjölmiðla stuttu eftir að Landsbankinn tók sjóðinn yfir í síðasta mánuði. Fram kom í gögnum sem Morgunblaðið hafði undir höndum að um 700 milljónir höfðu verið teknar úr sjóðnum síðustu daga áður en Landsbankinn tók hann yfir. Sjóðsfélagar höfðu því hafið áhlaup á sjóðinn þegar fréttir af slæmri stöðu sjóðsins birtust í fjölmiðlum. Borgun tók einnig um 200 milljónir króna út úr sjóðnum samkvæmt gögnunum sem láku til fjölmiðla.



**MEINT MORD** Annþór Karlsson og Borkur Birgisson eru ákærðir fyrir að hafa sameiginlega valdið dauða Litla-Hrauni árið 2012. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Segir áverkana ekki tilkomna eftir högg

Niðurstöður yfirmatsmanna á atburðarás og áverkum manns sem lést á Litla-Hrauni eru á skjön við niðurstöður íslenskra sérfræðinga. Réttarmeinafræðingur segir líklegra að áverkar séu tilkomnir eftir endurlífgunartilraunir en ofbeldi.

**LÖGREGLUMÁL** Hluti þeirra erlendu sérfræðinga sem fengnir voru til að meta skýrslur um andlát fanga á Litla-Hrauni í maí 2012, sem þeir Annþór Kristján Karlsson og Borkur Birgisson eru ákærðir fyrir að hafa beitt ofbeldi sem leiðdi til dauða hans, hefur skilað niðurstöðum sínum. Niðurstöður þeirra eru á skjön við niðurstöður íslenskra sérfræðinga.

Annars vegar er um að ræða yfirmat frá Sidsel Rogde, prófessor í réttarmeinafræði við Háskólann í Ósló, á mati íslensks réttarmeinafræðings í krufningarskýrslu. Tveir erlendir réttarmeinafræðingar voru dómkvaddir til verksins og hefur hinn ekki skilað af sér niðurstöðu.

Rogde segir að ólíklegt sé að áverkar þeir sem leiddu til dauða fangans, sem voru rifa á milta, væru tilkomnir eftir högg eða spark, þó það sé ekki algjörlega útilokað. Rogde kemst einnig að þeirri niðurstöðu að áverkarnir geti vel hafa verið tilkomnir við endurlífgunartilraunir, sem framkvæmdar voru bæði af fangavörðum og síðar sjúkraflutningamönnum.

Auk rifu á milta hlaut hinn látni rof á slagæð við miltta. Rogde segir þann áverka dularfyllan. Hann hafi ekki áður séð slíkan áverka eftir endurlífgunartilraunir eða vegna ofbeldis, án þess að önnur ummerki sæjust um slíkar aðferðir á líkamnum sem ekki var til að dreifa hjá hinum látna. Rogde veltir því upp hvort þá rifu megi rekja til framkvæmdar krufningarinnar.

Íslenski réttarmeinafræðingurinn hafði komist að þeirri niðurstöðu að áverka hins látna mæti rekja til þungs höggs. Helgi Magnús Gunnarsson saksóknari gagnrýnir seinangang matsferlisins. Hann segir ekki um að ræða eiginlegt yfirmat

## Meinta morðið á Litla-Hrauni



■ Þeir Annþór Kristján Karlsson og Borkur Birgisson voru ákærðir fyrir að valda dauða samfanga síns þann 17. maí 2012. Þann dag, rétt fyrir klukkan átta, var lögreglu tilkynnt um að endurlífgun á manni stæði yfir í fangelsinu á Litla-Hrauni. Fanginn, Sigurður Hólm Sigurðsson, hafði verið fluttur í fangelsið áður og verið í mikilli neyslu fíkniefna. Fangi hafði skömmu áður komið að honum þar sem hann hafði kastað upp og korraði í honum. Endurlífgun fangavarda og sjúkraflutningamanna bar ekki árangur og var Sigurður úrskurðaður látinn á vettvangi.

- Nokkrum dögum síðar komst réttarmeinafræðingur að þeirri niðurstöðu að Sigurður hefði látist af völdum innvortis áverka sem stafað hefðu af rofnu milta og rifinni slagæð og væri áverkinn af völdum þungs höggs.
- Eftir rannsókn á upptökum úr eftirlitsmyndavélum á Litla-Hrauni bárust bændin að Annþóri og Berki. Þeir voru settir í einangrun í margar vikur og eftir það á sérgang í fangelsinu þar sem þeir höfðu engan annan félagsskap en hvor af öðrum. Þeir hafa síðan fengið að snúa aftur meðal annarra fanga.

þar sem tveir hafi verið kvaddir til verksins og aðeins annar skilað niðurstöðu. „Yfirmati er aldrei lokið fyrr en matsmenn komast að niðurstöðu í sameiginlegri skýrslu. Þetta ferli er forbundnið til þess að vandad sé til verka. Þessir yfirmatsmenn virðast ekkert hafa talað saman og mér sýnist þessi skýrsla ekki geta komið að miklu gagni með þessum hætti,“ segir Helgi Magnús.

Yfirmatsmaður var einnig fenginn til að meta atferlisskýrslu tveggja íslenskra prófessora í sálfræði um atferli fanga á upptöku úr öryggismyndavélum. Í skýrslunni segja sálfræðingarnir að ljóst sé að hinum látna hafi staðið ógn af Annþóri og Berki, þeir hafi verið ógnandi og hinn látni hræddur við þá í aðdraganda andlátsins.

Matsmaðurinn, David J. Cooke, prófessor í klínískri réttarsálfræði, kemst að þeirri niðurstöðu að aðferðarfræði sálfræðinganna sem notuð eru í skýrslunni uppfylli ekki gæðakröfur sem almennt

## Þessir yfirmatsmenn virðast ekkert hafa talað saman og mér sýnist þessi skýrsla ekki geta komið að miklu gagni.

Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari.

eru gerðar í réttarsálfræði. Ekki séu neinar fræðilegar tilvísanir í niðurstöðunum sem styðji þær, og aðferðarfræðin sé ótraust af mörgum ástæðum.

Cooke segir að upptökurnar frá Litla-Hrauni séu ekki nógu skýrar þannig að erfitt sé að meta svipbrigði. Þá gerir hann athugasemdir við hlutdrægni sálfræðinganna sem hafi þekkt til ákærðu þegar þeir komast að niðurstöðum sínum.

Cooke segir að lokum að sálfræðingarnir hafi vikið frá hlutverki sínu sem sérfræðingar og fært sig yfir á svið dómarar þegar þeir svara úrslitaspurningunni játandi – um sekt ákærðu. [fanney@frettabladid.is](http://fanney@frettabladid.is)



**VÍGALEGRÍ Í PILSUM** Uppreisnarmenn úr Húti-hreyfingunni sveifla vopnum sínum í borginni Taiz.

Sameinuðu þjóðirnar hvetja til vopnahlés án tafar:

## Íbúar í Jemen hætt komnir

**JEMEN** Íbúar í Jemen eru margir hverjir hætt komnir vegna linnulausra loftárása Sáði-Araba og bandamanna þeirra í meira en hálfan mánuð. Börn hafa þar orðið einna verst úti og farið að gæta vannæringar hjá þeim.

Þetta fullyrða Sameinuðu þjóðirnar, sem í gær hvöttu til þess að án tafar verði gert hlé á átökunum til þess að koma fólki til hjálpar.

Í gær tókst Rauða krossinum og Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna að koma brýnum hjálpargögnum til íbúa í höfuðborginni Sana, en það er í fyrsta sinn frá upphafi árásanna sem það tekst.

## Vor í Barcelona

30. apríl - 3. maí

Verð frá 79.900 kr.\*

og 12.500 Vildarpunktar

á mann í tvíbýli með morgunverði á hótél Astoria

\*Verð án Vildarpunkta 89.900 kr.

Flugsæti til og frá Barcelona 49.900 / 59.900 kr.

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is  
VITA - Skógarhlíð 12 - Sími 570 4444





### Opel Insignia

Verð frá: **4.337.000 kr.**

Útborgun frá aðeins: **433.700 kr.**

## OPEL INSIGNIA

# ÞÝSKUR OG STÓRGLÆSILEGUR

Bíll sem þú elskar að aka

**Opel Insignia** er eðalbíll sem sameinar glæsilegt útlit og afburða aksturseiginleika. Insignia hefur það allt; sparneytna vél, sportlegt útlit og ríkulegan staðalbúnað. Þetta er bíll sem þú elskar að keyra. Hann fæst í mörgum útgáfum og meira að segja fjórhjóladrifinn. Kynntu þér Opel Insignia á [opel.is](http://opel.is) eða á [benni.is](http://benni.is).

**Bílabúð  
Benna**  
Sérfræðingar í bílum

Reykjavík  
Tangarhöfða 8  
590 2000

Reykjanesbær  
Njarðarbraut 9  
420 3330

Opið virka daga frá 9 til 18  
og laugardaga frá 12 til 16.  
Verið velkomin í reynsluakstur.



Wir leben Autos.



Bílabúð Benna og Lykill gera þér kleift að eignast nýjan Opel á þægilegan máta. Útborgun er að lágmarki 10% af verði bílsins og Lykill lánar þér afganginn til allt að sjö ára. Þú velur þér nýjan bíl hjá Bílabúð Benna og sölumenn sjá um að ganga frá lánum. Lánshlutfall ræðst af lánshæfis- og/eða greiðslumati hvers umsækjanda og getur hæst orðið 90%. Skyld er að kaskótryggja bifreiðina á lánstímanum.



6.4.2015 → 12.4.2015  
**fimmtán**  
**PÚSUND**  
 manns fara að óbreyttu í verkfall á næstu vikum.



**11**  
 sérfræðilækna ætla Sjúkrahúsið á Akureyri að ráða á næstunni.

**850 g**  
 var það magn af kókaíni sem lögregla lagði hald á í fyrra.


**1/10**  
 landsmanna er nokk sama hvort umsókn Íslands um Evrópusambandsaðild verður dregin til baka eða ekki.

**4.000**  
**MANN**  
 hafa þegar skráð sig í skoðunarferð í íshellinn í Langjökli sem verður opnaður í sumar.

**3,5%**  
 launahækkningar eru ennþá boðnar af ríkinu þó allir hafi hafnað tilboðinu fyrir löngu.

**3 ÁR**  
 getur fólk þurft að bíða eftir augnaðgerð greiddri af sjúkratryggingum – hægt er að borga sig fram fyrir röðina.

**8 VIKUR**  
 er sá tími sem fólk verður frjálst að leigja húsnæði sitt, ná vilji ráðherra fram að ganga.



**500.000** tonn af síld drápuð vegna sýkingar sem kom upp árið 2008.



Í TÖLVUNNI Hjá ríkinu starfa um eða yfir 400 manns við upplýsingatækni.

Kalla á nýja ríkiseiningu:  
**Bæta þarf upp-  
 lýsingatækni**

**STJÓRNSÝSLA** Koma þarf á fót sérstakri starfseiningu innan stjórnsýslunnar sem fer með yfirstjórn upplýsingatæknimála. Þetta er mat Capacent eftir greiningu á upplýsingakerfum ríkisstofnana fyrir fjármálaráðuneytið. Fram kemur í úttektinni að um 400 stöðugildi hins opinbera sinni upplýsingatækni með beinum hætti. Kostnaður vegna þessa sé um þrjú milljarðar á ári. Einnig kemur fram að kostnaður við að uppfæra opinbera vefi til að mæta nýjungum í tækniotkun sé um þrjú hundruð milljónir króna. -sa

Ný stjórn Byggðastofnunar:  
**Formaðurinn líka í stjórn KS**

**BYGGÐAMÁL** Ársfundur Byggðastofnunar var haldinn í Vestmannaeyjum í gær. Á fundinum skipaði Sigurður Ingi Jóhannsson, ráðherra byggðamála, nýja stjórn stofnunarinnar. Herdís Sæmundardóttir er formaður stjórnar. Hún hefur áður gegnt embætti formanns en því sinni hún með varaþingmannsstöðu. Herdís er einnig stjórnarmaður í Kaupfélagi Skagfirðinga og sviðsstjóri fjölskyldusviðs sveitarfélagsins Skagafjarðar. Byggðastofnun hefur síðustu tvö ár skilað hagnaði og segist Herdís taka við góðu búi. -sa

# Boðar frumvarp um afnám hafta fyrir þinglok

Forsætisráðherra sagði á flokksþingi Framsóknarflokksins að frumvarp um afnám hafta myndi koma til þings fyrir þinglok. 20 þingfundardagar eru eftir af þinginu. „Digurbarkalegar yfirlýsingar,“ segir Árni Páll Árnason.

**STJÓRNMÁL** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra fór ítarlega yfir afnám gjaldeyrishafta í ræðu sinni á flokksþingi Framsóknarflokksins í gær. Fór hann hörðum orðum um kröfuhafa föllnu bankanna og sagði þá skrifa skýrslur og greinargerðir um stjórn málaástandið á Íslandi og halda skrá um blaðamenn og stjórnmalamenn. Um afnám gjaldeyrishafta sagði forsætisráðherra það vera mikilvægt að hleypa af stokkunum áætlun um afnám gjaldeyrishafta fyrir þinglok. Of langan tíma hefði tekið að afnema höftin og hundruða milljarða hagnaður myndi koma í ríkissjóð af framkvæmdinni.

„Það er því ekki um annað að ræða en að hrinda í framkvæmd áætlun um losun hafta nú áður en þingið lýkur störfum. Sérstakur stöðugleikaskattur mun þá skila hundruðum milljarða króna og mun ásamt öðrum aðgerðum gera stjórnvöldum kleift að losa um höft án þess að efnahagslegum stöðugleika verði ógnað. Það er ekki hægt að una því lengur að íslenska hagkerfið sé í gíslingu óbreytts ástands og eignarhald á fjármálakerfi landsins í því horfi sem það er,“ sagði Sigmundur Davíð. Laga frumvarp um afnám hafta mun þar af leiðandi koma inn í þingið með afbrigðum. Búið er að loka fyrir ný mál á Alþingi og einungis 20 þingdagar eru



**HARÐORÐUR** Sigmundur Davíð fór hörðum orðum um erlenda kröfuhafa í ræðu sinni. Sagði hann kröfuhafa með fjölda almannatengla að störfum við skýrslugerðir og sálgreiningu andstæðinga þeirra.

eftir samkvæmt starfsáætlun þingsins. Katrín Júlíusdóttir, formaður VG, segir undrum sæta að boðað frumvarp um afnám hafta skuli kynnt á flokksþingi Framsóknarflokksins. „Hann hefur neitað að tjá sig í allan vetur í þinginu um þessi mál og því þykir mér þetta furðuleg vinnubrögð. Þarna birtast hugmyndir sem ekki hafa verið útfærðar í samráði við aðra flokka eða hagsmunaaðila. Mér þykir þetta bjartsýni að ætla að keyra svona risastórt mál í gegnum þingið því það skiptir miklu máli að samstaða og sátt náist um málið,“ segir Katrín. Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir skilyrði fyrir afnámi hafta fyrir hendi og mikilvægt að áætlun stjórnvalda um afnám raski ekki stöðugleika í efnahagslífinu. „Við höfum ekki séð neitt um áform stjórnvalda varðandi afnám hafta. Hins vegar höfum við sagt að þetta sé brýnt úrlausnarefni og nauðsynlegt að nota það efnahagslega svigrúm sem fyrir hendi er til að stíga skrefið að afnámi haftanna,“ segir Þorsteinn. „Nú eru kjöraðstæður fyrir afnámi gjaldeyrishafta.“ Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, segir leyndarhjúpin yfir áætlun ríkisstjórnarinnar ekki vera henni til framdráttar og óskar eftir frekara samráði við stjórnarandstöðuna. „Enn einu sinni er framlag ríkisstjórnarinnar til afnáms hafta það eitt að setja fram digurbarkalegar yfirlýsingar byggðar á leyniáætlunum sem enginn hefur séð. Engin áætlun kemur fram sem þolir dagsins ljós. Forystumenn

“Enn einu sinni er framlag ríkisstjórnarinnar til afnáms hafta það eitt að setja fram digurbarkalegar yfirlýsingar byggðar á leyniáætlunum sem enginn hefur séð. Engin áætlun kemur fram sem þolir dagsins ljós.”  
 Árni Páll Árnason.

ríkisstjórnarinnar ráða greinilega ekki við að skapa samstöðu um þetta mikilvæga mál,“ segir Árni Páll. „Við vinnum við afnám hafta á að hafa hagsmuni þjóðarinnar að leiðarljósi. Ekki hagsmuni Framsóknarflokksins, Sjálfstæðisflokksins eða útvalinna vildarvina.“  
 sveinn@frettabladid.is



**Dethleffs**  
 Þýsk gæði  
 Par sem ferðalagið byrjar  
 Korputorg 112 Reykjavík Sími 551 5600 utilegumadurinn.is  
 Útilegu maðurinn SEGLAGERÐIN ÆGIR  
 Opið mán-fös kl. 10-18 - lau-sun kl. 12-16

## Árangurslausir samningafundir haldnir í húsakynnum ríkissáttasemjara: Ekkert þokast í kjaraviðræðum

**KJARAMÁL** Bæði BHM og SGS funduðu í gær í húsi ríkissáttasemjara en ekkert þokast í viðræðum. Á mánudag hefst svo atkvæðagreiðsla meðal félagsmanna Starfsgreinasambandsins um hvort fara eigi í verkfall. Fundirnir stóðu stutt í gær og hefur nýr fundur verið boðaður með samninganefnd ríkisins og BHM á mánudag hjá ríkissáttasemjara. Aftur á móti verður enginn samningafundur með Starfsgreinasambandinu fyrr en eftir heila viku. Sambandið boðar víðtæk verkfallsaðgerðir í lok apríl, hafi ekki samist fyrir þann tíma. Atkvæðagreiðslu um verkfall lýkur á miðnætti 20. apríl og telja forsvarsmenn sambandsins það örugglega verða samþykkt af félagsmönnum. Allsherjarverkföll eru boðuð sem munu ná til meira en tíu þúsund félagsmanna og hafa víðtæk áhrif á vinnustaði um allt land, meðal annars ferðaþjónustuna. Sambandið krefst þess að laun félagsmanna hækki í krónum og miðað sé við að lægsti taxti verði innan þriggja ára orðinn þrjú hundruð þúsund króna mánaðarlaun. Því hafna Samtök atvinnulífsins.



**STÁL Í STÁL** Það er ekki farið að vora í kjaraviðræðum ef marka má árangurslausa fundi gær dagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR  
 Verkföll stóðu yfir hjá fjórum félögum BHM í dag, hjá rúmlega 400 háskólamentuðum starfsmönnum. Geislafræðingar og náttúrufræðingar á Landspítalanum hafa lagt niður störf – og einnig lögmennt hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu. Alls hefur níttján kjaradeilum verið vísað til ríkissáttasemjara á síðustu dögum. -lb



# Kaup hlaup

Dagana 9.-13. apríl

**10-70%**

afsláttur af  
nýjum vörum.

Þegar þú finnur lyktina af vorinu,  
reimaðu á þig hlaupaskóna og  
hlaupu í fangið á vortilboðunum!

Þú getur skoðað tilboðin í kaup-  
hlaupsblaðinu á [smaralind.is](http://smaralind.is)



 **SMÁRALIND**  
Góða skemmtun

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM



## Viðskiptatækifæri Íbúðahótel

Til sölu 30 herbergja vel búíð íbúðahótel á góðum stað í Reykjavík. Herbergin eru rúmgóð og snyrtileg með eldunaraðstöðu og öðru sem fylgja ber.

Reksturinn hefur gengið mjög vel og skilað góðum hagnaði. Bókunarhlutfall er mjög hátt yfir sumarmánuðina en íbúðirnar hafa verið leigðar í langtímaleigu yfir vetrarmánuðina. Bókanir næsta sumars líta mjög vel út og eru nú þegar tvöfalt fleiri en á sama tíma í fyrra.

Hótelid er rekið í leiguhúsnæði með góðum leigusamningi en ekki er um að ræða kaup á húsnæði heldur rekstri og innanstokksmunum.

Mjög gott viðskiptatækifæri fyrir fólk sem vill taka við góðum og þægilegum rekstri sem á mikið inni.

Áhugasamir aðilar hafi samband við Guðna Halldórsson sími 414 1200, gudni@kontakt.is

Viðskiptatækifæri á [www.kontakt.is](http://www.kontakt.is)

# KONTAKT

Fyrirtækjaráðgjöf

Suðurlandsbraut 30 • Sími: 414 1200

globalM&A Iceland

HEILBRIGÐISMÁL

vita

## KRÍT & SANTORINI

Hvildarferð á vit mínóskrar menningar

Fararstjórnin, Friðrik G. Friðriksson er sérfróður um sögu staðanna og þekkir vel til allra staðhátta. Skoðunarferðir eru fjölbreyttar, en samt nægur frítími, ekkert stress, ekki erfð ferð.



KRÍT & SANTORINI - Hvildarferð á vit mínóskrar menningar

24. SEPT. - 5. OKT. 2015

Á eyjunum Krít og Santoríní myndast hin svonefnda mínóska menning, sem var fyrsta menning Evrópu, á undan grískri og rómverskri menningu, en á eftir t.d. egypskri menningu. Fararstjóri er Friðrik G. Friðriksson

Verð frá **294.500 kr.**



Myndir úr ferðum Friðriks á vita.is

VITA | SKÓGARHLÍÐ 12 | Sími 570 4472 | VITA.IS

Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



S A F T



## Tvítugur maður fékk fjögurra mánaða skilorðsbundinn fangelsisdóm: Áreitti stúlku í gegn um Skype

**DÓMSTÓLAR** Héraðsdómur Austurlands hefur dæmt tvítugan karlmann í fjögurra mánaða skilorðsbundinn fangelsi fyrir að áreita stúlku kynferðislega í gegn um samskiptaforritið Skype.

Samkvæmt ákæru átti maðurinn ítrekað í samskiptum við stúlkuna í apríl árið 2013, þegar hún var ellifu ára gömul. Hann viðhafði kynferðislegt tal og reyndi að fá að hitta stúlkuna í kynferðislegum tilgangi. Einnig óskaði hann eftir að fá að kafa á afturenda stúlkunnar og það hana um að sýna honum afturenda sinn og sýndi henni kynfæri sín þegar hann fróaði sér, hvort tveggja í gegnum vefmyndavél.

Maðurinn játaði brot sín skýlaust fyrir dómi og viðurkenndi bótaskyldu sína.

Auk fjögurra mánaða skilorðsbundins dóms er manningum gert að greiða stúlkunni 400 þúsund krónur í miskabætur. Þá þarf hann að greiða 861 þúsund krónur í sakarkostnað.



Á EGILSSTÖÐUM Dómurinn var kveðinn upp í Héraðsdómi Austurlands á Egilsstöðum. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

## Tillögurnar byggðar á erlendri fyrirmynd

Hagfræðingar við HÍ og stjórnarandstöðupingmaður tengja fyrirhugaðar breytingar á Seðlabanka við sölu á eign ríkisins í viðskiptabönkunum. Formaður nefndar um skipulag Seðlabankans segir algengt erlendis að hafa fleiri en einn bankastjóra.

**EFNAHAGSMÁL** Í Seðlabanka Evrópu og seðlabönkum Norðurlandanna starfa fleiri en einn seðlabankastjóri, að sögn Þráins Eggertssonar, formanns sérfræðinefndar um heildarendurskoðun laga um Seðlabanka Íslands. Þannig svarar hann gagnrýni hagfræðinganna Guðrúnar Johnsen og Þórólfs Matthíassonar sem birtist í Fréttablaðinu í gær.

Í tillögum sérfræðinefndarinnar er gert ráð fyrir að seðlabankastjórn sé fjölgað úr einum í þrjá.

Þau Guðrún og Þórólfur segja aftur á móti að fátítt sé að fyrirtækjum eða stofnunum sé stjórnað af mörgum forstöðumönnum eða forstjórum. „Leikjafræðin kennir að ef þrír eða fleiri aðilar taka ákvörðun getur hver og einn skýlt sér á bak við þá staðreynd að atkvæði þeirra ráði líklega ekki úrslitum og ábyrgð þeirra í samræmi við það,“ segja þau í greininni.

„Þau þurfa ekki að gera neitt annað þessi tvö en að fara á netið og skoða hvernig Seðlabanki Evrópu og seðlabankar Norðurlandanna eru skipulagðir,“ segir Þráinn í samtali við Fréttablaðið. Hann bendir á að þessu fyrirkomulagi sé lýst í greinargerð með frumvarpi sem sérfræðinefndin vann. Þráinn bendir til að mynda á að í Noregi sé sjö manna bankastjórn og bankaráð eins og á Íslandi sem fimmtán manns sitji í.

Þráinn segir að í Seðlabanka Evrópu starfi bankastjórn sem sé skipuð níttján seðlabankastjórum evruríkjana auk fimm annarra, þar á meðal aðalseðlabankastjóra. „Þeir koma saman og taka allar ákvarðanir tvisvar í mánuði. Svo er fimm manna ráð sem stjórnar á



TIL SKOÐUNAR Tillögur nefndar Þráins Eggertssonar eru til skoðunar í fjármála- og efnahagsráðuneytinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR



„Fyrst þurfa þeir vitaskuld að ná pólitískum tókum á Seðlabankanum. Þess vegna á að fjölga bankastjórunum, síðan skipta þeir nýju stöðunum á milli sín, þjarma að Má Guðmundssyni, og ráða síðan öllu um hvernig bankarnir verða seldir.“

Össur Skarphéðinsson, þingmaður Samfylkingarinnar.

milli þessara funda og seðlabankastjórnin kemur fram fyrir hönd þessara aðila,“ segir Þráinn.

Í grein sinni segja þau Guðrún og Þórólfur að vegið sé að sjálfstæði Seðlabankans með fjölgun seðlabankastjóra. Velta þau því fyrir sér hvort þessi breyting tengist því að skipan þriggja seðlabankastjóra eigi að tryggja það að eignarhlutir ríkisins í viðskiptabönkunum

„falli í réttar hendur“ eins og þau orða það.

Össur Skarphéðinsson þingmaður Samfylkingarinnar, hefur einnig áhyggjur af því að pólitísk ítök í Seðlabankanum kunni að aukast. Hann tengir fyrirhugaðar breytingar á honum við hugmyndir fjármálaráðherra um að leggja niður Bankasýslu ríkisins.

jonhakon@frettabladid.is

Lyfjagreiðslunefnd miðar við fjárlög og hafnar umsóknum um S-merkt lyf:

## Engin ný sjúkrahúslyf afgreidd

**HEILBRIGÐISMÁL** Engin ný sjúkrahúslyf hafa verið samþykkt hjá lyfjagreiðslunefnd á þessu ári. Við blasir að engin sjúkrahúslyf, það er leyfisskyld S-merkt lyf, verði samþykkt á árinu nema forsendur breytist, að sögn Guðrúnar I. Gylfadóttur, formanns Lyfjagreiðslunefndar.

„Við verðum að miða við fjárlög. Við tökum meðal annars ákvörðun um leyfisskyldu lyfin út frá verði lyfsins og áætluðum fjölda notenda. Áætlun hjá Sjúkratryggingum getur hins vegar breyst og svigrúm skapast. Það getur verið að möguleikar skapist ef eitthvað dregur úr notkun eldri samþykkrá lyfja eða verð lækkar,“ segir Guðrún.

Í fréttatilkynningu Frumtaka, samtaka framleiðenda frumlyfja,

segir að það sé alvarlegt mál að ekki skuli hafa verið gert ráð fyrir meira svigrúmi til upptöku nýrra leyfisskyldra lyfja við gerð gildandi fjárlaga. Tímabært sé að sjúklingar hér njóti sömu réttinda og meðferðarúræða og almenn-ingur í nágrannalöndunum.

„Ég held að allir hafi lagt áherslu á að innleiðing nýrra lyfja verði með sambærilegum hætti og í viðmiðunarlöndunum. Við vorum í fararbroddi við að innleiða ný lyf en þótt hægt hafi á innleiðingu eftir hrun viljum við og stjórnvöld meina að við þöllum samanburð við þau lönd sem við viljum bera okkur saman við,“ segir Steingrímur Ari Arason, forstjóri Sjúkratrygginga Íslands.

Hann segir ekki verið að skera niður fjárveitingar til S-merktra



Við tökum meðal annars ákvörðun um leyfisskyldu lyfin út frá verði lyfsins og áætluðum fjölda notenda.

Guðrún I. Gylfadóttir, formaður Lyfjagreiðslunefndar.

lyfja, heldur sé verið að hemja kostnaðaraukningu milli ára. „Það er mikilvægt að fyrir liggja upplýsingar um viðbótargagnsemi nýrra lyfja og hvort menn séu búnir að þurrausa alla möguleika til að ná kostnaði niður vegna þeirra lyfja sem þegar eru í notkun.“

- ibs



# F&F

Skyrtur  
**Verð frá  
2.750 kr.**



**NÝ GLÆSILEG VERSLUN  
FURUVÖLLUM AKUREYRI**



## Ævintýri í Istanbul

1. - 5. október



Verð frá **232.900 kr.\***  
og 12.500 Vildarpunktur

\*Verð án Vildarpunkta 242.900 kr.  
Á mann í tvíbýli. Innifalið er flug, gisting með morgunverði í 4 nætur, skoðunarferðir, 2 hádegisverðir og 1 kvöldverður.

Fararstjóri er Þórhallur Heiðsson



Flugið með Icelandair



Skráðu þig  
í netklúbbinn - VITA.is  
VITA - Skógarhlíð 12 - Sími 570 4444



VITA er lífið



**NICK CLEGG** Leiðtogi Frjálslynda flokksins virðist ekki ætla að ríða feittum hesti frá kosningunum, eftir eitt kjörtímabil í stjórn með Íhaldsflokki Davids Cameron.

NORDICPHOTOS/AFP



**LEIÐTOGAR ÍHALDSFLOKKSINS** David Cameron forsætisráðherra og George Osborne fjármálaráðherra virðast eiga afar takmarkaða möguleika á því að halda ráðherrasætum sínum eftir kosningarnar.

# Mjótt á mununum

Tæpur mánuður er nú til þingkosninga í Bretlandi. Hvorki Íhaldsflokkurinn né Verkamannaflokkurinn virðast eiga minnstu möguleika á hreinum meirihluta.

**BRETLAND** Allt bendir til þess að minnihlutastjórn verði áfram við völd í Bretlandi á næsta kjörtímabili, annað kjörtímabilið í röð. Íhaldsflokkur Davids Cameron virðist þó ekki líklegur til að vera í forystu áfram, en Verkamannaflokkurinn er ekki mikið betur staddur.

Þar munar ekki síst um að fylgi Verkamannaflokksins í Skotlandi er hrúnið, með þeim afleiðing-

um að Nicola Sturgeon, leiðtogi Skotska þjóðarflokksins, gæti komist í lykilstöðu við stjórnarmyndun eftir kosningar.

Nærri helmingur Skota segist ætla að kjósa flokk hennar, en aðeins 25 prósent Verkamannaflokkinn, sem er snautlegt miðað við yfirburðastöðu Verkamannaflokksins í Skotlandi allt fram á síðustu mánuði.

Hún hefur hins vegar harðlega

gagnrýnt áform Eds Miliband um frekari niðurskurð, einkum á heilbrigðisþjónustu og heitir kjósendum því að tryggja að ekkert verði úr þeim áformum verði hún kölluð til liðsinnis við stjórnarmyndun.

Bretar virðast svo almennt ekkert sérlega spennir fyrir loforði Camerons um að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu á fyrri helmingi næsta kjörtímabils um úrsögn Bretlands úr Evrópusambandinu.

SIMPLY CLEVER



Eyðsla frá  
3,8 l/100 km



CO<sub>2</sub> frá  
99g/km



ÖRYGGI  
★★★★★  
5 stjörnur í árekstrarprófi EuroNcap

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is  
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði





## Vinnustaðanámssjóður

### Umsóknarfrestur til 11. maí

Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr vinnustaðanámssjóði.

Sjóðurinn veitir styrki til fyrirtækja og stofnana vegna vinnustaðanáms og starfsþjálfunar sem er skilgreindur hluti af starfsnámi skv. aðalnámskrá framhaldsskóla.

**Umsóknarfrestur er til 11. maí 2015, kl. 17:00.**

Markmið sjóðsins er að hvetja fyrirtæki og stofnanir til þess að taka við nemendum sem stunda vinnustaðanám sem hluta af námi á framhaldsskólastigi og gera þeim kleift að ljúka tilskildu vinnustaðanámi.

**Umsóknargögn er að finna á [www.rannis.is](http://www.rannis.is).  
Umsóknum skal skila á rafrænu formi.**

Nánari upplýsingar veitir  
Hulda Hrafnkelsdóttir, sími 515 5800,  
[hulda.hrafnkelsdottir@rannis.is](mailto:hulda.hrafnkelsdottir@rannis.is)



PHOTSKÖGUR gráskólinn



**LEIÐTOGAR VERKAMANNAFLOKKSINS** Ed Miliband, hægra megin á myndinni, ásamt Jim Murphy, leiðtoga flokksins í Skotlandi þar sem hið sterka vígi virðist fallið.



**VINSÆL Í SKOTLANDI** Nicola Sturgeon tók við af Alex Salmond sem leiðtogi Skoska þjóðarflokksins eftir þjóðaratkvæðagreiðsluna síðasta haust, þar sem Skotar höfnuðu sjálfstæði.


**25%** Skota segjast ætla að kjósa Verkamannaflokkinn sem er hrun í fylgi flokksins í Skotlandi. Nærri helmingur kjósenda þar segist kjósa Skoska þjóðarflokkinn.

Að minnsta kosti er þetta loforð ekki að tryggja Íhaldsflokknum neitt stórfylgi.

Þessu lofaði hann í ræðu sinni í janúar árið 2013, en fyrst ætlaði hann að semja við Evrópusambandið um breytingar á aðildarskilyrðum Bretlands. Síðan verði þessi nýi samningur borinn undir kjósendur í Bretlandi, og verði honum hafnað þá þýði það brottgöngu úr ESB.

[gudsteinn@frettabladid.is](mailto:gudsteinn@frettabladid.is)

### Fylgi bresku flokkanna



ŠKODA



# SKEMMTILEGUR Á ALLA VEGU

Nýr SKODA Octavia frá 3.740.000 kr.

Íslendingar elska Skoda enda eru vandfundnari bílar sem henta íslenskum fjölskyldum betur. Þeir eru einstaklega rúmgóðir, sparneytnir, öruggir og endingargóðir og þess vegna sérlega vinsælir í endursölu. **Komdu og prófaðu skemmtilega Skoda hjá okkur í HEKLU í dag milli kl. 12 og 16.**

[www.skoda.is](http://www.skoda.is)



Frá kr. **72.900****21**  
EYRIRFlugsæti  
frá kr. **49.900**

1. maí í 4 nætur

# Búdapest

Búdapest stendur á einstökum stað við Dóná sem skiptir henni í tvennt: annarsvegar er Búda, eldri hluti borgarinnar, sem stendur í hlíð vestan árinna og hinsvegar Pest, nýrri hluti borgarinnar.

Í Búda eru margar stórfenglegar byggingar, listaverk og sögulegar minjar. Má þar nefna Kastalahverfið, sem gnæfir yfir borgina, hina stórfenglegu Matthíasarkirkju, rústir Aquincum, hinnar fornu borgar Rómverja, hellana og Gellért-hæðina með hinni 14 metra háu frelsisstyttu. Frá henni er frábært útsýni yfir Pest sem byggð er á sléttunni austan megin árinna. Í Pest er verslunarhverfið, leikhúsin og óperan. Þar blómstrar menningarlífið en alla daga má velja um fjölda leiksýninga, tónleika og listsýninga.

Það er gott og hagstætt að versla í Búdapest, hvort sem þú leitar að fatnaði, listmunum, málverkum, leirlist, antik, skófátnaði eða postulíni. Í Búdapest finnur þú dásamlega veitingastaði af gamla skólanum með dæmigerðri ungverskri matargerðarlist, sem er ómissandi að prófa, innan um nýja spennandi staði í hæsta gæðaflokki. Hér er hægt að lifa í veislu í mat og drykk á mjög hagstæðu verði.

## Novotel Centrum

Frábært verð

Frá kr. **77.900**

Netverð á mann frá kr. 77.900 m.v. 2 í herbergi m/morgunmat



## Aquincum Hotel

Frábært verð

Frá kr. **75.900**

Netverð á mann frá kr. 75.900 m.v. 2 í herbergi m/morgunmat



## NH Hotel

Frábært verð

Frá kr. **73.900**

Netverð á mann frá kr. 73.900 m.v. 2 í herbergi m/morgunmat



## Mercure Korona

Frábært verð

Frá kr. **72.900**

Netverð á mann frá kr. 72.900 m.v. 2 í herbergi m/morgunmat



# Allt að 140 prósentu verðmunur á þjónustu við dekkjaskipti í nýrri könnun: Uppblásið verð á dekkjaskiptum

**NEYTENDAMÁL** Dekkjaverkstæðið Titancar reyndist alltaf vera með lægsta verðið á dekkjaskiptum í nýrri könnun sem verðlags-efirlit ASÍ framkvæmdi nýlega. Gúmmivinnustofan SP dekk var oftast dýrust. Verð var kannað hjá 21 hjólbarðaverkstæði.

Mestur var verðmunurinn á dekkjaskiptum á jeppa með 17 tommu álfelgum. Lægst var verðið hjá Titancar, 5.500 krónur, en hæst hjá Gúmmivinnustofunni SP dekk, eða 13.197 krónur. Það

gerir verðmun upp á 7.967 krónur eða 140 prósent.

Minnstur var verðmunurinn á dekkjaskiptum fyrir meðalbíl á 16 tommu stálfelgum, eða 60 prósent. Sem fyrr var verðið lægst hjá Titancar, 4.500 krónur, en dýrast á Gúmmivinnustofunni SP dekk, 7.195 krónur.

Loks var 103 prósentu verðmunur á dekkjaskiptum fyrir smábíl á 14 tommu álfelgum, ódýrast hjá Titancar eða 4.000 krónur.



**DEKKJASKIPTI** Mikill munur er á verði eftir fyrirtækjum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Óttast að Þingvellir fari illa næstu vikur

Þjóðgarðsvörður óttast að ferðamannastraumur næstu vikna gangi nærri gróðri í Þjóðgarðinum. Gróður er viðkvæmur eftir erfiðan vetur á sama tíma og straumur ferðafólks hefur stóraukist á þessum árstíma. Búist er við yfir 700.000 gestum í ár.

**FERÐAÞJÓNUSTA** Þjóðgarðsvörður hefur sérstakar áhyggjur af umferð ferðamanna á Þingvöllum á næstu vikum sökum þess hversu viðkvæmur gróðurinn er eftir erfiðan vetur.

„Við búumst við 20 til 25% fjölgun ferðamanna hjá okkur. Við erum að undirbúa okkur til að taka við þessum fjölda með lengri opnunartíma í Hakinu og sama á við um salernisástöðu. Við höfum fjölgað landvörðum og höfum ráðið verkataka í þríf svo okkar starfsfólk nýtt betur í annað. Öryggisáætlanir hafa verið styrktar í samráði við lögreglu og aðra til þess bæra aðila. Við höfum afmarkað stíga betur og munum sennilega opna bráðabirgðabílastæðin frá hátíðinni 1974,“ segir Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður spurður um undirbúning fyrir ferðamannastraum ársins sem á sér engar hliðstæður gangi spár eftir.

Áætlað er að árið 2014 hafi tæplega 600 þúsund gestir komið til Þingvalla en það er tvöföldun á aðeins fjórum árum. Talið er að um 38% komi í hópferðum en 42% á eigin vegum. Af hópferðamönnum eru um 68 þúsund farþegar skemmtiferðaskipa á dagsferð um Suðurland.

Ólafur telur að starfsmenn þjóðgarðsins hafi því aldrei verið eins vel undirbúnir fyrir komur ferðamanna „miðað við það sem úr er að spila enda verið gerðar miklar úrbætur á síðustu árum sem hafa breytt miklu.“ Ólafur bætir við að



**Á HAKINU** í febrúar var strax mikil umferð ferðamanna á Þingvöllum. MYND/BERGLIND SIGMUNDSDÓTTIR

## → Fjölgun ferðamanna knýr endurskoðun

Endurskoðun stefnumótunar fyrir þjóðgarðinn til 2030 stendur nú yfir. Viðfangsefnið er umferð og flæði ferðamanna, sjálfbærni og öryggi innan þjóðgarðsins. Helstu breytingar frá stefnumörkun frá árinu 2004 felast í því að fjöldi ferðamanna hefur stóraukist, meira álag er á land þjóðgarðsins og ferðavenjur fólks hafa breyst.

afrakstur þjónustu á staðnum skili tekjum sem skipta máli við uppbyggingu og undirbúning.

„En okkar stærsta áhyggjuefni er vorið áður en svörðurinn er gróinn. Núna er hann vatnsósa og viðkvæmur og við þessar aðstæður verða mestu skemmdirnar. Í svona árferði þarf ekki marga færur til að valda miklum spjöllum,“ segir Ólafur og bætir við að með einföldum aðgerðum, eins og að afmarka göngustíga með köðlum, takist að stýra umferðinni að mestu. En óvíst sé hvort það dugar til. Ólafur tekur undir að ef illa fer í vor dugi jafnvel sumarið ekki til þess að laga þau svæði sem vinsælust eru.



„En okkar stærsta áhyggjuefni er vorið áður en svörðurinn er gróinn. Núna er hann

vatnsósa og viðkvæmur og við þessar aðstæður verða mestu skemmdirnar.

Ólafur Örn Haraldsson, þjóðgarðsvörður



OPNI HÁSKÓLINN  
Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK

## COMMUNICATION STRATEGIES

Vinnustofa með Tim Harkness, sálfræðingi fótboltaliðsins Chelsea.

Vinnustofa fyrir þá sem vilja takast á við áskoranir í samskiptum.

Staður: Opni Háskólinn í HR

Stund: Föstudagur 17. apríl kl 13-17

Nánari upplýsingar: [hr.is/opnihaskolinn/communication-strategies](http://hr.is/opnihaskolinn/communication-strategies)





# NÝR MAZDA CX-5 AWD KOMDU Á FRUMSÝNINGU Í DAG



MAZDA CX-5 AWD FRÁ 5.490.000 KR.

**SKYACTIV**  
TECHNOLOGY



Nýr Mazda CX-5 AWD jappinn sannar enn og aftur að hönnuðir Mazda hugsa öðruvísi og ögra því hefðbundna. Með byltingarkenndri SkyActiv spartækni hefur Mazda náð fádæma árangri í að draga úr eyðslu og mengun án þess að fórnna afli. Nýtt efnisval í innréttingu og betri hljóðeinangrun stuðla að enn meiri þægindum. Ný kynslóð AWD fjórhjóladrifs og framúrskarandi aksturseiginleikar veita þér frelsi. Mazda CX-5 AWD gerir daginn ánægjulegri.

Mazda CX-5 AWD hlaut fullt hús stiga í öryggisprófunum Euro NCAP og er því einn öruggasti bíll í heimi. Nýju LED aðlögunarhæfu framljósinn veita meiri birtu, auka öryggi, draga úr eyðslu og gefa bílnum skarpura útlit. Nýtt hraðvirkt margmiðlunarkerfi býður uppá GPS vegaleiðsögn, handfrjálstan búnað fyrir farsíma og aðra fjölbreytta möguleika.

**Reynsluaktu Mazda CX-5 AWD**  
Komdu á frumsýningu í dag milli kl. 12 og 16

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16.  
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | [mazda.is](http://mazda.is)  
Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

10 ÁRA AFMÆLI  
MAZDA hjá Brimborg

**brimborg**

Öruggur staður til að vera á



## Áhrif fyrirhugaðs verkfalls ná til matvælaframleiðslu: Matvælaeftirlit gæti fallið niður

**KJARAMÁL** Matvælastofnun er ein af þeim stofnunum sem boðaðar verkfallsaðgerðir BHM ná til.

Aðildarfélag BHM boðuðu til allsherjarvinnustöðvanna í gær en síðan hefst ótímabundið verkfall dýralækna, líffræðinga og matvæla- og næringarfræðinga hjá Matvælastofnun þann 20. apríl hafi ekki samist fyrir þann tíma.

Verkfallið er sagt munu hafa víðtæk áhrif. Til dæmis verði allt eftirlit í sláturhúsum lagt niður og með innflutningi á lifandi dýrum og dýrafurðum. Þá fellur niður eftirlit í matvælafyrirtækjum sem framleiða búfjárafurðir og hætt verður þjónustu við heilbrigðiseftirlit.



**EKKERT EFTIR-LIT** Verkfall hefur víðtæk áhrif á matvæla-iðnað.

FRÉTTA-  
BLAÐIÐ/GVA

- kbg

### Hver á skilið að fá náttúru- og umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs 2015?

Auglýst er eftir tilnefningum til náttúru- og umhverfisverðlauna Norðurlandaráðs. Öllum er frjálst að skila inn tilnefningum fyrir 13. apríl 2015. Verðlaunin verða veitt fyrirtæki, samtökum eða einstaklingi sem stuðlað hefur að minnkandi losun gróðurhúsalofttegunda á Norðurlöndum.

Nánari upplýsingar á [norden.org](http://norden.org)




## Páskahelgin í löndum rétttrúnaðarkirkjunnar



Í **KÆNUGARÐI** Gestir og gangandi gáfu sér í gær tíma til að stoppa við St. Sophia-dómkirkjuna í Kænugarði í Úkraínu til að virða fyrir sér handmálúð páskaegg sem þar var búið að stilla út til sýnis. Víða um borgina mátti sjá merki páskaundirbúnings, en í gær var föstudagurinn langi haldinn hátíðlegur í löndum rétttrúnaðarkirkjunnar. Á morgun er svo páskadagur. Rétttrúnaðarkirkjan heldur páska hátíðlega viku á eftir kaþólskum kirkjum og kirkjum mótmælenda.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Auglýsingatækifæri  
á Keflavíkurlugvelli

# Sex vel séðir möguleikar til að auglýsa

**Isavia leitar tilboða í leigu á auglýsingasvæðum á sex landgöngubrúum í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.**

Um er að ræða merkingar bæði innan og utan á landgöngubrúnum.

Samningstíminn er tvö ár.

Óskað er eftir heildartilboði í öll auglýsingasvæðin.

Nánari upplýsingar er að finna í tilboðsgögnum á:

**[www.kefairport.is/auglysingar](http://www.kefairport.is/auglysingar)**

Tilboðsfrestur er til og með **27. apríl 2015.**





[www.nissan.is](http://www.nissan.is)



Innovation  
that excites

# NISSAN MURANO

GLÆSILEGUR FJÓRHJÓLADRIFINN EÐALJEPPI HLAÐINN LÚXUSBÚNAÐI

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16



**Staðalbúnaður í Acenta** útfærslu er meðal annars leðuráklæði á sætum og innréttingu, rafdrifin fram- og aftursæti, lykillaust aðgengi, fullkomin bakk- og hliðarmyndavél, 18" álfelgur, 7" snertiskjár, hjómkerfi með 6 hátölurum, Bluetooth fyrir farsíma og afspilun tónlistar og margt fleira.

**Aukalega í Tekna útfærslu** má nefna 20" álfelgur, rafdrifna sóllúgu, minnisstillingar fyrir sæti, spegla og stýrishjól vistaðar í bílyklum, rafdrifna opnun á afturhlera og glæsilegt BOSE hjómkerfi með 11 hátölurum.

## NISSAN MURANO

DÍSIL, SJÁLFSKIPTUR, FJÓRHJÓLADRIFINN

**VERÐ FRÁ 7.990.000 KR.**



GE bílar  
Reykjanesbæ  
[www.gebilar.is](http://www.gebilar.is)  
420 0400

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
[www.bilas.is](http://www.bilas.is)  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
[www.bilak.is](http://www.bilak.is)  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
[www.bva.is](http://www.bva.is)  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
[www.ib.is](http://www.ib.is)  
480 8080

BL ehf  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / [www.bl.is](http://www.bl.is)

BL



# HELGARS

bodum®

ÖLL SMÁVARA FRÁ BODUM  
Á HELGARSPENNGJUVERÐI



bodum®  
**30%**  
AFSLÁTTUR



## CALYPSO STILLANLEGIR SÓFAR



CALYPSO  
STILLANLEGIR  
**30%**  
AFSLÁTTUR



2ja sæta sófi  
**104.993**  
FULLT VERÐ: 149.990

3ja sæta sófi  
**132.993**  
FULLT VERÐ: 189.990

Stærð 2ja sæta:  
140 x 88 H: 95 cm.

Stærð 3ja sæta:  
190 x 88 H: 95 cm.

Brúnt slitsterkt  
microfiber áklæði

## ARIZONA STILLANLEGIR HORNSÓAR

Brúnt og grátt slitsterkt microfiber áklæði.

**279.993**  
FULLT VERÐ: 399.990



ARIZONA  
STILLANLEGIR  
**30%**  
AFSLÁTTUR

L A Z B O Y®



LZB  
SÝNINGAR-  
EINTÖK ALLT AÐ  
**50%**  
AFSLÁTTUR



# PRENGJA

## PASO DOBLE – TUNGUSÓFI



PASO DOBLE  
TUNGUSÓFI  
**30%**  
AFSLÁTTUR

Stærð: 305 x 100/152 H: 80cm.  
Slitsterkt áklæði dökkgrár og brúnn.

**279.993**  
FULLTVERÐ: 369.990

## KATO HORNSÓFI MEÐ TUNGU

HJORT  
KNUDSEN



**199.990**  
FULLT VERÐ: 349.990

Stærð: 298 x 230/160 H 88 cm.  
Slitsterkt dökkgrátt áklæði. Hægri og  
vinstri tunga. Höfuðpúðar ekki innfaldir í verði.

KATO  
HORNSÓFI  
**40%**  
AFSLÁTTUR

## VERONA SVEFNSÓFI – CLICK CLACK



**59.950**  
FULLT VERÐ: 119.900

Grábrúnt, slitsterkt áklæði.  
Stærð: 200 x 94 hæð: 40 cm.  
Svefnflötur: 140x200 cm.

VERONA  
SVEFNSÓFI  
**50%**  
AFSLÁTTUR

ANDREW  
Borðstofustóll  
Svart og brúnt leður

**13.990**  
FULLTVERÐ: 19.990



ANDREW  
**30%**  
AFSLÁTTUR

## NÝIR OG ÖÐRUVÍSI STÓLAR

### CORPUS BORÐSTOFUSTÓLL



Svart PU-leður  
og viðarfætur

**24.990**

FULLTVERÐ: 29.990

### GALAXY BORÐSTOFUSTÓLL



**19.990**

FULLTVERÐ: 24.990

Svart PU-leður og viðarfætur

### MINO HÆGINDASTÓLL



**44.990**

FULLTVERÐ: 54.990

Svart PU-leður og viðarfætur

## MEDLEY SJÓNVARPSBORD



**114.995**  
FULLT VERÐ: 229.900

Hvítuð eik – góð hirsla.  
Stærð: 200x45 H:58 cm

MEDLEY  
SJÓNVARPSB.  
**50%**  
AFSLÁTTUR



**HÚSGAGNAHÖLLIN**

REYKJAVÍK | AKUREYRI



## Galaxy S6 er mættur!

Sá allra flottasti frá Samsung er kominn í verslanir Vodafone í flötu útgáfunni, svartur og hvítur. Kaupu þinn síma hjá okkur og fáðu boðsmíða á glæsilegt VIP S6 kvöld.

Komdu í verslun okkar og sjáðu símann sem allir eru að tala um!

**Vodafone**

Góð samskipti bæta lífið



Prófaðu hið ótrúlega Samsung Gear VR sýndarveruleikataeki í Kringlunni í dag



Verð frá **124.990 kr.** staðgreitt

SAMSUNG  
Galaxy S6

# Tískusveiflur ráða fíkniefnaneyslunni

Tískusveiflur geta valdið því að lagt er hald á minna magn harðra fíkniefna á landinu. Aðstoðaryfirlögregluþjónn segir áherslur lögreglu líka geta ráðið því hversu mikið magn er haldlagt. Mikið magn var haldlagt á föstudaginn langa.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir

kristjanabjorg@frettabladid.is



**SAKAMÁL** Aldís Hilmarsdóttir aðstoðaryfirlögregluþjónn segir erfitt að svara til um það hvers vegna minna er tekið af amfetamíni og kókaíni nú en síðustu ár. Fréttablaðið hefur síðustu daga greint frá því að minna er tekið af sterkum fíkniefnum en áður hefur þekkt.

„Þegar tölur eru skoðaðar yfir lengri tíma má sjá að almennt eru miklar sveiflur í því magni efna sem tekið er á hverjum tíma. Þarna hafa tískusveiflur nokkur áhrif en einnig áherslur í lög-gæslu á hverjum tíma. Þannig er alla jafna minna tekið af efnum ef áhersla er lögð á svokölluð götumál en ef áhersla er meiri á innflutning, eða framleiðslu fíkniefna.“

Aðspurð hvort minna haldlagt efni þýði að efni séu framleidd hér heima segir hún það ekki þurfa að vera svo. „Ekkert endilega, þar sem áhersla er einnig á að finna framleiðslu jafnt sem innflutning. Vera má hins vegar að tískusveiflur í átt til aukinnar kannabisneyslu hafi aukið á framleiðslu þessara efna hér á landi á sama tíma og erfiðara varð að fjármagna efni erlendis frá.“

Á sama tíma og minna er tekið af harðari fíkniefnum er þeim mun meira tekið af marjúúana og kannabis. Aldís segir ekki ólíklegt að neyslan hér á landi sé að aukast líkt og í Evrópu. „Fram hefur komið hjá Europol að kannabisneysla er almennt að aukast í Evrópu og ekki ólíklegt að slíkt hið sama eigi við hér á landi. Erfitt er hins vegar að meta þetta út frá gögnum.“


Áhrif stórra mála eru gríðarleg á haldlagningartölur og þar af leiðandi eru sveiflur miklar og því erfitt að túlka gögn til skemmri tíma að sögn Aldísar. Nú er í gangi viðamikil rannsókn sem hún vill lítið gefa uppi um, en á dögnum lagði lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hald á tæpt kíló af sterkum fíkniefnum í umfangsmiklum aðgerðum. Um var að ræða um 650 grömm af amfetamíni og 250 grömm af ecstasy (MDMA). Leitað var í fimm húsum á höfuðborgarsvæð-



**MINNI FJÁR-RÁÐ – MEIRA KANNABIS** Aldís Hilmarsdóttir segir tískusveiflur í neyslu geta ráðið því hversu lítið er haldlagt af sterkum fíkniefnum eftir hrun. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

„Vera má hins vegar að tískusveiflur í átt til aukinnar kannabisneyslu hafi aukið á framleiðslu þessara efna hér á landi á sama tíma og erfiðara varð að fjármagna efni erlendis frá.“

## Algjört met í marjúúana



Leit að marjúúana virðist ganga vel hjá lögreglu og þá sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu þar sem hún náði á síðasta ári 56,2 kílóum. Það er metmagn í áraradír. Svo virðist sem marjúúananeysla landans sé að aukast allverulega.

inu vegna málsins, en auk fíkniefna var lagt hald á fjármuni sem grunur leikur á að séu tilkomnir vegna fíkniefnasölu. Þá tók lögreglan einnig í sína vörslu ríffil með hljóðdeyfi, en vopnið fannst í fyrrnefndum aðgerðum. Tveir karlar, annar á fertugsaldri og hinn á fimmtugsaldri, voru hand-

teknir í þágu rannsóknarinnar, en þeir hafa áður komið við sögu hjá lögreglu. Við aðgerðirnar naut lögreglan á höfuðborgarsvæðinu aðstoðar sérsveitar ríkislögreglustjóra og fíkniefnaleitarhunds frá tollinum. Rannsókn málsins hefur staðið yfir í nokkurn tíma og er henni ekki lokið.

Undragóð blanda við bólgu og meiðslum

**20% AFSLÁTTUR** á flestum sölustöðum

natures aid  
Ginger, Turmeric & Bromelain  
3-in-1 Botanical Formula

Fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum verslana.



**Í LEIFSTÖÐ** Konurnar tvær sem handteknar voru á Keflavíkurflugvelli eru um tvítugt önnur og fertugt hin. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## → Gripnar með 20 kíló í tollinum í Leifstöð

Hollenskar mæðgur voru gripnar með tæp 20 kíló af fíkniefnum í töskum sínum í tollinum á Keflavíkurflugvelli á föstudaginn langa. Um er að ræða amfetamín, kókaín og MDMA, sem tollverðir fundu í ferðatöskum þeirra. Málið er eitt stærsta fíkniefnamál sem hér hefur lengi komið upp.

Mæðgurnar komu til landsins með flugi frá Amsterdam og áttu pantað flugfar til baka á mánudagsmorgun. Eftir að lögreglan á Suðurnesjum hafði handtekið þær handtók lögreglan á höfuðborgarsvæðinu íslenskan karlmann vegna málsins og sætir hann einnig gæsluvarðhaldi. Fólkið verður í gæsluvarðhaldi fram á miðvikdag, 15. apríl.

Í tilkynningu frá lögreglu segir að málið hafi verið unnið í náinni samvinnu Tollstjóra, lögreglustjóranna á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu og tengslaskrifstofu Íslands hjá Europol. Talið er að mæðgurnar séu burðardýr. Lögregla segir móðurina nálægt fertugu og dótturina um tvítugt.





## VARST ÞÚ Í HÁSKÓLABRÚ KEILIS?

# STÓLPINN 2015

Yfir 1.200 manns hafa útskrifast af Háskólabrú Keilis og myndað sterk bönd í gegnum fjölbreytilegt og nýstárlegt nám. Nú efna fyrrum nemendur og Háskólabrú Keilis til fagnaðar, sem haldinn verður ár hvert, til að efla tengslin.

Komið og fagnið með okkur, hittið gamla vini og kynnist nýjum.

**17. APRÍL**

**KL: 17<sup>00</sup> - 20<sup>00</sup>**

### DAGSKRÁ STÓLPANS:

Kenneth Máni flytur erindi um gildi menntunar.

Valdimar leikur nokkur vel valin lög.

Boðið verður upp á léttar veitingar.

Nánari upplýsingar um Stólpinn og skráning á [haskolabru.is/stolpinn](http://haskolabru.is/stolpinn)

Ef þú ert hvorki fyrrum né núverandi nemandi Keilis þá hvetjum við þig til að kynna þér námsframboð okkar á [Keilir.net](http://Keilir.net)



**Keilir**  
Háskólabrú



Umhugsunarverð viðbrögð:

## Dagblað segir fréttir

**F**réttablaðið hefur undanfarnar vikur sagt fréttir af dómsmálum sem rót eiga að rekja til bankahrunsins. Þar er um mikilvæg mál að ræða sem snúast öðrum þræði um merkilegt tímabil í Íslandssögunni.

Það væri undir eðlilegum kringumstæðum ekki sérstakt tilefni til leiðarskrifa að dagblað hefði sagt fréttir. En viðbrögðin gefa tilefnið.

Fyrri fréttin sem hér er vísað í lýtur að ásökunum héraðsdómara um að sérstakur saksóknari hafi logið til um að hafa ekki vitað að Sverrir Ólafsson, meðdómandi í Aurum-málinu svokallaða, hafi verið bróðir Ólafs Ólafssonar, eins ákærðu og síðar dæmdu í Al Thani-málinu. Saksóknarinn hefur nú gert kröfu um að héraðsdómurinn verði ógiltur á grundvelli vanhæfis Sverris.

Það er einsdæmi í íslenski réttarsögu að sitjandi dómari tjái sig með þessum hætti, og raunar muna reyndustu menn ekki eftir viðlíka ásökunum á hendur handhafa ákærvalds.

Er það ekki frétt?

Síðari fréttin var unnin upp úr grein Ingibjargar Kristjánsdóttur, eiginkonu Ólafs Ólafssonar, þar sem hún segir að símtal, sem er ein forsendna sakkfellingar Ólafs í Hæstarétti, hafi alls ekki verið við Ólaf Ólafsson, heldur allt annan „Óla“.

Fréttablaðið tók enga afstöðu í þessu máli, frekar en öðrum, heldur vann frétt upp úr grein Ingibjargar, og reyndi eftir megni að afla gagna um hvort ávirðingar hennar væru á rökum reistar. Svo reyndist vera.

Er það ekki frétt?

Einhver spurði hvort það væri réttarmorð að dæma bankamenn í fangelsi.

Svarið við því er: Það fer eftir ýmsu.

Ef farið er að leikreglum og vandað til verka þá er það auðvitað ekki réttarmorð.

Fjölmíðlum ber skylda til að segja frá því þegar málsmeðferð eða framgöngu valdhafa í opinberum málum er ábótavant. Þess vegna er það frétt þegar héraðsdómari sakar saksóknara um lygar, og þegar í ljós kemur að Hæstiréttur hefur farið mannavillt.

Í slíkum frásögnum felast engar ásakanir um réttarmorð. Fréttablaðið tekur enga afstöðu til þess, heldur gegnir því hlutverki sem fjölmíðlar eiga að gegna. Að segja fréttir og veita handhöfum opinbers valds aðhald. Aðrir geta svo dregið sínar ályktanir.

Sumum er samt að reyna að lesa sérstaka fyrirætlun eða tilgang úr fréttaflutningi. Þá er gjarnan rýnt í fortíð fólks. Hvar hefur það unnið, hverjir eru vinir þess, hvaða flokk kýs það? Morgunblaðið fellur í þessa gryfju. Margur heldur mig sig.

Fréttablaðið getur fullvissað lesendur um að það er ekki á neinni slíkri vegferð. Það segir fréttir, allar fréttir ekki bara sumar, og reynir að hafa þær sannar, hlutlausar og upplýsandi.

Vitaskuld er nauðsynlegt að þeir atburðir sem hér urðu á haustdögum 2008 séu gerðir upp. Dómsmál eru óhjákvæmilegur fylgifiskur. En ekki má falla í þá gryfju að gefa sér niðurstöðuna fyrirfram, heldur verður að láta þær reglur sem samfélagið hefur sett sér skera úr um sekt eða sýknu. Af því má engan afslátt gefa.

Vilmundur Gylfason, fyrrum þingmaður og ráðherra, kallaði fjölmíðla varðhunda lýðræðisins.

Það væri heldur bitlaus varðhundur sem ekki galti, þegar handhöfum opinbers valds verður á í messunni.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG ADALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is ADSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@365.is, Hrunn Þórsdóttir hrunn@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



### Aðalsafnaðarfundur

Fríkirkjunnar í Reykjavík

Verður haldinn í Fríkirkjunni sunnudaginn 19.

apríl kl. 15:15

Dagskrá:

Skýrsla safnaðarráðs.

Skýrsla Forstöðumanns/Fríkirkjuprests.

Reikningar safnaðarins lagðir fram.

Kosning í safnaðarráð og trúnaðarstörf

Önnur mál.

Safnaðarráð Fríkirkjunnar í Reykjavík



### MÍN SKOÐUN: JÓN GNARR

## Blóðmörismi

**M**ér er hugleikin umræðan um hina svokölluðu „íslensku þjóðmenningu“. Því er stundum slegið fram að hitt og þetta sé samofió eða hreinn og beinn hluti af þjóðmenningunni. Því er oft haldið fram með trúna. Og það er alveg rétt. Kristín trú hefur haft gríðarleg áhrif á sögu og menningu íslensku þjóðarinnar. En af yfirlýsingum stjórnmálamanna gæti maður haldið að íslensk menning grundvallast helst á mataræði og hinum ýmsu réttum, aðallega unnum kjötvörum. Hin íslenska þjóðmenning er líka samofin þjóðrembingi og mikilvægi þess að verja okkur fyrir erlendum áhrifum. Sumum finnst okkur stafa mest hættu frá Bandaríkjunum og fussa og sveia yfir öllu sem þeir halda að komi þaðan. Aðrir virðast óttast Evrópu meira og þá sérstaklega Evrópusambandið sem virðist eiga sér þann draum æðstan að sölsa undir sig landið og gera okkur



góður í því, enda fljótlegasta og besta leiðin til að afla sér upplýsinga. Ég ákvað því að ráðast í órlitla könnun og leita mér upplýsinga um nokkra séríslenska rétti. Ég byrjaði á að gúgla sviðna kindahausa og komst að því að menn átu svið í Grikklandi til forna löngu áður en Ísland byggðist. Sviðin eru líka étin í Noregi. Þar heita þau smalehovud. Í Tyrklandi heita þau besbarmaq og eru víða þjóðarréttur. Ekkert íslenskt við það. Sviðin eru frá löndunum fyrir botni Miðjarðarhafs og búrúst hingað í gegnum Noreg. Ég skoðaði líka slátur. Sama sagan

þar. Það er þekktur réttur víða í löndunum fyrir botni Miðjarðarhafs. Frægasta slátrið er líklega hið skoska haggis. Það er svipað og slátrið okkar og er borið fram með kartöflum og rófustöppu. Og þar sem forfeður okkar voru margir frá Norður-Englandi er ekki ólíklegt að þeir hafi borið með sér listina að taka slátur. Við fundum það að minnsta kosti ekki upp.

Rollan hefur verið meginuppi- staðan í mataræði okkar alla tíð. En við erum langt frá því að vera eina fólkið í heiminum sem étur rollur. Við erum ekki einu sinni þau einu sem éta þunginn af hrútum. Það er líka gert í Evrópu. Árlega eru hrúts- þungahátíðir haldnar bæði í Evrópu og Bandaríkjunum. Ég fann þó í gúgglu mínu ekkert um aðra en okkur sem borða súrmat. Íslenskur súrmat virðist því standa undir nafni að vera íslenskur. En gallinn við súrmatinn er að hann er sjaldan í boði og helst bara á þorra.

## Hongeohoe

**Þ**að eru fáir fiskréttir íslenskir. Fiskur er frekar einfaldur í matreiðslu, yfirleitt soðinn í potti eða steiktur á pönnu. Það er ekkert sérstakt við það. Íslendingar byrjuðu líka frekar seint að éta fisk. Hér voru fáir bátar og enn þá færri bryggjur. Saltfiskur virðist eiga uppruna sinn, eins og margt annað, í löndunum fyrir botni Mið-

jarðarhafs. Að salta og þurrka fisk er geymsluaðferð sem þekktist um allan heim. Ekki einu sinni harðfiskurinn er íslenskur. Harðfiskur er forn-kínverskur réttur. Og þeir salta hann ekki bara heldur krydda hann líka. Þetta kom mér ekki á óvart. En ég gapti af undrun þegar ég gúglaði kæsta skótu. Ég hélt að það hlyti að vera sér-

íslenskt fyrirbæri. Ó nei, í Kóreu þykir hún herramannsmatur og kallast hongeohoe. Hingað hefur vinnsluaðferðin líklega borist í gegnum Grænland.

Ef fólk borðar illaþefjandi tindabikkju í Kóreu þá getur það varla talist séríslenskt fyrirbæri. Kórea byggðist mörg þúsund árum á undan Íslandi.

## Fattigman

**Þ**að er ekki hægt að ljúka svona rannsókn á uppruna íslenskra rétta án þess að skoða sæta- braudið. Samkvæmt Google er kleinan þýsk. Orðið er dregið af þýska orðinu klein, sem þýðir lítill. Í Noregi heitir hún fattigman en í Svíþjóð klenäter. Í Danmörku klejne. Þessar útlensku kleinur eru alveg eins í laginu og þessar íslensku. Eini munurinn á evrópsku og íslensku kleinunni er að sú evrópska er yfirleitt sykruhúduð en sú íslenska ekki. Mig langar, í þessu sambandi, að minnast aðeins

á kokteilsósuna sem margir virðast telja að hafi verið fundin upp hér á landi, það hafi verið íslenskir víkingar sem fyrstum datt í hug það snjallræði að hræra saman majónesi og tómatsósu. Það er misskilningur. Kokteilsóstan er ævaforin evrópsk sósa. Júlíus Sesar borðaði líklega mikið af kokteilsósu. Tómatar vaxa villtir í löndunum fyrir botni Miðjarðarhafs en ekki á Íslandi. Tómatósan kom fyrst til Íslands í stríðinu. Það voru breskir hermenn sem hræðu fyrstu kokteilsósuna á Íslandi til að hafa með

steiktum fiski. Við skoðun reynist íslensk matarmenning frekar útlensk. Flest það sem við köllum íslenskt virðist hafa borist til landsins annars staðar frá. Eini rétturinn sem virðist algjörlega íslenskur sýnist mér vera skyr. Flest gott sem hefur komið til landsins virðist hafa borist þaðan frá útlöndum og þá aðallega frá Evrópu. Og það er allt í lagi. Við skyldum því ekki óttast erlend áhrif heldur fagna þeim. Okkur er alveg treystandi til að velja úr það sem gagnast okkur en henda öðru.



# SAMSUNG

## GOTT VERÐ FYRIR KRÖFUHARÐA

### SAMSUNG SMART TV

H6475 LÍNAN

400 CMR skjár /Screen mirroring.  
Upptaka og afspilun á USB  
T2 og S móttakari

32" verð: 119.900.-

40" verð: 139.900.-

48" verð: 169.900.-



### SAMSUNG SMART TV

H6675 LÍNAN

600 CMR skjár  
með Micro dimming  
Upptaka og afspilun á USB  
T2 og S móttakari

48" verð 199.900.-



WW80H7400EW/EE

#### 8 kg Þvottavél

- Kolalaus mótur með 10 ára ábyrgð
- 1400 snúningar
- Ecobubble
- Demantatromla

Verð: 109.900,-



WF70F5E4P4W

#### 7 kg Þvottavél

- Kolalaus mótur með 10 ára ábyrgð
- 1400 snúningar
- Ecobubble
- Demantatromla

Verð: 96.900,-



DV70F5E0HGW

#### 7 kg Þurrkari

- Varmadæla sem sparar orku
- Orkunotkun A+++
- Barkalaus
- Demantatromla

Verð: 139.900,-

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

# ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

# SAMSUNG

## SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900 · samsungsetrid.is

ORMSSON  
KEFLAVÍK  
SÍMI 421 1535

ORMSSON  
PRISTUR-ÍSAFIRÐI  
SÍMI 456 4751

KS  
SAUÐÁRKRÓKI  
SÍMI 455 4500

SR · BYGG  
SIGLUFIRÐI  
SÍMI 467 1559

ORMSSON  
AKUREYRI  
SÍMI 461 5000

ORMSSON  
HÚSAVÍK  
SÍMI 464 1515

ORMSSON  
VÍK-EGILSSTÖÐUM  
SÍMI 471 2038

ORMSSON  
PAN-NESKAUPSTAÐ  
SÍMI 477 1900

ORMSSON  
ÁRVIRKINN-SELFOSSI  
SÍMI 480 1180

GEISLI  
VESTMANNAEYJUM  
SÍMI 481 3333



# HELGIN

**Ragnheiður Ragnarsdóttir**  
leiklistarnemi

**Hvöld fyrir Coachella**

„Ég að fara í skólann á morgun og slappa af í Santa Barbara á sunnudaginn og labba um, fara á Farmers Market og kaupa ferskt grænmeti og ávexti. Ég ætla að slaka vel á um þessa helgi af því að um næstu helgi ætla ég að skella mér á Coachella-útihátíðina hérna í Kaliforníu.“



**Svavar Knútur Kristinsson,**  
tónlistarmaður

**Tónleikar á Skype**

„Í dag ætla ég að bruna upp á Drangnes og spila með vini mínum honum Borkó. Ég ætla að gera mér sérstakt far um að komast á Kaffi Galdur og fá mér kræklinginn. Á morgun mun ég taka þátt í Skype-tónleikum með ítölskum vini mínum.“



**Sigurjón Jónsson, varabæjar-**  
fulltrúi og knattspyrnumógull

**Mið-Ísland og flokksþing**

„Ég mun byrja á því að leggja liðið Hörð frá Ísafirði að velli. Einnig mun ég kíkja með konunni á Mið-Ísland. Svo mun ég að sjálfsgöðu kíkja inn á flokksþing framsóknarmanna sem er í fullum gangi.“



**Anna Rún Tryggvadóttir,**  
myndlistakona.

**Opnar sýningu og út að borða**

Ég er að opna myndlistarsýningu í Listasafni ASÍ á Freyjugötu í dag og fagna því í kvöld með því að fara út að borða. Svo ætla ég að reyna að komast á eins margar sýningar og ég get á Seaquences-hátíðinni.

## FARÐU HLUSTAÐU LESTU HORFÐU...




**Á TÓNLEIKA** með þjóðlagaskotnu poppsveitinni Ylju í Gym & Tonic á morgun klukkan 21.00.



**Á REPEAT-  
ING PATT-  
ERNS,**

nýja plötu Mána Orrasonar, sem hefur getið sér gott orð þrátt fyrir ungan aldur.

**HINA FRUMLEGU  
OG MÖGN-  
UÐU SÖGU UM  
STÚLKUNA** með náðargjafirnar sem er nýkomin út í kilju.



**Á FÚSA Í BÍÓ.** Falleg saga, vel gerð kvikmynd og frábær leikur.



**LESTRARLEIKAR** Það er leikur að lesa í Háskólanum í Reykjavík í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Leikandi lestrarhestar

Nemendur í HR vilja auka áhuga barna á lestri og blása til Orðaleika með fjölbreyttum smiðjum.

**Sandra Guðrún**  
Guðmundsdóttir

Orðaleikarnir verða haldnir í Háskólanum í Reykjavík í dag. Á Orðaleikunum býðst börnum og foreldrum að fara í leiki þar sem áhersla er lögð á lestur og hreyfingu. Bodið verður upp á fjölbreyttar smiðjur með mismundandi áherslum. Meðal annars Andrésarandarsmiðu þar sem börnin hitta þýðanda Andrésar-blaðanna og fá að spreyta sig á að semja texta við

myndasögur um Andrés og félagi. „Hugmyndin að Orðaleikunum kom upp í tengslum við MPM-nám í verkefnastjórnun,“ segir Björn Freyr Ingólfsson, einn aðstandenda leikanna. „Það hefur mikið verið í umræðunni að færni í lestri hjá börnum hafi farið minnkandi, við vildum vekja áhuga krakka og sýna foreldrum fjölbreyttari aðferðir við lestrarkennslu.“

Sérstakir gestir á orðaleikunum eru Ævar Þór Benediktsson, betur þekktur sem Ævar vísindamaður,

og Ólafur Stefánsson, fyrrverandi atvinnumaður í handknattleik. Ævar hefur framleitt barnaefni og staðið fyrir lestrarátaki á landsvísi. Ólafur mun setja leikana en hann hefur verið að vinna að forriti fyrir börn sem er ætlað að auka gleði og skilning þeirra á námsbókum og bókmenntum.

„Við höfðum uppi á fólki sem var að beita öðruvísi aðferðum til að fá krakka til að lesa, allir tóku vel í það og voru tilbúnir til að taka þátt,“ segir Björn Freyr.

„Það hefur mikið verið í umræðunni að færni í lestri hjá börnum hafi farið minnkandi, við vildum vekja áhuga krakka og sýna foreldrum fjölbreyttari aðferðir við lestrarkennslu.“

Björn Freyr Ingólfsson, einn aðstandenda Orðaleikanna.



**EIRVÍK Innréttingar**

## Glæsilegar eldhúsinnréttingar



Eirvík Innréttingar eru sérsmiðaðar í Þýskalandi. Einingarnar koma samsettar til landsins sem sparar tíma í uppsetningu og tryggir meiri gæði.

Sérstaða okkar fellst í því að bjóða heildarlausn fyrir eldhúsið. Við höfum næmt auga fyrir smáatriðum og bjóðum persónulega þjónustu. Höfuðáhersla er lögð á lausnir sem falla að þörfum og lífsstíl hvers og eins.

Lítu við hjá okkur og fáðu tilboð í innréttinguna og eldhústækin og tryggðu þér raunveruleg gæði á réttu verði. Hönnun og ráðgjöf á staðnum.

**EIRVÍK**

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | [www.eirvik.is](http://www.eirvik.is)



**Gjafakort  
Miðborgarinnar  
okkar**  
Fáanlegt í bókaverslunum  
miðborgarinnar

# Miðborgin lifnar við

## LANGUR LAUGARDAGUR Í DAG

Miðborgin flettir óðum af sér vetrarhamnum og það eru notalegir tímar í vændum. Er ef til vill kominn tími á að láta yfirfara reiðhjólíð fyrir sumarið eða bregða sér í ísbíltúr? Kaupa fallega gjöf eða hafa það náðugt á kaffihúsi? Þetta og margt fleira geturðu gert í miðborginni þar sem verslun og mannlíf tengjast órjúfanlegum böndum.

**Opið til kl. 17:00 og víða lengur í verslunum. Lifandi tónlist víðsvegar um miðborgina frá kl. 14:00 til 17:00.**

**Dragdrottningin frá Draghálsi þenur dragspilið víða um miðborgina frá kl. 14:00.**

**Barónstorg kl. 14:00**

**Laugartorg kl. 14:30**

**Skólatorg kl. 15:00**

**Lækjartorg kl. 15:20**

**Ingólfstorg kl. 14:45**

**Miðborgin í apríl:**

**11. apríl – List án landamæra**

**21. apríl – Barnamenningarhátíð**

**25. apríl – Vatnsmýrarhátíð**

**Alltaf nóg af bílastæðum og munið bílastæðahúsin.**

BERGSTADIR  
KOLAPORT  
RÁÐHÚSIÐ  
STJÖRNUPORT  
TRADARKOT  
VESTURGATA  
VITATORG



ALMENNA  
LEIGUFÉLAGIÐ

VERUM, VERSLUM OG NJÓTUM ÞAR SEM HJARTAÐ SLÆR!  
MIDBORGIN.IS — FACEBOOK.IS/MIDBORGIN







**BORGARFULLTRÚI** Ilmur Kristjánsdóttir leikkona og nú borgarfulltrúi er óhrædd við að breyta til og takast á við ný og krefjandi verkefni.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Við viljum öll vera nytsamleg

**Ilmur Kristjánsdóttir** leikkona tók í vikunni sæti í borgarstjórn Reykjavíkur þar sem hún tekur við forsæti í velferðarráði borgarinnar. Þrátt fyrir ungan aldur á hún að baki glæstan feril í leikhúsinu en nú taka við nú og spennandi tækifæri.

**Magnús Guðmundsson**  
magnus@frettabladid.is



Ilmur Kristjánsdóttir leikkona og nú borgarfulltrúi í Reykjavík á að baki áhugaverðan feril þrátt fyrir að vera enn ung að árum. Hún hefur átt gifturík-an feril í leikhúsi, sjónvarpi og kvikmyndum en í vikunni tók hún sæti borgarfulltrúa fyrir Bjarta framtið og sest í forsæti fyrir velferðarráð Reykjavíkurborgar. Síðustu mánuði hefur Ilmur verið upptekin við tókur á Ófærð og fyrir skömmu var frumsýnd kvikmyndin Fúsi þar sem Ilmur er í burðarhlutverki á móti Gunnari Jónssyni og bæði þykja þau fara á kostum í myndinni.

„Gussi er svo frábær náungi og það var roslega gaman að vinna þessa mynd með honum. Hann er svo fullkomlega laus við að vera alltaf að hafa áhyggjur af því hvað öðrum finnst eða hvernig hann á að vera. Hann er einfaldlega alltaf hann sjálfur og engum líkur. Slíkt er helst til fágætt í nútímasamfélagi.

## Narsissos og Facebook

Um daginn byrjaði ég til að mynda að segja dóttur minni dæmisöguna um Narsissos sem var svo hrifinn af sinni eigin fegurð að hann druknaði í eigin spegilmynd – alltaf að kíkja á sjálfan sig í hylnum þangað til hann druknaði,“ segir Ilmur með leikrænum áherslum og bætir við með ekki síðri tilþrifum: „Og svo fór ég beint á Facebook. Hvað er ég komin með mörg læk? Þetta er alveg það sama. Við erum alltaf að kíkja í hylinn. Velta því fyrir okkur hvað öðrum finnst og hvort að það er verið að samþykja

okkur og læka. Svo druknum við bara í sjálfum okkur,“ segir Ilmur og hlær prakkaralega.

„Svona er þetta með svo margt. Það er svo miklu meira spennandi að horfa í kringum sig og hlusta á annað fólk en að vera alltaf að stara í spegilinn – hvort sem hann er inni á baði eða í simanum.“

## Leikhús og pólitík

Áhugi á öðru fólki, velferð þess og líðan er nauðsynleg hverjum þeim sem vill taka þátt í stjórnmálum og Ilmur hefur einlægán áhuga á velferð annarra.

„Ég hef alltaf haft áhuga á pólitík. Að gera heiminn að betri stað hefur eiginlega verið einhvers konar þráhyggja hjá mér. Leikhúsið fæst líka við að reyna að breyta samfélaginu til betri vegar en það gerir það með sögum og sköpun sem getur hreyft við okkur. Mótað hugmyndir okkar um lífið og manneskjuna til betri vegar. Svo það er kannski skemmra á milli leikhússins og stjórnmálanna en virðist við fyrstu sýn. Ég skrifaði lokariterðina mína í Listaháskólanum um Augusto Boal, brasilíska leikhúsmann sem notaði leikhúsið til þess að fræða og virkja samfélagið. Hann skrifaði bók sem heitir Leikhús hinna kúguðu og vinnur eftir þeirri aðferðafræði á fátækustu svæðum jarðar. Þegar ég kom til Mósambík á vegum UNICEF þá sá ég svona leikhóp að störfum. Fólk kom með vandamál og hópurinn lék þau fyrir áhorfendur sem tóku þátt í að leita lausna og leika þær á staðnum. Þannig er leikhúsið önnur leið að því sama markmiði að bæta samfélagið og ég er bara að prófa að fara aðra leið.

## Pörfin fyrir að hjálpa

Mér finnst merkilegt að Augusto Boal var svo eitt sinn boðið til Sví-

þjóðar. Boðið að koma til fyrir-myndarlandsins og hjálpa þarlend-um að takast á við sín vandamál. Honum fannst það nú frekar hlálegt tilhugsunar en engu að síður uppgötvaði hann þar ný og rosaleg vandamál sem hann hafði aldrei séð áður í sínu starfi. Í Svíþjóð sá hann einmanaleikann og óham-ingjuna í velsældinni þar sem fólk var jafnvel að svipta sig lífi. Það fær mann til þess að hugsa að við þurfum öll að taka ábyrgð hvert á öðru. Við höfum öll fundið þennan einmanaleika og hann er dálítið skyldur narsissismanum. Því það að heillast af sjálfum sér leiðir til einmanaleika. En í dag er ég með verkfæri gegn mínum einmana-leika og það er ómetanlegt.

Við þurfum líka á því að halda að hjálpa og gefa af okkur. Að hjálpa sér ekki bara um peninga. Þeir sem eru aflögufærir um peninga ættu endilega að deila þeim en svo er líka ómetanlegt að tala við fólk, vera til staðar og sýna hvert öðru virðingu. Allt er þetta liður í velsæld okkar allra – bæði að gefa og þiggja.

## Tækifærin í lífinu

Ég er alin upp á pólitískt meðvit-uðu heimili, mjög vinstri- og jafnréttissinnuðu. Foreldrar mínir eru fólk með sterka réttlætiskennnd og auðvitað mótast þetta mann eins og annað í uppvestinum. Annars hef ég í raun alltaf verið frekar leitandi manneskja og reiðubúin til þess að prófa nýja hluti. Fyrir nokkrum árum skellti ég mér t.d. í guðfræði og sumum þótti það óvænt skref á sínum tíma. Það snerist nú einfaldlega um það að ég hætti að refsa mér fyrir það að vera leitandi. Hver segir að maður þurfi að vera í sama starfinu alla ævi?

Mér finnst reyndar frekar brosl-legt að það virðast margir halda að

ég sé alveg svona korter í prest en það er satt best að segja langt frá því, en hver veit hvað framtíðin ber í skauti sér. Þessi tími opnaði augu mín fyrir áhugaverðum hlutum. Ég kynnti mér líka búddisma og íslam og er í sjálfu sér hlynt trúarbrögðum. Öll trúarbrögð eru leiðarvísir að sama marki; guði eða kærleikanum en fólk hættir til að flækja málið.

Stóra málið er að þora að fylgja hjartanu og stökkva á þau tækifæri sem lífið færir manni. Pólitíkin er þannig eitt af þessum tækifærum og nú er ég að byrja að takast á við hana. Það verður mikil og góð áskorun.“

## Eins og Mexíkóborg

Það þarf að sönnu hugrekki til þess að takast á við það tækifæri sem býður Ilmar með því að skella sér út í borgarpólitíkina og það í sjálft velferðarráð. En hún óttast ekki verkefnið heldur nálgast það af lítilletti.

„Þetta er svipuð tilfinning og þegar ég fór til Mexíkóborgar sem var talin ein hættulegasta borg í heimi. Ég var alveg skítstressuð og fólk var duglegt við að benda mér á hættunna áður en ég fór. En svo var þetta bara alveg æðisleg upp-lifun.

Auðvitað átta ég mig á því að ég er fara að takast á við stórt og erfitt verkefni í velferðarmálunum. Það er margir búnir að koma til mín og segja: „Ilmur ertu brjáluð – ætlarðu að taka við velferðar-ráði? Veistu hvað það er erfiður málaflökkur?“ Þannig að ég veit að þetta verður erfitt verkefni en vonandi verður það líka skemmtilegt eins og ferðin til Mexíkóborgar var á sínum tíma. Ég er ekki að fara að umbylta neinu en vonast til þess að við sem samfélag bætum okkur.

“Leikhúsið fæst líka við að reyna að breyta samfélaginu til betri vegar en það gerir það með sögum og sköpun sem getur hreyft við okkur.

“Að hjálpa snýst ekki bara um peninga. Þeir sem eru aflögufærir um peninga ættu endilega að deila þeim en svo er líka ómetanlegt að tala við fólk, vera til staðar og sýna hvert öðru virðingu.

## Að gera gagn

Ég er svo heppin að vera að taka við af Björk Vilhelmsdóttur og hún býr yfir gríðarlegri þekkingu á þessu sviði. Hún hjálpar mér fyrstu skrefin og það gerir þetta íslenska skemmti- og þjálfunarsamfélagið, sé þannig saman sett að þeir sem nýti velferðarþjónustu hverju sinni séu þiggjendur með neikvæðum for-merkjum. Það býr til einhverja hug-læga skömm sem á ekki að eiga sér stað. Við lendum öll í áföllum og við þurfum að standa með hvert öðru.

Málið er að við erum öll þiggj- endur. Við erum þiggjendur þjón-ustu sem við sköfum hvert öðru. Fullt af barnlausu fólki borgar skólagaöngu barnanna okkar. Fullt af heilbrigðu fólki niðurgreið-ir lækniþjónustu en þetta heitir að vera í samfélagi. Það er hagur allra að öllum líði sem best og það er réttur fatlaðs fólks og öryrkja að það sé búið þannig um þá að þeir geti skilað til samfélagsins. Við viljum öll vera nytsamleg. Gera gagn.“



## FRÁBÆR TILBOÐ Á VÖLDUM SÓFUM

-20%



PORTLAND-X tungusófi  
Stærð: 290X170cm  
Verð: 217.000,-  
TILBOÐSVERÐ: 173.600,-

-20%



FOREX tungusófi  
Stærð: 270X165cm  
Verð: 209.000,-  
TILBOÐSVERÐ: 167.200,-

-20%



COSTA hornsófi  
Stærð: 310X180cm  
Verð: 235.000,-  
TILBOÐSVERÐ: 188.000,-

-25%



KENT tungusófi  
Stærð: 234X165cm – færánleg tunga  
Verð: 185.000,-  
TILBOÐSVERÐ: 138.750,-

-20%



BERLIN tungusófi  
Stærð: 300X174cm  
Verð: 245.000,-  
TILBOÐSVERÐ: 196.000,-

### NAPOLI sófi með 2 tungum

Stærð: 320X170X170cm  
Verð: 249.000,-  
TILBOÐSVERÐ: 199.200,-

-20%







**FLUTNINGUR** Með samstilltum kröftum og öflugum hjálpartækjum eru hlutirnir gerðir auðveldir. Hvunndagshetjurnar eru víða.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**HJÚKRUNARFORSTJÓRINN OG LÆKNIR** „Stillum okkur upp, systkinin,“ segir Páll sem var einu sinni spurður hvort hann væri „bróðir hennar Siggú“ af sjúklingi sem alls ekki vildi leggjast inn. „Nei, en ég get verið frekur samt!“ svaraði hann.



**TALMEINAFRÆÐINGURINN** Elísabet Arnardóttir aðstoðar fólk sem á við mál- og kyngingarörðugleika að stríða. Sumir sjúklingar þurfa að læra að tala upp á nýtt, eftir heilablóðfall.



**IÐJUPJÁLFI** Eitt af því sem skiptir máli í að efla hreyfingu er hugsunin um hana, að sögn iðjupjálfsins. Nýjar rannsóknir benda til að ímyndunaraflið virki við enduhæfingu.

# Svo látum við Grensásgaldurinn

**Starfsfólk Grensásdeildar Landspítalans** hlaut Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins 2015 sem hvunndagshetjur fyrir óeigin-gjarnt og mikilvægt starf við að koma fólki aftur út í lífið eftir áföll. Við heilsuðum upp á nokkrar af hetjunum nýlega.

**Gunnþóra Gunnarsdóttir**  
gun@frettabladid.is



**K**omið bara klukkan eitt í dag,“ svarar Sigríður Guðmundsdóttir, hjúkrunarforstjóri Grensásdeildar Landspítalans, þegar ég hringi laus fyrir hádegi til þess að kanna hvort ég megi kíkja einhvern daginn með ljósmyndara og hitta starfsfólkið við vinnu sína. Þessi kona gerir greinilega ekki einfalda hluti flókna, hugsa ég, flýti mér að kanna verkefnaströðu ljósmyndaranna og hef heppnina með mér. Ernir er laus upp úr hádeginu.

Tílefni heimsóknarinnar er að starfsfólkið á endurhæfingardeild-

inni var valið hvunndagshetjur ársins þegar Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins voru veitt á dögum. Almennningur í landinu hafði sent fjölda uppástungna um það og dómnefnd blaðsins var sammála. Það var tímabært að þessi hljóði starfshópur yrði heiðraður fyrir allan þann þrótt og alla þá færni sem hann hjálpar fólki að endurheimta.

## Stórir sigrar unnir

Sigríður mætir okkur brosandí og býðst til að lóða okkur um húsið. Í iðjupjálfuninni á neðstu hæð rekumst við á Sigrúði Loftsdóttur iðjupjálfa sem er sérfræðingur í hjálpertækjum, hún sýnir okkur meðal annars ótrúlega hjólastóla sem hægt er að stjórna með augnum einum ef þörfin krefur. „Möguleikarnir til hjálpar eru alltaf að

aukast með fullkomnari tækni og árangurinn er oft ótrúlegur,“ segir hún.

Í vinnustofunni er margs konar iðja í gangi, mósaíkvinnu, viðgerð á dúkkuvöggum úr tágum og við sjáum trörunnar hennar Eddu Heiðrúnar en hún er ekki við þær þessa stundina. „Hér er verið að þjálfa fínhyfingur og samhæfingu og oft eru stórir sigrar unnir í þessari stofu,“ segir Sigríður. „Það er stórkostlegt þegar tekst að virkja þumalputta sem áður var óstarfhæfur og einstaklingur getur gripíð um tannbursta og burstað tennurnar sjálfur.“

Við endann á vinnustofunni er fullkomið eldhús. „Iðjupjálfunin felst í að koma fólki út í lífið og það þarf að geta bjargað sér, meðal annars í eldhúsinu,“ útskýrir Sigríður. „Hér geta líka þeir til fjór-

ir eldað hádegismat saman, sér til ánægju og uppbyggingar í stað þess að borða alltaf í mótuneytinu.“

Í sjúkrahjálfuninni er verið að þjálfa fólk bæði á bekkjum og í tækjum. Ida Braga Ómarsdóttir er þar hæstaráðandi. „Við erum ágætlega sett með tækjabúnað og það er mest að þakka Lions-klúbbnum Nirði og fleiri góðgerðarsamtökum,“ segir hún. Bætur við að um 80 manns nýti sér tækin á hverjum degi, fyrst og fremst þeir sem eru á dag- eða göngudeild en einnig komi fólk sem hefur fengið heilablóðfall eða er mænuskaðað, utan úr bæ. „Svo erum við tiltölulega nýbyrjuð að þjálfa þá sem eru með gervifætul. Þeir koma klukkan átta á morgnana meðan aðrir í húsinu eru að komast í gang. Við reynum að nýta allar stundir.“

## Allir geta sagt sitt

Kona á leið úr æfingum leggur orð í belg en vill ekki láta nafns síns getið. „Þetta er góður staður sem er alveg búinn að bjarga mér bæði andlega og líkamlega og ég er ánægð með að starfsfólkið hér skyldi vera heiðrað. Þetta er úrvalsfólk og það eru unnin kraftaverk hér. Maður sér fólk spretta upp. Ég er ekki besta dæmið um það, margir eru betri.“

Við kíkjum aðeins til sálfræðingsins, Svanhvítar Björgvinsdóttur, sem fæst við að bjarga andlegri heilsu sjúklinga. Hún er upptekin en sendir okkur bros.

„Hér er teymisvinnan stór þáttur,“ segir Sigríður. „Sjúklingurinn getur fengið aðstoð hjá teymi læknis, hjúkrunarfræðings, iðjupjálfa, sjúkrahjálfa, sálfræðings, tauga-sálfræðings, félagsráðgjafa og talmeinafræðings ef hann þarf. Teymi-





→ Stór hluti hópsins í vatnsleikfiminna er utan úr bæ en laugin og öll hennar umgjörð er byggð þannig að fólk í hjólastól kemst í hana. Þar fer líka fram einstaklingsþjálfun og margir ná hreyfingu í vatninu sem þeir mundu ekki ná annars.

→ Á Grensás koma sjúklingar sem eru þvoglumæltir og þurfa hjálp í skamman tíma, aðrir þurfa margra mánaða þjálfun því þeir missa málið og þurfa að læra að tala upp á nýtt. Það er erfið fötlun.

→ Oft þegar fólk fær heilablóðfall getur það ekki kyngt og þarf að þjálfast upp aftur í þrepum. Allt tekur tíma.



**Kristín María Jónsdóttir**  
... var á legudeild og er komin á dagdeild.

„Það er bara dásamlegt að vera hér, starfsfólkið og allt. Ég kom inn 2. febrúar og hingað á dagdeild er ég komin. Hvað gerðist? Ég fékk heilablæðingu.“

**Þú berð þess ekki merki.** „Nei, það er út af góðri umönnun og öllu því sem hér fer fram. Ég sé fram á heimferð innan skamms – hef enga dagsetningu en það stýttist í hana. Þetta er allt á réttri leið.“



**Á Grensás kemur fólk til endurhæfingar vegna fjölværka eða missis útlíma, mænuskaða, heilablóðfalls og fleiri alvarlegra áfalla**

**55-60** sjúklingar eru þar á degi hverjum.  
**24-26** þeirra eru innliggjandi.  
**30-35** sjúklingar koma daglega á dagdeild.

Meðallegutíminn er 6 til 7 vikur og svo tveir til þrjú mánuðir til viðbótar á dagdeild. Allir sem hafa einhvern möguleika á að vera heima fara á dagdeild.

# Starfsemi Stafa lífeyrissjóðs árið 2014

Stafir lífeyrissjóður starfaði í samtryggingardeild og séreignardeild á árinu 2014 og tók við iðgjöldum í samræmi við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

Hrein eign til greiðslu lífeyris nam 124.567 milljónum króna og jókst um 10% frá árinu 2013.

Nafnávöxtun heildareigna 2014 var 8,4% en hrein raunávöxtun 7,3%. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sjóðsins síðustu fimm árin er 4,1%.

Í lok árs 2014 áttu 57.132 einstaklingar réttindi í sjóðnum. Á árinu 2014 greiddu 8.912 einstaklingar iðgjald til samtryggingardeildar Stafa og 1.952 launagreiðendur.

Á árinu 2014 fengu 4.902 lífeyrisþegar greitt úr samtryggingardeild, alls 3.087 milljónir króna, sem er aukning um 7,3% frá fyrra ári. Lífeyrisþegum fjölgaði um 7,2% á árinu eða um 330. Greiðslur úr séreignardeild námu um 299 milljónum króna, svipað og á fyrra ári. Í árslok 2014 áttu 17.827 einstaklingar réttindi í séreignardeild. Virkir sjóðfélagar í séreignardeild voru 1.288. Iðgjaldgreiðslur til séreignardeildar námu 242 milljónum króna, sem er 14% aukning frá fyrra ári.

Tryggingarfræðileg staða sjóðsins var í lok árs neikvæð um 10,2% og að viðbætti framtíðarskuldbindingu er hún neikvæð um 4,6%. Staðan hefur því batnað frá fyrra ári þegar hún var neikvæð um 13,3% og um 6,6% að viðbætti framtíðarskuldbindingu.

Hlutfall erlendra eigna af verðbræfaeign Stafa var 24,1% í lok árs 2014. Langtímamarkmið sjóðsins er að erlendar eignir sjóðsins nemi um 30% af heildareignum hans.

Rekstrarkostnaður sjóðsins nam 156 milljónum króna á árinu 2014 og lækkaði um 6,1% frá fyrra ári.

## Kennitölur samtryggingardeildar

	2014	2013
Nafnávöxtun:	8,6%	8,7%
Hrein raunávöxtun:	7,4%	4,9%
Hrein raunávöxtun (5 ára vegið meðaltal)	4,1%	1,6%
Fjöldi sjóðfélaga í samtryggingardeild	8.912	8.873
Fjöldi lífeyrisþega í samtryggingardeild	4.902	4.572
Rekstrarkostnaður í hlutfalli af iðgjöldum	3%	3,4%
Rekstrarkostnaður í hlutfalli af eignum	0,12%	0,14%
Lífeyrir í hlutfalli af iðgjöldum	66,7%	65,5%
Stöðugildi:	13,1	14,3

## Aðalfundur

Aðalfundur Stafa lífeyrissjóðs verður á Grand Hótel Reykjavík þriðjudaginn 19. maí 2015 og hefst kl. 17:00.

## Sjóðfélagafundur

Stafir lífeyrissjóður boðar til sjóðfélagafundar í aðdraganda aðalfundar. Sjóðfélagafundurinn verður að Stórhöfða 31 í Reykjavík miðvikudaginn 29. apríl kl. 17:00.

**STAFIR**  
LÍFEYRISSJÓÐUR

Stórhöfða 31 • 110 Reykjavík • sími 569 3000 • stafir@stafir.is

stafir.is



**SJÚKRAPJÁLFARI** Ída Braga Ómarsdóttir segir deildina vel tækjum búna, þökk sé Lions-klúbbnum Nirði og fleirum.

# virka

ið stendur á bak við allar ákvarðanir en markmiðin eru alltaf sett með einstaklingnum þannig að allt byggist á samvinnu.“ Hún segir marga fundi haldna innanhúss en þeir séu hafðir stuttir. „Fókusinn er alltaf á að vera markviss í okkar vinnu og hafa tímann með sjúklingnum sem mestan.“

Á 2. hæð hittum við Pál Ingvarsson sérfræðilækni sem starfað hafði í Gautaborg á mænuskaðadeild og taugadeild til skiptis í 20 ár áður en hann kom heim. Hann kveðst afar ánægður með vinnustaðinn. „Hér er skemmtilega hreinskilin stemning, allir vinna saman og allir geta sagt sitt. Einstaka sinnum erum við sammála um að vera ósammála en oftast komumst við að niðurstöðu um hver sé besta leiðin fyrir sjúklinginn, þessi teymisvinna er mjög opin, lífandi og virk og það hjálpar okkur alveg gríðarlega. „Svo látum við Grensásgaldurinn virka,“ segjum við stundum því hér gerast ótrúlegustu hlutir, enginn veit hvernig!“



nettó SÉR  
RAUTT!!

ÓTRÚLEG VERÐ!  
Sérstakur afsláttur  
af völdum vörum.  
Fyrstir koma fyrstir fá!

BÆKFLINGURINN KOMINN ÚT!

Casa Fiesta vörur 20% afsláttur!



KJÖTSEL

NAUTGRIPAHAKK  
FERSKT, KJÖTSEL

1.189

ÁÐUR 1.450 KR/KG



GRÍSASNITSEL  
STJÖRNUGRÍS

-50%

1.149

ÁÐUR 2.298 KR/KG



KJÚKLINGALUNDIR  
DANPO, 700 GR

-44%

986

ÁÐUR 1.761 KR/PK



GRÍSAGÚLLAS  
STJÖRNUGRÍS

42%

1.090

ÁÐUR 1.880 KR/KG



SS  
frosin  
í poka

LAMBASÚPUKJÖT  
SS, FROSID Í POKA

-30%

599

ÁÐUR 855 KR/KG



KJÚKL. UPPLÆRI 1,5KG  
M/BEINI, DANPO

994

ÁÐUR 1.198 KR/PK

Tilboðin gilda helgina 11. - 12. apríl 2015

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



# 25% AFSLÁTTUR! ...AF BANÖNUM, APPELSÍNUM, PERUM OG EPLUM (GULUM, RAUÐUM & GRÆNUM)



**ÍSFUGL**

**KJÚKLINGALASAGNA ÍSFUGL, FROSID**

**888**

ÁÐUR 1.139 KR/STK

**PIZZASTYKKI MEÐ OSTI**

**186**

ÁÐUR 372 KR/STK

**50%**

**PIZZASTYKKI MEÐ SALAMI**

**199**

ÁÐUR 398 KR/STK

**CP ÞVOTTAKODDAR PINK, 10STK Í PK**

**34%**

**395**

ÁÐUR 598 KR/PK

**CP ÞVOTTAEFNI PINK630 ML**

**40%**

**299**

ÁÐUR 498 KR/STK

**Blenda Sensitive**

**Hvitt**

**75%**

**BLENDA 1,17 KG ÞVOTTAEFNI, SENSITIVE**

**98**

ÁÐUR 393 KR/PK

**CP SÚKKUL.BITAKEX 200 GR**

**40%**

**119**

ÁÐUR 199 KR/PK

**CP SÚKKUL.ÐIKEX DIGESTIVE, 300 GR**

**41%**

**140**

ÁÐUR 238 KR/PK

**Pampers Sensitive**

**40%**

**BLAUTKLÚTAR 56STK PAMPERS, SENSITIVE**

**179**

ÁÐUR 298 KR/PK

**42%**

**MAXI POPPKORN 70 GR**

**98**

ÁÐUR 169 KR/PK

**FANTA EXOTIC 0,5 L**

**69**

ÁÐUR 139 KR/STK

**51%**

**34%**

**PEPSI 33 CL PEPSI/PEPSI MAX**

**59**

ÁÐUR 89 KR/STK

**39%**

**ORKUDRYKKUR EMERGE 250 ML**

**79**

ÁÐUR 159 KR/STK

[www.netto.is](http://www.netto.is)

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |







5 ára ábyrgð  
Ótakmarkaður akstur

# VINSÆLDIR HYUNDAI AUKAST STÖÐUGT

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

[www.hyundai.is](http://www.hyundai.is)



Hyundai i10 / Sjálfskiptur

Verð: 2.470.000 kr.

Eyðsla 4,7 l/100 km\*

Opið í dag frá kl. 12–16

Hyundai ix35



Fjór hjóladrif / Dísil, sjálfskiptur  
Verð: 5.990.000 kr.  
Eyðsla 5,7 l/100 km\*

Hyundai Santa Fe



Fjór hjóladrif / Dísil, sjálfskiptur  
Verð frá: 6.990.000 kr.  
Eyðsla 6,7 l/100 km\*

Hyundai i30



Verð frá: 2.940.000 kr.  
Eyðsla 6,0 l/100 km\*

Umboðsaðilar:

GE Bílar  
Reykjanesbæ  
[www.gebilar.is](http://www.gebilar.is)  
420 0400

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
[www.bilas.is](http://www.bilas.is)  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
[www.bilaka.is](http://www.bilaka.is)  
461 2533

Bílaverkstæði Austurl.  
Egilsstöðum  
[www.bva.is](http://www.bva.is)  
470 5070

iB ehf.  
Selfossi  
[www.ib.is](http://www.ib.is)  
490 9090



**HYUNDAI**

Kauptúni 1 / Beint á móti IKEA / 575 1200



# Lífsstíllinn að drepa okkur

Langvinnir og lífsstílstengdir sjúkdómar kosta heilbrigðiskerfið hundrað milljarða á ári og 60 þúsund góð æviár Íslendinga fara til spillis. Ótímabær dauði og örorka taka burt verðmæta þegna sem halda samfélaginu gangandi og skapa hagvöxt.



## Glötuð góð æviár Íslendinga á einu ári

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin notar mælikvarðann „glötuð góð æviár“ sem er samtala þeirra æviára sem glatast vegna ótímabærs dauða og örorku til skemmri eða lengri tíma.

Æviárin eru glötuð því fólk getur ekki tekið eðlilegan þátt í daglegu lífi eða á vinnuarkaði. Meðalævi á Íslandi er 86 ár. Ef manneskja fær sjúkdóm fertug og fer á örorku hefur hún glatað 46 góðum æviárum.

Heilsufarsskaðinn sem veldur glötuðum æviárum er yfirleitt tengdur langvinnum og lífsstílstengdum sjúkdómum sem eru þess eðlis að hægt væri að koma í veg fyrir þá, sporna gegn þeim eða að minnsta kosti lágmarka afleiðingar þeirra með forvörnum og fræðslu.

Ef glötuð æviár eru margfölduð með vergri landsframleiðslu á mann (5,7 milljónir árið 2013) er hægt að bregða upp þjóðhagslegum mælikvarða á heilsufarsskaðann og sjá af hve miklum hagvexti samfélagið verður.

**Lífsstílstengdir áhættuþættir** • Mataræði • Ofþyngd • Reykingar • Háþrýstingur • Starfstengd áhætta • Hreyfingarleysi • Há blóðfita • Hár blóðsykur • Áfengisneysla

### ÍSLENSKA ÞJÓÐIN

**69%** þjóðarinnar eru á vinnufærum aldri. **47%** eru í raun við vinnu hverju sinni.

**17.000** Íslendingar eru á örorkulífeyri og hefur fjölgað þess háttar en nemur almennri fólksfjölgun síðastliðin 15 ár.




**Krabbamein**  
T.d. lungnakrabbamein, ristilkrabbamein og brjóstakrabbamein



**Geðraskanir**  
T.d. fíknir- og geðsjúkdómar



**Hjarta- og æðasjúkdómar**  
T.d. kransæðastífla, heilablóðþurrð, heilablóðfall



**Stoðkerfissjúkdómar**  
T.d. mjóðs- og hálsverkir, slit- og liðagigt



**Aðrir ósmittuð sjúkdómar**  
T.d. húð- og meltingarfærasjúkdómar



**Taugasjúkdómar**  
T.d. Alzheimer, migreni, flogaveiki og Parkinsons



**Öndunarfærasjúkdómar**  
T.d. langvinn lungnateppa og astmi



**Blóð- og innkirtla-sjúkdómar**  
T.d. sykursýki og nýrnasjúkdómar

\*Áverkar, smitsjúkdómar, meðfædd skerðing og næringar- og meðgöngutengdir sjúkdómar eru ekki með í þessum útreikningi. Í þeim flokki eru að auki 10.400 glötuð mannaár á ári, þar af 7.700 vegna áverka og slysa. Heimildir: World Health Organization (2015), Global Burden of Disease, WHO. (Æviár reiknuð út frá upplýsingum frá árinu 2013. Sjá: <http://vizhub.healthdata.org/gbd-compare/>)

## Kerfið þarf að koma í veg fyrir skaðann

Guðmundur Löve, framkvæmdastjóri SÍBS, vill efla forvarnir og efla þannig heilbrigði en ekki bara bregðast við þegar skaðinn er skeður.

Erla Björg Gunnarsdóttir  
erlabjorg@frettabladid.is



Guðmundur segir megináherslu íslenska heilbrigðiskerfisins vera að bregðast við þeim skaða sem þegar er orðinn í stað þess að koma í veg fyrir hann. 139 milljarðar voru lagðir í íslenska heilbrigðiskerfið árið 2013 en eingöngu 2,6 prósent af þeirri fjárhæð fóru í forvarnir. Hann bendir á að með auknum forvörnum væri hægt að spara gríðarlega fjármuni.

„Það má segja að við höfum náð eins langt og núverandi tækni og peningar leyfa í meðhöndlun sjúkdóma enda er lífaldur Íslendinga hár. Við erum mjög dugleg að halda fólki á lífi en eigum erfðara með að koma í veg fyrir að langvinnir sjúkdómar vindi upp á sig og dæmi fólk úr leik.“

Viðbragðsdrifna heilbrigðiskerfið fær fertugfalt fjármagn á við forvarnadriðna kerfið. „Þetta er að mörgu leyti óeðlilegt þar sem stór hluti langvinnra sjúkdóma tengist lífsstíl sterkum böndum og hægt væri að koma í veg fyrir þá með markvissum forvörnum. Við gætum notað peninginn betur. Tökum sem dæmi sameiginlegt tryggingarfyrirtæki okkar allra, Sjúkrtryggingar Íslands, sem



**FJÁRFESTA Í FORVÖRNUM** Guðmundur Löve segir að líta þurfi á heilsufarsskaða á víðari grunni en aðeins út frá dauðsföllum.

borgar allan sjúkrakostnað. Stofnunin hefur engar heimildir til að fjárfesta í forvörnum til að takmarka sínar eigin útgreiðslur eins og öll önnur tryggingarfélag í heiminu gera.“

Guðmundur segir mikilvægt að líta á heilsufarsskaða á víðari grunni en aðeins dauðsföll og banvæna sjúkdóma því að í raun sé jafn stórum hluta æviára varið við skerðingu og örorku á Íslandi.

„Við komumst ekki lengur upp með viðhorfið að heilbrigðiskerfið sé verkstæði sem geri við brotna og bilaða líkama og huga. Hag-

**Við komumst ekki lengur upp með viðhorfið að heilbrigðiskerfið sé verkstæði sem geri við brotna og bilaða líkama og huga.**

fræðin lítur á mannaúð sem langtímafjárfestingu og við verðum að sinna viðhaldi til að halda fólkinu okkar heilbrigðu – að ekki sé nú talað um þá mannlegu þjáningu sem liggur að baki sjúkdómum og dauða.“

### Þrjú stig forvarna

**Koma í veg fyrir sjúkdóma**  
Fræða frá upphafi um heilbrigðan lífsstíl.

**Dæmi:** Skólabörnum er kennt að sneiða hjá sykri. Þau borða þ.a.l. minni sykurlausu en kynslóð foreldranna. Hjartaáföllum, krabbameinum, sykursýki og offitugendum stoðkerfissjúkdómum fækkar.

**Stemma stigu við sjúkdómum**  
Grípa í taumana við upphaf sjúkdóms. Hafa eftirlitið betra og sjúklinga upplýsta.

### Guðmundur bendir á dæmi um forvarnir

**Setja samræmda forvarnastefnu** sem hittir fyrir alla hópa þjóðfélagsins og á sem flestum stöðum sem þeir koma við á í lífinu.

**Löggjafarvaldið** Sykurgjald samhliða aukinni fræðslu.

**Ríkisstofnanir** Eftirfylgni með innihaldsefnum matvara og fæðubótarefna. Markaðssetning skráargatsmerkisins.

**Sjúkrtryggingar Íslands** Veita fé til forvarna.

**Skipulagsyfirkönd** Gera einfaldara og öruggara að ganga og hjóla.

**Frjáls félagsamtök** Fræðslustarf, forvarnastarf og vitundarvakning meðal almennings.

**Dæmi:** Stoppa sykursýki áður en hún veldur frekari skaða eða hætta að reykja.

**Endurhæfing** Grípa strax inn í eftir áfall með góðri endurhæfingu og koma fólki út í lífið aftur.

**Dæmi:** Hjartaendurhæfing á Reykjalundi eða meðferð við ofþyngd sem valdið hefur skertri starfsgetu.

**Fjölmíðlar** Öflug miðlun ábyrgra upplýsinga og vönduð stefna við kynningu á heilsutengdum vörum og þjónustu.

**Heilsugæslan** Reglubundnar skimanir vegna blóðþrýstings, blóðfita og blóðsykurs.

**Mæðravernd** Aukin áhersla á unga foreldra í áhættuhópum.

**Skólakerfið** Hollur matur í mótuneytum og aukin áhersla á hreyfingu – heilsuefandi skóli.

**Viðskiptalífið** Umbuna starfsfólki fyrir að hjóla eða ganga til vinnu.

**Íþróttahreyfingin** Smurt brauð og vatn eða mjólk á íþróttamótum barnanna. Fjarlægja gos- og sælgætissjálfsalana. Síðareglur varðandi kostanir, t.d. „Pepsidæildin“.



☆ Tenerife

☆ Alicante

☆ Mallorca

☆ Almeria



SÓLARHRINGUR SUMARFERÐA

# SÓLARHRINGSTILBOÐ

á valdar brottfarir í sumar.

Hefst mánudaginn 13. apríl kl. 12:00



## ALICANTE

FRÁ: 12 NÆTUR / Hálf tæði

**99.900 KR.\***

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn á Gran Hotel Bali í tvíbýli með hálfu tæði. Verð 123.560 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.  
Brottför: 29. maí – 12 nætur.

## TENERIFE

FRÁ: 2 VIKUR

**99.900 KR.\***

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn á Familygarden Compostela Beach í íbúð með 1 svefnherbergi. Verð 127.800 kr. á mann m.v. tvo fullorðna. Brottför: 24. júní – 2 vikur.

## ALMERIA

FRÁ: VÍKA

**74.900 KR.\***

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 3 börn á Pierre Vacances í íbúð með 2 svefnherbergjum. Verð 95.751 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.  
Brottför: 9. júní – Vika.

## MALLORCA

FRÁ: 2 VIKUR

**89.900 KR.\***

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn á Sol Alcudia Center. Verð 127.800 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.  
Brottför: 2. júní – 2 vikur.

*Fleiri verðdæmi og dagsetningar á [sumarferdir.is](http://sumarferdir.is)*

SUMAR  FERÐIR

...eru betri en aðrar



# Í návígi við sprengjurnar

Ítalski sjúkraliðinn **Alberto Cairo** hefur í aldarfjórðung starfað í Kabúl þar sem hann hjálpar særðu og limlestu fólki að komast út í lífið aftur. Afganar bera virðingu fyrir merki Rauða krossins, sem tryggir honum öryggi þótt sprengjurnar springi.

Guðsteinn Bjarnason

gudsteinn@frettabladid.is



**H**ann segist lifa ósköp venjulegu lífi í Kabúl. Þangað kom hann fyrst árið 1989 þegar Sovétmenn voru nýfarnir. Hann bjó í Kabúl meðan talibanar voru við völd og þar býr hann enn, starfar á vegum Alþjóðanefndar Rauða krossins við að hjálpa særðu og limlestu fólki að koma undir sig fótunum á ný.

„Það er ekkert friðvænlegra núna í Kabúl en verið hefur,“ segir Alberto Cairo, ítalskur sjúkraliðari, sem hefur hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir störf sín í Afganistan undanfarninn aldarfjórðung. Hann var í stuttri heimsókn hér á landi nýverið.

„Það er alltaf hættulegt að vera þar. Sprengjur geta sprungið hvenær sem er. En á hinn bóginn þá veitir merki Rauða krossins mikla vernd. Fólk ber mikla virðingu fyrir okkur og því sem við erum að gera. Það hefur alltaf verið svo.“

Hann segir talibanana þar ekki hafa verið neina undantekningu.

„Þeir sýndu okkur virðingu. Þegar maður gerir gagn, þá er alltaf borin virðing fyrir því. Ef maður væri ekki að gera gagn, þá myndu þeir ekki sjá neinn tilgang í því að maður væri að flækjast þarna. Héldu kannski að maður væri njósnari eða eitthvað. En þeir sendu til okkar ættingja sína og nánustu fjölskyldu. Samfélagið í Afganistan er mjög íhaldssamt, þannig að ef talibanarnir senda til manns eigin konu sína eða systur, eða börnin sín, þá fer ekki á milli mála að maður hefur áunnið sér traust þeirra.“

Hann segir þetta traust samfélagsins hafa ráðið úrslitum um að hægt hefur verið að halda úti þessu starfi allan þennan tíma, þrátt fyrir allt sem hefur gengið á þennan aldarfjórðung sem hann hefur búið í Kabúl.

„Þetta var stundum kannski svolítið flókið. En alltaf mjög gefandi. Það sem hjálpar mér og félögum mínum að vera þarna áfram eftir svona mörg ár er að sjá fólk koma til okkar í mjög erfiðu ástandi en fara svo frá okkur gangandi.“

## Samstarfið við Ísland

Tilfni Íslandsheimsóknarinnar var að hitta bæði starfsmenn Rauða krossins hér á landi og fulltrúa Össurar, fyrirtækis sem lengi hefur verið í fremstu röð við smíði gervilima. Í rúmlega tvö ár hefur Cairo nefnilega verið í samstarfi við íslenska Rauða krossinn um félagslega endurhæfingu fyrir fórnarlömb jarðsprengna. Rauði krossinn fjármagnar starfið, Össur útvegar gervilimi en Cairo og félagar sjá svo um að koma fólkinu aftur út í lífið.

„Ég kom hingað til að kasta kveðju á fólk og útskýra hvað við erum að gera. Svo hef ég aldrei komið til Íslands. Mig langaði til að þakka fyrir okkur með von um að þessi aðstoð og samvinna geti haldið áfram. Trúðu mér, þörfin er mikil.“

Cairo er yfirmaður endurhæfingarstarfsins, sem er með aðalbækistöðvar í Kabúl en útibú í sex borgum landsins. Hann skiptir tíma sínum þannig að helming hans dvelst hann í Kabúl en hinn helming tímans ferðast hann á milli hinna stöðvanna sex.

„Þetta félagslega verkefni, sem er í samstarfi við Ísland, snýst um að hjálpa fólkinu eftir að það er komið með gervilimi. Við reynum að veita því menntun, starfsþjálfun, smálán og hjálpa því að finna vinnu. Svo hvað störfin varðar þá höfum við sjálf tekið upp þá stefnu að vera með jákvæða mismun, þannig að við ráðum engan til okkar nema hann

sé fatlaður. Hjá okkur, á stöðvunum sjö, starfa meira en 700 manns, allt Afganar, og 685 þeirra eru fatlaðir. Þannig að þetta er ströng regla: Ef þú vilt vinnu þá þarftu að vera fatlaður. Í sjálfu sér er þetta rangsnúid, því auðvitað eigum við að aðlaga fólk að samfélaginu og láta fatlaða og ófatlaða starfa saman, en á meðan staðan er þessi að enginn veitir fötlum vinnu þá höfum við þá stefnu að veita eingöngu fötlum vinnu. Þannig að þetta er okkar stríð gegn samfélaginu, gegn fordómum.“

## Afganistan var tilviljun

Cairo er menntaður sjúkraliðari en lærði reyndar upphaflega lögfræði.

„Ég kláraði próf í lögfræði heima á Ítalíu og átti að verða lögfræðingur, en hætti eftir að hafa starfað við það um tíma. Sjúkraþjálfun var áhugamál sem ég stundaði í frítíma mínum og hafði mjög gaman af. En þar kom að mér fannst ég þurfa að gera upp við mig hvort ég ætti að verða lögfræðingur í fullu starfi eða hvort ég ætti kannski að gera áhugamálið að starfsveitvangi mínum. Niðurstaðan varð sú að ég fór aftur í skóla og fékk réttindi sem sjúkraliðari. Starfaði sem slíkur fyrst í nokkur ár á Ítalíu, svo í Afríku og loks í Afganistan. Og þar er ég enn.“

Hann segir tilviljun hafa ráðið því að hann fór til Afganistans.

„Ég var í Afríku seint á níunda áratugnum og var að svipast eftir nýju verkefni við mannúðarstörf einhvers staðar. Svo ég sendi bréf til Rauða krossins í Genf og sagði þeim að ég væri tiltækur ef þau vildu mig. Og þau sögðu mér að það væri verkefni í Afríku og ég sagði gott og vel, var mjög ánægður með það, en svo á síðustu stundu, þremur vikum fyrir brottför, þá sögðu þau mér að þetta væri ekki í Afríku heldur Afganistan, og spurðu hvort það væri í lagi mín vegna? Og ég sagði það vera í lagi mín vegna. Þannig að ég valdi þetta ekki, það gerðist bara. En ég held að þetta hafi verið góð niðurstaða.“

## Gefandi starf

Hann segir starfið í Afganistan vera mjög gefandi, enda þörfin gríðarleg. Starfið hafi þó tekið nokkrum breytingum í tímans rás.

„Framan af fengum við eingöngu til okkar fólk sem hafði skaddast í stríðsátökum. Dæmigerðir sjúklingar hjá okkur voru menn, konur eða börn sem höfðu lent í jarðsprengjum. En árið 1994 ákváðum við að það væri ekki lengur hægt að aðgreina fólk með þessum hætti, þannig að þeir sem höfðu til dæmis lent í bílslysi fengu ekki meðferð hjá okkur. Við fórum nú á hverju ári níu þúsund nýja sjúklinga, en af þeim eru einungis 1.500 fórnarlömb stríðsátaka. Hinir hafa fatlast af öðrum ástæðum, vegna erfðagalla, meidd í bílslysum, fengið slag eða sjúkdóma af ýmsu tagi.“

Auðvitað fórum við enn fólk með stríðsskaða. Og það er ekkert lát á því vegna þess að jarðsprengjurnar eru þarna enn þá. Og svo er hin hliðin, sem er forvarnastarfið. Það þarf að bólusetja fólk svo það fái ekki berkla til dæmis, en því starfi er öllu mjög ábótavant. Fólk verður fatlað vegna ýmissa sjúkdóma sem við sjáum ekki lengur hér á Íslandi og Vesturlöndum vegna forvarnastarfsins.“

Enginn hörgull er á fólki til starfa hjá Rauða krossinum í Afganistan.

„Okkur hefur tekist að gera fleira en að sinna bara sjúklingum frá degi til dags, því við höfum einnig getað fjárfest í þjálfun og kennslu, þannig að nú erum við með marga sjúkraliðara og marga bæklunarlækna, allt saman Afganar sem eru mjög duglegir. Þannig að við erum vel mönnuð. Auðvitað væri gott ef við hefðum fleiri stöðvar víðar um landið, en við höfum komið upp




ALBERTO CAIRO Hann kom í stutta heimsókn til Íslands nýverið til að ræða við fulltrúa Össurar og starfsfólk Rauða krossins.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ef talibanar senda til manns eigin konu sína eða systur, eða börnin sín, þá fer ekki á milli mála að maður hefur áunnið sér traust þeirra.

## STJÓRNARFARIÐ Í AFGANISTAN UNDAFNARINN ALDARFJÓRÐUNG



tilvísunarkerfi þannig að þar sem við erum ekki með bækistöð, þar getur fólk leitað til heilsugæslustöðvar, sem oftast er þá á vegum Rauða hálfmánans, og fengið tilvísun þaðan til okkar.“

## Íþróttirnar efla

Nýjasti þátturinn í endurhæfingarstarfinu eru íþróttir. sem Cairo segir að hafi náð að gjörbreyta lífi fjölda fólks.

„Þetta er mjög skemmtilegt og

það eina sem ég sé eftir er að hafa ekki byrjað á þessu fyrr, því ég gerði mér enga grein fyrir því hvað íþróttir geta verið öflugar. Við erum með fótbolta, badminton, blak og hjóla-stólakörfubolta. Og við erum með lið úti um allt, bæði konur og karla í sex borgum landsins. Ég hef vissulega séð miklar breytingar verða á fólki í endurhæfingarstarfinu okkar, en það er alveg ótrúlegt hvað íþróttirnar hafa mikil áhrif. Þetta breytir bæði hugsunarhætti og líferni fólks,

hvernig það á samskipti við aðra. Þetta gefur fólki bæði sjálfstraust og sjálfsvirðingu. Svo fæ ég svo mikið út úr þessu sjálfur. Ég er að þjálfa og þarf að hlaupta mikið. Þetta hjálpar mér að halda mér í formi.“

Cairo býr einn í íbúð inni á afgirtri húsalöð í Kabúl. Það eru verðir við hlið, en þeir eru óvopnaðir.

„Ég lifi bara ósköp venjulegu lífi,“ segir hann. „Ég hef mikið að gera. Á hverjum degi hitti ég sjúklingana. Þeir eru fjölskyldan mín.“



# MERKJAVÖRU

# MARKAÐUR



10.000 kr



6.000 kr



5.000 kr



6.000 kr



STUDIO  
London

5.000 kr



STUDIO  
London

2.000 kr



STUDIO  
London

5.000 kr



EYE  
CON

5.000 kr



STUDIO  
London

2.000 kr



NORTH

2.000 kr



STUDIO  
London

5.000 kr



ECCO

12.000 kr



ECCO

10.000 kr



ECCO

5.000 kr



STUDIO  
London

1.000 kr



ECCO

6.000 kr



The FLEXX

5.000 kr



STUDIO  
FIFTYSIX  
GIRL

2.000 kr



SOFT  
WALK

2.000 kr



300 kr



VIOXX

2.000 kr



relaxshoe

3.000 kr



VIOXX

3.000 kr



VIOXX

3.000 kr

MARKAÐURINN ER ENN  
Í FULLUM GANGI!

HÚSIÐ  
OPNAR  
kl 11<sup>00</sup>

Toppskórin

SMÁRATORGI

(við hliðina á Toys 'R' Us)



## 8 UPPÁHALDS ÖPPIN

Björt Ólafsdóttir  
þingkona  
Bjartrar  
fram-  
tíðar




**TWITTER**  
Uppáhaldssamfélagsmiðillinn minn. Algjörlega laus við tuð og langar ritgerðir um ástandið. Það er rosalegt að sjá hver máttur retweets-ins er og hvernig heimar tengjast.

**FACEBOOK**  
Í minna upphaldi hjá mér, en mikilvægt vinnutæki sem ég nýti mikið til samskipta, skrafs og ráðagerða.

**EBAY**  
Ég fæ svona ebay-köst við og við, en þæli svo ekkert í þessu appi þess á milli. Hef keypt ýmislegt þaðan, alltaf á góðu verði og seljendurnir hafa staðið við sitt.

**SPOTIFY**  
Mjög handhægur miðill fyrir notendur. Þeir borga tónlistarmönnum allt of lítið. Nota þetta app mest til að útbúa lagalista sem hægt er að nota í netleysi.



**PERIOD TRACKER**  
Var aðeins að reyna að notast við þetta app til að henda reiður á tíðahringnum. Get ekki sagt að það hafi virkað vel því að samkvæmt því er ég 406 dögum of sein í dag. Sem meikar engan sens. Þótt ég sé ólétt.

**LEGGJA.IS**  
Var í miklu upphaldi, en svo var ég alltaf að gleyma að skrá mig úr stæðum og bílastæðasjóður taldi krónurnar frá mér. Er komin á það að borga frekar sekt en að gleyma mér í appinu.

**SKYPE**  
Nota það mjög mikið til að vera í sambandi við fólkið mitt sem er statt erlendis.

**EPICURIUS**  
Mjög gott að hafa við höndina í búðinni þegar manni virðist bara detta í hug sama þrennan í matinn: fajitas, lasanja eða ofnbak-aður kjúklingur.



## Pandora í háskerpu

**THE HANDSOME COLLECTION ★★★★★**

SPENNA/GAMAN

Segjum sem svo að þú hafir ekki spilað Borderlands 2 eða Borderlands: The Pre-Sequel. Ólíklegt veit ég enda með áhugaverðustu leikjum síðustu ára. En ef svo er þá er The Handsome Collection einstakt tækifæri til að vaða í gegnum byssuóðan frumskóg Borderlands-söguheimsins.

Ekki síðan Valve gaf út The Orange Box hafa spilarar fengið jafn mikið fyrir peninginn og með The Handsome Collection. Tveir leikir, ógrynni af aukafni og allt í skínandi 1080p háskerpu 60 römmum á sekúndu.

Spilarar leiða frækinn hóp mála-liða í leit að fjársjóði plánetunnar Pandoru og slátra um leið trylltum uppreisnarmönnum og ófreskjum af öllum toga.

Spilunin er stórkostleg og fáir fyrstu persónu skotleikir hafa lagt jafn mikinn metnað í að færa spilurum frumlega og umfram allt skemmtilega upplifun.

Því miður er fyrsti Borderlands-leikurinn ekki innifalinn og minniháttar frásagnarleg feilspor leikjanna eru enn til staðar. Fjölsþilunin er ágæt en þegar tveir spilarar deila skjá á rammatíðni til með að falla snögglega.



## Galaxy S6 kominn í verslanir

Snjallsímarnir Galaxy S6 og S6 Edge, nýjustu flaggskip suðurkóreska tæknirans Samsung, eru komnir í almenna sölu í Bandaríkjunum. Talsmenn Samsung gera ráð fyrir mikilli sölu en greiningarfyrirtæki vestanhafs áætla að fyrirtækið selji um það bil 50 milljón S6-símtæki þetta árið.

Galaxy-línan hefur notið gríðarlegra vinsælda og er með vinsælustu snjallsímum veraldar. Söluölur Galaxy S5 á síðasta ári voru þó ekki í takt við eftirvæntingar. Samsung hefur gert róttækar breytingar á snjallsímum sínum og á það bæði við um útlit símanna og innvols.

S6-snjallsímarnir hafa fengið afar góðar viðtökur hjá sérfræðingum. „Við gerum ráð fyrir að slá sölumet,“ segir Lee Sang-chul, markaðsfulltrúi snjalltækja hjá Samsung.

**LÍF** Vísindamenn NASA eru sannfærðir um að líf finnist á næstu áratugum.



# Styttist í framandi kynni

Gnægð vatns í sólkerfinu okkar ásamt uppgötvun þúsunda lífvænlegra reikistjarna hefur stóru aukið líkur á að framandi líf finnist. Stóru spurningunni verður svarað á næstu áratugum.

**Kjartan Hreinn Njálsson**

kjartanh@frettabladid.is



**D**óttir mín mun ekki vaxa og dafna í sama heimi og ég. Rétt eins og hvernig ég óx úr grasi í heimi ólíkum þeim sem foreldrar mínir sktu rótum í mun stelpa mín, vonir hennar og þrár, taka mið af samfélagslegum og vísindalegum veruleika sem verður mér að mestu óskiljanlegur. Sem betur fer.

En, ég hugsa um það sem bíður hennar og til mögulegra tíðinda sem ég þarf vonandi ekki að greina frá. Listinn hefur að geyma notalegheit á borð við útbreidd átök í Kasμίr milli Indlands og Pakistans, olíuslys á norðurslóðum og misheppnað átak alþjóðasamfélagsins til að stemma stígu við losun gróðurhúsalofttegunda. Þetta eru raunverulegar ógnir, en í grunninn ósennilegar. Fréttamálín mögulega á hinum listanum eru öllu sennilegri. Bólufni við ýmsum pestum, örþirgð og hungursneyð þjóðanna á útleið, internetið mun ná til allra heimshorna.

Fréttin sem ég þrái að segja stálþaðri dóttur minni verður til þess að hún mun horfa til stjarnanna og sjá alheim þar sem líf er ekki bundið

við eina lítilfjörlega reikistjörnu. Alheimurinn hennar verður yfirfullur af lífi.

### Uppruni og upphaf

„Ég tel að við munum finna traust merki um líf handan Jarðar á næsta áratug og óbyggjandi vísbendingar um líf á næstu 10 til 20 árum,“ sagði Ellen Stofan, yfirvísindamaður NASA, í pallborðsumræðum um framandi líf í vikunni.

Stórar yfirlýsingar sem þessar krefjast öflugr rökstuðnings og miðað við uppgötvanir síðustu ára virðist Stofan ekki vera á hálum ís. Við höfum fundið rúmlega 4.000 bergreikistjörnur þar sem loftslag er tiltölulega milt. Á sama tíma höfum við áttað okkur á að vatn er algengt í sólkerfinu, samanlagt magn H<sub>2</sub>O í neðanjarðarhöfum á tunglum Saturnusar og Júpíters er margfalt meira en hér á Jörðinni. Fyrir árbúsundum var Mars vot veröld.

Sé mið tekið af efnafraðilegum eiginleikum þeirra frumefna sem eru algengust í alheiminum er hæglega hægt að áætla að lífefnafræðilegir neistar lífs eigi sér stað með leysieiginleikum vatns. Framandi efnafraðingur sem þakkar ammóníaki tilvist sína hlýtur að taka undir þetta.

### Ekki „hvort“ heldur „hvenær“

„Þegar við tölum um líf á Mars eða í

öðrum sólkerfum, þá erum við ekki að tala um litla græna menn. Við erum að tala um örverur. Þetta er birtingarmynd lífs sem er erfitt að finna,“ sagði Stofan. Hún bendir á gervitungsveima nú yfir Mars, glyrnur stjörnusjónauka skima eftir lífi og Curiosity þefar uppi flóknar lífrænar sameindir á rauðu plánetunni. En það þarf meira til. „Á endanum þurfum við senda lífræðinga á vettvang í leit að lífi og steingervinum.“

Þannig rannsakur NASA hvaða áhrif ársdvöl í geimnum hefur á líkamann. Tvíburabræðurnir Scott og Mark Kelly kvóddust 27. mars síðastliðinn. Sá fyrrnefndi verður um borð í alþjóðlegu geimstöðinni í 12 mánuði en saman veita bræðurnir vísindamönnum einstakt tækifæri til að meta áhrif langvarandi þyngdarleysis. NASA skýtur síðan James Webb-geimsjónaukanum risavaxna, arftaka Hubble, á loft árið 2018. Loks fær Curiosity félagsskap árið 2020 þegar nýtt könnunarfari lendir á Mars.

„Við vitum hvar við eigum að leita. Við vitum hvernig við eigum að leita,“ sagði Stofan. „Og í flestum tilfellum er tæknin til staðar og við vinnum nú að því að innleiða þessa tækni.“

John Grunsfeld, leiðangursstjóri vísindarannsóknar NASA, tók undir með Stofan: „Þegar kemur að sól-



„Ég tel að við munum finna traust merki um líf handan Jarðar á næsta áratug.“

Ellen Stofan, yfirvísindamaður NASA.

kerfinu okkar, hvort sem það er ísilagt tungl eða Mars, þá erum við einni kynslóð frá [þessum uppgötvunum] og það sama á við um reikistjörnu á braut um nálæga stjörnu.“

### Kynslóðaskipti

Yfirlitsáhrif er fyrirbæri sem margir geimfarar upplifa þegar þeir berja Jörðina augum og hefur verið skilgreint sem „vitsmunaleg tilfærsla meðvitundar“. Landamæri verða að engu, það er ekkert sem aðgreinir mannfólkið. Ég er sannfærður um að sambærileg áhrif munu eiga sér stað þegar líf loks finnst handan Jarðar.

Vísindin virðast vera í startholunum fyrir eitthvað stórkostlegt. Eins og dóttir mín eru þau eins og gormur sem spenntur hefur verið niður, orka sem bíður þess að losna úr læðingi. Vonandi fá þau að teygja sig hátt. Vonandi fæ ég að segja þessa frétt og vonandi hlustar Jónína.



# KRÓNAN



- fyrst og fremst  
ódyr!

## Kjúklinga- veisla

759<sup>kr. kg</sup>

Krónu ferskur kjúklingur



299<sup>kr. kg</sup>

Verð áður ~~329~~ kr. kg  
Krónu kjúklingavængir



Stórkaup

1989<sup>kr. kg</sup>

Krónu kjúklingabringur, stórkaup



Bara  
að hita

399<sup>kr. pk.</sup>

Verð áður ~~519~~ kr. pk.  
Holta BBQ vængir, 800 g



2299<sup>kr. kg</sup>

Verð áður ~~2499~~ kr. kg  
Ali kjúklingabringur



# KAFFI dagar

15%  
afsláttur  
af öllu kaffi



Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á [www.kronan.is](http://www.kronan.is)



ÆÐSTU PRESTAR GYÐINGA ÁSAKA  
JESÚ FRAMMI FYRIR PÍLATUSI.



# HÖRKUTÓL HUGGLEIÐIR SANNLEIKANN

FLÆKJUSAGA

**Illugi Jökulsson**  
skoðar heimildir  
um Pontíus  
Pílatus en  
þeim ber  
mjög illa  
saman um  
persónu  
landstjórans  
knáa.



Ég var að tala um Pílatus í flækju-  
sögunni fyrir viku. Þið flettið  
henni bara upp ef þið hafið misst  
af henni! Altént lauk henni á því  
að Pílatus var kominn til starfa  
sem skattlandsstjóri Rómaveldis  
í Júdeu, það var árið 26. Pílatus var lík-  
lega ungar árum þótt raunar sé ekkert  
um hann vitað fyrr en hann birtist í Júdeu.  
Hann kom máttarvöldum Gyðinga fljótlega  
upp á móti sér því hann þótti stífur og harð-  
fenginn og ekki á því að lofa Gyðingum að  
komast upp með eitthvert múður andspænis  
dýrð Rómur. Tíberíus keisari þurfti meira

að segja að setja ofan í við og minna hann á  
að helsta hlutverk hans, fyrir utan að inn-  
heimta skatta, væri að halda friðinn í skatt-  
landinu.

## Sögur af grimmdarseggi

Pílatus átti erfitt með það, að minnsta kosti  
framan af. Fyrir utan þau tvö tilvik sem  
ég nefndi fyrir viku, þá segir sagnaritar-  
inn Jósefus frá því að eitt sinn hafi Pílatus  
látið reisa vatnsleiðslu til Jerúsalem og til  
að borga fyrir vatnið notaði hann peninga  
úr fjárhirslum mustersins mikla. Þessu  
mótmaeltu Gyðingar þótt vatnið væri þeim  
ætlað, musterið var svo heilagt í þeirra  
augum að þar mátti ekki hrófla við neinu  
og allra síst útlendingur, þótt væri sá æðsti  
maður Rómur á svæðinu. Jósefus staðhæf-  
ir að Pílatus hafi kallað saman mannfjölda  
Gyðinga til að skýra mál sitt en svo dreifði  
hann mönnum sínum dularklæddum um  
fjöldann og á tilteknu augnabliki gripu menn  
hans sín stuttu sverð og hjuggu á báðar  
hendur til að hræða Gyðinga frá því að mót-  
mæla skattlandsstjóranum.

Grimmdarseggur, hann Pílatus, sem sagt?  
Já, ekki verður betur séð af heimildum frá  
Gyðingum sjálfum. Þessi frásögn Jósefus-  
ar er reyndar með svolitlu ólíkindum,  
því heimspekingurinn Filó segir að Pílatus  
hafi óttast mjög að Gyðingar myndu kvarta  
undan sér við Tíberíus og því skyldi land-  
stjórinn þá gefa Gyðingum svo kjörið tilefni  
til kvartana?

Filó var mikill merkismaður, Gyðingur,  
jafnan kenndur við Alexandríu í Egíptu-  
landi en þar var hann fæddur og uppalinn.  
Gyðingasamfélagið í Alexandríu var mjög

stórt og öflugt og Filó var þar innsti koppur  
í búri, mjög afkastamikill höfundur um  
heimspeki og trúmál og reyndi að samþætta  
gríska heimspeki og trú feðra sinna. Rit  
Filós hefðu kannski getað orðið mikilvæg-  
ur þáttur í nýjum trúarbrögðum eða altént  
nýrri og „frjálslyndari“ mynd Gyðingdóms,  
hann lagðist til dæmis mjög gegn bókstaf-  
stúlkun gyðinglegra fræðimanna í Jerús-  
alem, en tvennt kom að endingu í veg fyrir  
slíka þróun. Annars vegar gerðist Gyðing-  
dómur helstil afturhaldssamur eftir að Róm-  
verjar brutu niður í bókstaflegri merkingu  
þann miðpunkt Gyðingdóms sem musterið í  
Jerúsalem var eftir uppreisn þar í borg um  
árið 70. Þá þurftu Gyðingar að þetta raðir  
sínar í útleið og ýmsum raunum og brugð-  
ust við með því að úthýsa frjálslyndum og  
heimspekisinnuðum höfundum eins og Filó.  
Hins vegar yfirtók hinn nýi kristindómur  
(að breyttu breytanda) hluta af hinum heim-  
spekilegu og grísksettuðum hugleiðingum  
Filós og fleiri um guðdóminn.

## Eitthvað að marka dómana?

En það er önnur saga. Hér skiptir það eitt  
máli að Filó fór hinum hörðustu orðum um  
Pontíus Pílatus í skrifum sínum, og dæmin  
sem bæði hann og Jósefus sagnaritari nefna  
um stjórnhætti Pílatusar gefa vissulega til  
kynna að hann hafi verið hörkutól. Filó segir  
berum orðum að Pílatus hafi verið „hefni-  
gjarn skapofsamaður“ og hafi verið í eðli  
sínu ósveigjanlegur með öllu. Og hann bætir  
við að Pílatus hafi óttast kvartanir Gyðinga  
til Tíberíusar því ef farið yrði að rannsaka  
stjórntíð hans í Júdeu kæmu í ljós „þær  
mútur, móðganir, þjófnæðir, hneyksli og til-  
hæfulaust ofbeldi, aftökur án dóms og laga  
og sú stórkostlega alvarlega grimmd“ sem  
landstjórinn væri sekur um. Það munar sem  
sé ekki um það. Spurningin er náttúrulega, er  
eitthvað að marka þessa hörðu dóma bæði  
Filós og Jósefusar um Pílatus? Í sjálfu sér  
er ekki ástæða til að efast að ráði um það,  
Pílatus var enginn sá bógrur í Rómaveldi að  
hefði kallað svo illvígá óvini að jafnvel ára-  
tugum eftir lát hans væru þeir að ljúga upp  
á hann. En þó hélt hann starfi sínu í tíu ár og  
hann lifði meira að segja af þegar Sejanus  
lífvarðaföringi í Róm var settur af og lif-  
látinn fyrir samsæri gegn Tíberíusi árið  
31 – en eins og ég nefndi fyrir viku er alls  
ekki ólíklegt að Pílatus hafi uppflega verið  
skjólstaðingur Sejanusar og dáti eða emb-  
ættismaður í liði hans áður en hann sigldi til  
Caesareu, aðalbækistöðva Rómur í Júdeu.  
Eftir að Sejanus var drepinn féll fjöldi  
stuðningsmanna hans líka í blóðbaði því sem  
Tíberíus upphóf, en Pílatus hélt bæði lífi og  
starfi. Ef Gyðingar hefðu verið sáróánægðir  
með hann hefðu þeir væntanlega getað notað  
tækifærið, nú þegar ofsafeng tortryggni  
Tíberíusar var í hámarki, og losað sig við  
hann. En kannski var Pílatus einfaldlega í of  
góðu sambandi við þá allra æðstu valdaklíku  
sem réði í Jerúsalem, það er að minnsta  
kosti athyglisvert að allan þann tíma sem  
Pílatus var landstjóri hróflaði hann ekki við  
Kaíafasi æðsta presti en annars hikuðu róm-  
verskir landstjórar yfirleitt ekki við að setja  
af æðstu presta sem þeim féll ekki við. En  
hins vegar var Kaíafas settur af um leið og

Pílatus lét af embætti, svo reikna má með að  
í hugum fólks hafi þeir verið spyrtil saman  
og samvinna þeirra góð.

Krossfesting Jesú átti sér líklega stað  
árið 33 og í rómverskættuðum heimildum  
er ekkert að finna sem á er byggjandi um  
hvað raunverulega gerðist á þeim orlaga-  
ríku páskum. Hins vegar er einfalt að búa  
til mynd af því út frá því sem yfirleitt var á  
seyði um páskana. Þetta var mesta trúarhá-  
tíð Gyðinga og á páskum flykkust Gyðing-  
ar hvaðanæva að til Jerúsalem svo íbúa-  
fjöldi borgarinnar margfaldaðist í rúma  
viku. Pílatus hélt sig yfirleitt í hinni fögru  
hafnarborg Caesareu en á páskum hélt hann  
með mest sitt herlið til höfuðborgarinnar til  
að reyna að tryggja þar frið og stöðugleika  
í öllu mannhafinu. Þegar þarna var komið  
sögu hefur Pílatus ugglaustr verið búinn að  
læra þá lexíu að vera ekki að veifa táknu-  
m um rómversk yfirráð framan í mann-  
fjöldann, heldur reynt að láta sem minnst  
fara fyrir sér og dátum sínum. Sem land-  
stjóri hafði hann yfir um 3.000 manna liði  
að ráða, það var allt og sumt, og það var því  
gróðarlega mikilvægt að ekki syði uppúr –  
svo fámennit herlið yrði lítils megnugt gegn  
reiðum múg ef til alvarlegra uppbóta kæmi.  
En uppbót voru nefnilega algeng, Gyðingar  
sættu sig verr en flestar aðrar þjóðir við  
yfirráð Rómverja og ljóst má vera af marg-  
víslegum heimildum að ýmislegt gekk stund-  
um á í Jerúsalem um páskaeytið. Og ekki  
verður betur séð en einmitt það hafi gerst  
um þá páska þegar Jesú var á ferð í borg-  
inni á hátíðinni, því við vitum að ýmsir voru  
handteknir – þeir tveir sem voru krossfest-  
ir með Jesú, Barnabas sem sagður var hafa  
verið látinn laus og einhverjir kollegar hans,  
því í Markúsarguðspjalli er talað um að „upp-  
hlaupsmenn“ hafi verið í böndum og „höfðu  
þeir framið manndráp í upphlaupinu“. Hvers  
eðlis þetta upphlaup var vitum við ekki, en  
vegna þess verður að teljast skiljanlegt að  
Pílatus, sem rómverskur landstjóri, hafi  
verið var um sig og tilbúinn til að láta sverfa  
til stáls gegn þeim sem ógnuðu friðinum.

## Pílatus guðspjallanna og Pílatus grimmi

Og af einhverjum slíkum sökum hefur  
Jesú frá Nasaret verið handteknur, réttað  
yfir honum og hann líflátinn. Það var ekki  
friðar- eða kærleiksboðskapur Jesú sem olli  
því að Pontíus Pílatus lét taka hann af lífi,  
slíkur boðskapur hefði í sjálfu sér þvert á  
móti verið Pílatusi mjög að skapi við þessar  
aðstæður, heldur litu annaðhvort yfirvöld  
Gyðinga og/eða Rómverjar á hann sem ein-  
hvers konar ógn við friðinn í borginni. Og er  
þá nærtækt að benda á að öllum guðspjöll-  
unum ber saman um að Jesú hafi vissulega  
sjálfur staðið fyrir lítilsháttar uppbót þegar  
hann velti um borðum víxlaranna við must-  
erið. Víxlarar þessir gegndu mjög mikil-  
vægu og guðrækilegu hlutverki á hátíðinni,  
þeir skiptu „skítugum“ peningum aðkomu-  
Gyðinga í hreina og óspillta mynt must-  
ersins, sem svo mátti kaupa fyrir dúfur og  
önnur fórnardýr, og það var því hneyksli að  
ráðast gegn þeim eins og Jesú gerði. Þótt  
uppbót sé hann olli hafi ekki verið alvar-  
legt hefur það þó dugað til að tortryggnum  
yfirvöldum, sem alltaf voru smeyki við alls-  
herjar uppreisn, listit ekki á blikuna og teldu  
réttast að handtaka Jesú þennan.

Sér í lagi þegar um var að ræða svo  
ofstopafullan mann sem sá Pílatus er sem  
Jósefus og Filó lýsa. Hann hefði vart hikað  
eitt augnablik við að senda Jesú á kross  
ásamt öllum öðrum raunverulegum eða  
meintum „upphlaupsmönnum“. Og hefði  
hlegið kalt ef honum hefði verið sagt að sá  
daudadómur – einn af valafalaust mjög mörg-  
um sem Pílatus kvað upp um ævina – ætti  
eftir að leiða til þess að hann yrði næstu tvö  
þúsund árin úthrópaður í sjálfri trúarját-  
ningu fjölmennustu trúarbragða heims og  
byggðust á persónu þessa vesalings manns  
sem Pílatus dæmdi til hins grimmilega  
dauda. En hefur áreiðanlega ekki litið á sem  
söguleg tíðindi, og jafnvel verið búinn að  
gleyma áður en langt um leið.

En í guðspjöllunum er reyndar því lík-  
ast sem Pílatus gangi mjög tregur til þess  
leiks að krossfesta Jesú, þar lætur hann  
undan refsigliðum Gyðingum en vill sjálfur  
helst láta Jesú lausan, finnur altént ekki hjá  
honum neina sök. Og orsök þess að Pílatus  
guðspjallanna er svo ólíkur hinum grimma  
Pílatusi úr heimildum Gyðinga, hún er  
væntanlega einföld: Þegar guðspjöllin voru  
skrifuð á árunum 70-120, þá var hin nýja trú  
farin að breiðast út um flestar koppagrundir  
í Rómaveldi og það var því áhugamáli hinna  
frumkristnu að gera hlut Rómverjans, sem  
sannanlega dæmdi Jesú á kross, sem allra  
skástan – í von um að þeir fengu að vera í  
friði með sinn guð fyrir Rómverjum. Því er  
hinn harðneskjulegi Pílatus farinn að disk-  
útera sannleikann við dauðadæmdan fanga í  
guðspjöllunum.

En hvað varð um Pílatus? Frá því segir  
einhvern tíma seinna. Ekki samt í næstu  
viku, því þá förum við gangandi til Ástralíu.

## Viðurkenning Öldrunarráðs Íslands 2015

Árlega veitir Öldrunarráð Íslands sérstaka viðurkenningu  
til einstaklings, stofnunar eða félagasamtaka sem þykja  
hafa unnið einstakt starf tengt málefnum aldraðra.

Hér með óskar Öldrunarráð eftir tilnefningum til  
viðurkenningar Öldrunarráðs Íslands. Öllum er heimilt  
að senda inn tilnefningar.

Frestur til að senda inn tilnefningar er til og með  
26. apríl 2015 og skulu tilnefningar sendar til Öldrunarráðs  
Íslands, Hrafnistu við Laugarás, 104 Reykjavík eða á  
netfangið oldrunarrad@oldrunarrad.is

  
Öldrunarráð Íslands

“  
Hvers  
eðlis þetta  
upphlaup  
var vitum  
við ekki,  
en vegna  
þess verður  
að teljast  
skiljanlegt  
að Pílatus,  
sem róm-  
verskur  
landstjóri,  
hafi verið  
var um sig  
og tilbúinn  
til að láta  
sverfa til  
stáls gegn  
þeim sem  
ógnuðu  
friðinum.”



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## DANS OG GLEÐI

30 ára afmæli Kramhússins verður fagnað með veglegri dagskrá á morgun í Gamla bíói klukkan 20. Saga hússins verður sögð í dansi, tónlist og myndum.

## Nám í Svæða- og Viðbragðsmeðferð

Fornám byrjar fimmtudaginn 16 apríl frá kl. 18.00- 21.00 og áfram helgina 18/19 apríl frá kl. 11.00- 14.00.

Framhaldsnám ein helgi í mánuði (frí sumarmánuði)

- Tilvalið fyrir landsbyggðarfólk.

- Einnig völ á framhaldanami 1 kvöld í mánuði.

Helgarnámskeið í baknuddi 25.-26. apríl n.k.



HEILSUSETUR  
ÞÓRGUNNU



Viðurkenndur sérmenntaður kennari með 20 ára reynslu

Upplýsingar og innritun í síma  
552 1850 / 896 9653

Sjá nánar á  
[www.heilsusetur.is](http://www.heilsusetur.is)

Netfang:  
[thorgunna.thorarinsdottir@gmail.com](mailto:thorgunna.thorarinsdottir@gmail.com)

## KOMDU MEÐ!

**JÓNÍNA BEN KYNNIR** Heilsu meðferð Jónínu Ben hefur verið starfrækt í rúman áratug. Meðferðin er einstaklingsmiðuð og hefur skilað fólki betri heilsu á skömmum tíma. Komdu með í hin vinsælu heilsufrí Jónínu Ben í Póllandi!

Heilsu meðferðin, sem Jónína kennir sig við, hefur verið þróuð og notuð af pólsku læknum dr. Ewa Dabrowska og dr. Agnesku Lemanskie sem hafa áratuga reynslu af hreinsandi lækisfræðilegum föstum.

Á föstunni eru virkjuð ýmiss konar viðbrögð sem ætlað er að eyða uppsöfnuðum úrgangi og koma á jafnvægi og heilbrigði í líkamanum á ný.

Jónína segir þessa meðferð hafa skilað einstaklega góðum árangri. Með föstunni skapist aðstæður þannig að líkaminn lækni sig sjálfur og vinni bug á ýmsum kvillum sem séu fyrir hendi.

Erfitt er að detoxa án hvíldar því stress dregur úr virkni. Því er mikilvægt að fasta í rólegu umhverfi á borð við það sem boðið er upp á í Póllandi.

### LOSA MIG VIÐ EITUREFNIN

„Ég hef farið í detox meðferð (eða frí eins og ég lít á það) einu sinni á ári síðan 2009. Það á stóran þátt í bættri líðan minni. Þetta eru engin geimvísindi. Ég set mig í fyrsta sæti og losa mig við eiturefnin í líkamanum með því að fara til Jónínu minnst einu sinni á ári.“

Fríðrik Ómar Hjörleifsson



## HEILSUMEÐFERÐIR JÓNÍNU BEN Í PÓLLANDI 2015

**24. maí – 7. júní**

Nokkur herbergi laus.

**Jónína verður á hótél Elf frá:**

**15. júlí – 19. september**

Hægt er að koma hvenær sem er á þessum tíma. Best er að byrja meðferðina á laugardegi en aðrir dagar koma líka til greina sé flugið hagstæðara og herbergi laus.

**Verð**

190.000 kr. fyrir 2 vikur

120.000 kr. fyrir 1 viku

90.000 kr. fyrir 1 helgi (3 nætur)

Innifalið er fullt fæði og fræðsla sem og þétt dagskrá, gönguferðir, leikfimi og spa. Einnig einkaviðtöl við lækni og Jónínu.

**Aukakostnaður\*:**

Nudd og snyrting (mikið úrval): um 3.500 kr. fyrir 50 mín.

Leigubíll frá flugvelli: 5.000 kr. ef einn er í bílnum.

Magnaðar kynnisferðir til Gdansk og Sopot með frábærum leiðsögumanni í heilan dag: 13.000 kr.

\*miðað við núverandi gengi

**BÓKAÐU  
NÚNA**

Bókanir fara fram á [joninaben@joninaben.is](mailto:joninaben@joninaben.is) eða á facebook.

## KAUPAUKATILBOÐ

**NUTRILENK ACTIVE** fylgir í kaupbæti þegar keypt er 180 töflu glas af **NUTRILENK GOLD\***



\*Tilboðið gildir til 30. apríl 2015 eða á meðan bírgöfir endast!

Útsölu staðir: flest apótek, heilsu búðir og verslanir



Sigrún Emma Björnsdóttir, íþróttakona

## Sykurlöngunin hvarf og mittismálið minnkaði!

„Raspberry Ketones frá Natures Aid hefur gert frábæra hluti fyrir mig og ég mæli 100% með þeim...“

natures aid®



GMP vottað hráefni



Karen Hauksdóttir starfar við garðyrkju á höfuðborgarsvæðinu.

## Losnaði við sykurþörfina og 13 kíló farin!

„Mittismálið minnkaði og ég er orkumeiri. Einnig finnst mér ég ekki þurfa borða eins mikið og áður og sleppi sælgæti algjörlega.“

Útsölu staðir: flest apótek, heilsu búðir og heilsuhillur stórmarkaða og verslana

[www.gengurvel.is](http://www.gengurvel.is)



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í forni viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** | Sölumenn: **Bryndis Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434  
**Jón Ívar Vilhelmsson**, jonivar@365.is, s. 512 5429

Hægðalosun innan 15 mínútna

Þjáist þú af hægðatregðu?

**Microlax mýkir harðar hægðir og hjálpar til við hægðalosun með einföldum hætti**

- Hraðvirkt
- Fyrir bæði börn og fullorðna
- Staðbundin verkun í endaparmi og skilst út með hægðum
- Microlax hefur verið í notkun í meira en 25 ár án nokkurra vandkvæða hvað varðar öryggi

**Microlax endaparmslaun** (inniheldur natriúmsítrat og natriúmhlífósífat) fæst án lyfseðils og er notað við hægðatregðu og til þarmahreinsunar fyrir skurðaðgerð, endaparmsspeglun eða röntgenmyndatöku. **Skammtar:** Fullorðnir og börn: 1 tupa í endaparm u.þ.b. 15 mín. áður en áhrifa er óskað. Smíði enda túbussprotans af og smyrjið endann með dropa af innihaldinu. Færið allan sprotann inn í endaparm, hjá börnum yngri en 3 ára skal einungis færa sprotann inn að hálfu. Tæmið túpuna alveg og haldið samanklemmri á meðan sprotinn er dreginn út. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnum. **Varnaðarorð:** Gætið varúðar við notkun hjá börnum yngri en 3 ára. Notið ekki ef einstaklingur þjáist af blæðandi eða særandi gyllinaði, þarmabólgu eða bráðum maga- eða þarmasjúkdömi. Má aðeins nota daglega í skamman tíma. Óeðlilega mikil notkun getur valdið niðurgangi og vökvatapi. Ef þörf er á hægðalyfjum daglega skal kanna ástæður hægðatregðunnar. Tíð eða endurtekin notkun í meira en viku getur valdið ávanabindingu. Ef blæðir frá endaparmi eða ef engin hægðalosun verður eftir notkun getur ástæðan verið alvarleg. Skal þá meðferð hætt og leitað læknis. Inniheldur sorbinsýru sem getur valdið staðbundnum útbrotum. **Meðganga og brjóstgjöf:** Ekki er búist við óæskilegri verkun hjá fósturum/nýburum sé lyfið notað eins og mælt er fyrir um. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umbod á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000. IS/MC/201411-2

Til hvers að flækja hlutina?

LIFÐU Í NÚLLINU!

365

365.is  
Sími 1817



**GÓÐUR FÉLAGSSKAPUR** Einar segir meðlimi gönguklúbbsins eflast bæði andlega, líkamlega og félagslega. „Það er ekki nóg með að fólk styrkist, kynnist landinu, fái ferskt loft í lungun og hraustlegt útlit heldur myndast oft langvarandi vinabönd.“

# 100 KÍLÓMETRA GÖNGUÁSKORUN

**3,6 KÍLÓMETRAR Á DAG** 100 kílómetra áskorun gönguklúbbsins Vesens og vergangs og SÍBS hófst í vikunni. Þátttakendur setja sér það markmið að ganga 100 kílómetra á 28 dögum. Þegar hafa 400 manns skráð sig til leiks.

Áskorun SÍBS og gönguklúbbsins Vesens og vergangs hófst formlega á miðvikudag en að sögn Einars Skúlasonar, stofnanda gönguklúbbsins, er fólk enn að slást í hópinn og ekkert mál að byrja seinna og lengja átakið í hinn endann sem því nemur. Gönguklúbburinn Vesen og vergangur, sem hóf göngu sína fyrir tæpum fjórum árum, og SÍBS tóku höndum saman síðastliðið haust og efndu til svokallaðrar haustáskorunar. Hún var hugsuð fyrir þá sem voru að stíga sín fyrstu skref í göngu og jafnvel að stíga upp úr veikindum eða meiðslum. „Þátttakan var mjög góð og endurtökum við leikinn í vor. Nú ákváðum við að ráðast í þriðja samstarfsverkefnið og nú þegar hafa um 400 skráð sig. Þótt við köllum þetta framhaldsverkefni þá ætti þessi áskorun að höfða jafnt til byrjenda sem lengra kominna, enda nóg að ganga 3,6 kílómetra á dag til að standast áskorunina. Þá er alveg sama hvort gengið er á fjöll, jafnsléttu, innan- eða utandyra enda er þetta ekki keppni heldur áskorun fyrir hvern og einn,“ segir Einar.

Þátttakendur eru þó hvattir til að vera virkir á vegg viðburðarins og láta vita af afrakstri dagsins. „Því fylgir bæði ákveðið aðhald og svo er ekki verra ef fólk deilir því hvernig gekk og líðaninni á eftir því

betri líðan er jú það sem við erum að sækjast eftir.“

## 10 SKIPULAGÐAR GÖNGUR

Þátttakendur geta bæði gengið á eigin vegum eða tekið þátt í skipulagðum göngum á vegum gönguklúbbsins sem verða tíu talsins á tímabilinu. Bæði er um að ræða styttri kvöldgöngur á virkum dögum í og við höfuðborgarsvæðið og lengri helgargöngur á Suður- og Vesturlandi. Markmið áskorunarinnar er að sögn Einars að fólk geri göngur að daglegri venju, eflist að líkamlegum og andlegum styrk og kynnist skemmtilegu fólki í leiðinni.

## AUÐVELT AÐ MÆLA

En hvernig eru vegalengdirnar mældar? „Margir eru með snjallsíma eða -úr en það er þó alls ekki nauðsynlegt enda hægt að notast við ýmiss konar aðgengileg kort á netinu til að reikna út vegalengdir. Já.is er til dæmis með mjög gott kort. Þar er mælistika sem er dregin á milli punkta til að reikna út kílómetrafjöldann. Landmælingar eru með sams konar kort og sömu-leiðis Borgarvefsjá, Google maps og flestöll sveitarfélög,“ útskýrir Einar. Hann segir hins vegar oft geta verið gaman að nota snjalltækin. „Það er hægt að hlaða niður ýmsum skemmtilegum forritum eins og til dæmis Endomondo. Þar er hægt að

sjá hvað maður hefur farið hratt, hversu mikil hækun var á leiðinni og ýmislegt annað. Það kryddar auðvitað aðeins.“

## TÆP TVÖ PRÓSENT ÞJÓÐARINNAR Í KLÚBBNUM

Í dag eru um 5.700 meðlimir í gönguklúbba Einars. „Þetta er í kringum 1,7 prósent þjóðarinnar þótt allur sá fjöldi hafi reyndar ekki



EINAR SKÚLASON

mætt í göngur. Þetta hefur undið mikið upp á sig og í dag er það ekki aðeins ég sem skipulegg göngur. Trausti Pálsson, einn meðlimur klúbbsins, hefur verið með vikulegar þriðjudagsgöngur og svo voru nokkrir í hópnum sem tóku sig saman og fóru að skipuleggja göngur fyrir vaktavinnum fólk og aðra sem eru lausir á daginn. Það hafa því sprottið ýmsir angar út frá þessu og við erum oft með 4-5 göngur á viku.

Einar á von á því að framhald verði á samstarfinu við SÍBS en markmið þeirra er að stuðla að aukinni lýðheilsu. Áhugasamir eru hvattir til að ganga í hópinn 100 km áskorun SÍBS og Vesens og vergangs á Facebook. ■ vera@365.is

**ora**  
Ástríða í matargerð

**NÝTT FRÁ ORA**  
Prófaðu síld í dillsósu og chilli síld  
fæst í helstu verslunum



## VINVEITTIR GERLAR

Dagleg inntaka vinveittra gerla styrkir ónæmiskerfið. OptiBac fæst í öllum apótekum og heilsuverslunum á Íslandi. Nánari upplýsingar á [www.raritet.is](http://www.raritet.is) og [www.facebook.com/optibaciceland](http://www.facebook.com/optibaciceland)

# FLATUR MAGI Á SJÖ DÖGUM

**RARITET KYNNIR** OptiBac-meltingargerlarnir henta þeim sem þjást af óþægindum í maga. Þeir hjálpa til við niðurbrot mjólkursýkurs og sterkju í meltingarvegi. One Week Flat dregur úr lofti í maga og gerir þaninn kvið flatari.

Ég stunda strangar æfingar alla daga og það útheimtir mikla orku. Ég þarf að byggja upp orkuna bæði fyrir æfingarnar og til að eiga eitthvað afgangsfyrir fjölskylduna og daglegt líf. Það reynir verulega á líkamann að standast álagið sem fylgir því að vera dansari og keppa á meðal þeirra bestu," segir Hanna Rún Bazev Óladóttir dansari.

Algengt er að fólk fái pestir, svo sem kvef og flensu eða í magann, þegar líkaminn er undir miklu álagi. Því er mikilvægt að huga vel að mataræðinu og taka inn OptiBac-meltingargerla en 60% af ónæmiskerfisfrumunum er að finna í meltingarveginum. Vinveittar bakteríur úr OptiBac styrkja varnarkerfi líkamans.

### VIÐKVÆM Í MAGA

Hanna Rún kynntist nýlega OptiBac-meltingargerlunum. OptiBac – One Week Flat er sjö daga kúr sem inniheldur vinsamlegar bakteríur eins og acidophilus og prebiotics-trefjar.

„Ég er sjálf með magavandamál. Ég þoli illa glúten, brauð og mjólk og er alltaf í miklum vandræðum þegar kemur að keppnum. Þá þarf ég að passa mjög vel hvað ég læt ofan í mig. Það er dagamunur á mér, stundum get ég vel borðað brauð án þess að finna fyrir neinu en aðra daga fer það rosalega illa í mig. Við ferðumst líka mjög mikið í tengslum við keppni og þá er ég kannski að borða öðruvísi mat en ég er von. Það kemur oft fyrir að maginn á mér þenst út, mér verður illt og lít nánast út fyrir að vera komin nokkra mánuði á leið. Það er erfitt að keppa í þröngum kjól með útblásinn maga," segir Hanna Rún.

„Meðan á blæðingum stendur þenst kviðurinn líka gjarnan út og þá er mjög erfitt að halda maganum inni. One Week Flat kemur sér vel þá daga sem þær standa yfir.“

### ÞARF EKKI AÐ GLEYPA PILLUR

„Það er líka stór kostur við One Week Flat að það er í duftformi en ekki í töflum. Ég hef alltaf átt mjög erfitt með að gleypa töflur, sama hversu litlar þær eru. Þess vegna líst mér sérstaklega vel á að One Week Flat er í duftformi, ég get þá bara hrært það út í vatni," segir Hanna Rún.

FÆST Í ÖLLUM  
HELSTU APÓ-  
TEKUM OG  
HEILUSVÖRU-  
VERSLUNUM



### ONE WEEK FLAT

- OptiBac-meltingargerlarnir henta vel fyrir þá sem þjást af óþægindum vegna lofts í maga sem getur stafað af matarópoli eða vanvirgni í meltingarstarfsemi.
- One Week Flat er sjö daga kúr sem inniheldur vinsamlegar bakteríur eins og acidophilus og prebiotics-trefjar.
- Gerlarnir hjálpa til við niðurbrot mjólkursýkurs og sterkju í meltingarvegi og koma í veg fyrir óþægindi sem tengjast fæðuópoli.
- One Week Flat dregur úr lofti í maga og gerir þaninn kvið flatari.
- Vörurnar frá OptiBac innihalda blöndu sýrupólina meltingargerla sem komast örugglega og lifandi gegnum magasýrur smáþarma, þar sem þeim er ætlað að virka.

### HEILBRIGÐ MELTING

„Ég mæli með því að nota vandaða meltingargerla eins og frá OptiBac Probiotics til að viðhalda heilbrigðri meltingu og bæta almenna heilsu.“ Hanna Rún Bazev Óladóttir dansari.  
MYND/ERNIR




# OptiBac probiotics

Gegn sveppasýkingu, bakteríusýkingu og þvagfærasýkingu

@OptiBac

[www.facebook.com/optibaciceland](http://www.facebook.com/optibaciceland)



„Ég mæli með því að konur velji náttúrulegu leiðina gegn þrálátum sýkingum og sem forvörn“

Valbjörg Þórðardóttir  
hjúkrunarfræðingur

Fæst í apótekum og heilsubúðum



## BESTA FLENSUVÖRN SEM ÉG HEF PRÓFAÐ

Sambucol er öflug fyrirbyggjandi lausn gegn kvefi og flensu fyrir alla fjölskylduna. Sambucol er náttúrulegt fæðubótarefni úr black elderberry-extrakt.

Þórarinn Þórhallsson, eigandi Raritet, hefur varla fengið flensu eða kvef undanfarnin ár eða síðan hann kynntist Sambucol. „Ég prófaði Sambucol þegar ég fékk heiftarlega flensu fyrir nokkrum árum og það virkaði strax. Einkennin urðu mildari og það var mun auðveldara að takast á við veikindin. Ég var kominn aftur á ról eftir tvo til þrjú daga. Eftir það hef ég notað Sambucol markvisst allt árið um kring og hef hvorki fengið kvef né flensu síðan sem neinu nemur, 7-9-13,“ segir Þórarinn.

### NÁTTÚRULEG VÍRUSVÖRN

Áratuga rannsóknir á Sambucol hafa sannað gagnsemi við t.d. inflúensu A og B og styrkingu á ónæmisviðbrögðum.

### Dæmi um klínískar rannsóknir á Sambucol:

- 1995 – Inflúensa B rannsókn Miklu meiri bati hjá 93,3% þeirra sem tóku Sambucol en þeim sem notuðu lyfleysu.
- 2001 – Ónæmiskerfisrannsókn „In vitro“ Sambucol reyndist vera hjálplegt til að styrkja ónæmiskerfið hjá fólki sem hafði minnkandi ónæmisviðbrögð.
- 2004 – Inflúensa A rannsókn Sambucol sýndi góða verkun gegn flensu og fækkaði veikindadögum að meðaltali um fjóra. Þeir sem tóku Sambucol þurftu einnig á mun minni verkjalyfjum að halda.
- Fuglaflensa H5N1 Sambucol virkaði í 99% tilfella til að vinna á móti H5N1 vírusnum.

### HVERNIG GETUR SAMBUCOL HJÁLPAÐ?

- Með því að taka Sambucol allan ársins hring er hægt að koma í veg fyrir kvefsmít og flensu. Mælt er með því að taka stærri skammt af Sambucol yfir vetrartímann.
- Sambucol getur hjálpað til við að forðast flensu og ferðalögum, á fjölförnum stöðum og í almenningsfarartækjum.
- Sambucol hefur fyrirbyggjandi áhrif, svo gott er að taka það inn þegar mikið stendur til.

### SAMBUCOL ER FÁANLEGT Í ÞEMUR MISMUNANDI PAKKNINGUM

- Sambucol for Kids er bragðgott náttúrulegt þykki sem inniheldur svört ylliber og C-vítamín. Hentar börnum á aldrinum 3-12 ára. Þykkið er einstaklega bragðgott.
- Sambucol Immune Forte er sykurlaus, náttúrulegt þykki sem inniheldur svört ylliber og Antivirín sem kemur í veg fyrir að vírusar nái til frumanna og fjölgi sér. Inniheldur auk þess C-vítamín og sink sem styrkja ónæmiskerfið.
- Sambucol Immune Forte – hylki: Fyrir þá sem ekki vilja mixtúru er hægt að fá Sambucol forte með C-vítamíni og sinki í hylkjum. En forðahylki eru góður kostur þar sem innihaldsefni eru í duftformi og eru þannig auðmeltanleg.

### GÓÐ RÁÐ TIL AÐ FORÐAST SMIT

- Hreinlæti.
- Borðið engifer og hvítlauk og takið meltingargerla til að styrkja ónæmiskerfið.
- Takið inn Sambucol alla daga til að minnka líkur á smiti af kvefi og flensu.
- Best er að halda sig heima ef flensan bankar upp á.



  
**MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI**

**Framhaldsskólakennari í efnafræði**

Menntaskólinn í Kópavogi óskar eftir að ráða framhaldsskólakennara (sbr. lög nr. 87/2008) í efnafræði.

Umsækjandi þarf að hafa háskólapróf í efnafræði eða skyldum greinum og kennsluréttindi á framhaldsskólastigi. Umsækjandi þarf að geta kennt bæði byrjendum og lengra komnum. Launakjör fara eftir kjarasamningi framhaldsskólakennara og stofnanasamningi MK.

**Umsóknarfrestur er til 15. apríl.** Ekki þarf að sækja um á sérstöku umsóknar-eyðublaði en umsókn þarf að fylgja afrit af prófskírteini auk yfirlits um fyrri störf. Umsókn skal senda til skólameistara (margret.fridriksdottir@mk.is).

Upplýsingar um skólann eru á heimasíðu [www.mk.is](http://www.mk.is). Frekari upplýsingar um starfið veita skólameistari, Margrét Friðriksdóttir og aðstoðarskólameistari Helgi Kristjánsson í síma 594 4000.

**Skólameistari**

[www.fi.is](http://www.fi.is)

# Fræðslu- og myndakvöld

Hreyfiseðill á Íslandi - Kynning á verkefnum - Frá horfinni tíð -

Ferðafélag Íslands stendur fyrir fræðslu- og myndakvöldi nk. miðvikudag, 15. apríl, kl. 20:00 í sal FÍ.

**Hreyfiseðill á Íslandi – ávísun á hreyfingu**  
Auður Ólafsdóttir sjúkráþjálfari og varaformaður SÍBS.

**„The Biggest Winner“ og Bakskóli FÍ**  
Páll Guðmundsson framkvæmdastjóri FÍ og Steinunn Leifsdóttir íþróttakennari fara yfir hugmyndafræðina að baki „The Biggest winner“ og Bakskóla FÍ.

**Frá horfinni tíð**  
Sigurður Guðjónsen, kortagerðamaður fer yfir myndir úr safni föður síns Einars Þ. G. sem lengi var framkvæmdastjóri FÍ.

**Aðgangseyrir kr. 600, innifalið kaffi og kleinur**  
**Allir velkomnir!**

 **FERÐAFÉLAG ÍSLANDS**  
Mörkinni 6 | 108 Reykjavík | S: 568 2533 | [www.fi.is](http://www.fi.is)

[www.matarfkn.is](http://www.matarfkn.is)

Esther Helga Guðmundsdóttir M.Sc.

**Glímir þú við stjórnleysi í áti og þyngd!**

## NÝTT LÍF

**6 vikna námskeið fyrir þá sem vilja ná tökum á matar- sykurfíkn!**  
Námskeiðið hefst með helgarnámskeiði helgina 17-19. apríl - 28. maí  
Staðsetning: Brautarholti 4a, Reykjavík

**6 vikur: Helgarnámskeið, daglegur stuðningur við matarprógramm, vikulegir hópfundir, fyrirlestrar og viðtöl**  
Innifalið eru 3 máltíðir, matarprógramm, uppskriftir og annað meðferðarefni

Næsta 8 vikna framhaldsnámskeið hefst miðvikudaginn 22. apríl  
Staðsetning: Brautarholti 4a, Reykjavík

  
**MFM MIÐSTÖÐIN**  
Meðferða og fræðslumiðstöð vegna matarfíknar og átraskana  
Brautarholti 4a, 105, Reykjavík  
S. 568 3868, [www.matarfkn.is](http://www.matarfkn.is)

Áhugasamir hafi samband í síma 568 3868 eða sendið póst á [matarfkn@matarfkn.is](mailto:matarfkn@matarfkn.is)



**MEÐ BÖRNUNUM** Sigríður Arna Sigurðardóttir og Lára Guðrún Sigurðardóttir segja lífið verða svo miklu skemmtilegra þegar foreldrar taka þátt í því sem börnin gera en standa ekki bara hjá á vaktinni.  
MYND/VILHELM

# GAMAN SAMAN

**FJÖLSKYLDUHELGI** Fjöldi skemmtilegra staða leynist á og við höfuðborgarsvæðið sem gaman er að heimsækja með fjölskyldunni. Gott er að skipuleggja hvað eigi að gera í helgarfríinu með svolitlum fyrirvara.

Flestir vilja nota frítíma sinn í það að vera með fjölskyldu sinni og eru börn og unglingar engin undantekning þar á. Rannsóknir íslenskra félagsvísindamanna sýna fram á að börn vilja að foreldrar taki meiri þátt í lífi þeirra utan skóla og íþróttastarfs. Þær Sigríður Arna Sigurðardóttir hjúkrunarfræðingur og Lára Guðrún Sigurðardóttir lækni eru höfundar bókarinnar Útivist og afþreying fyrir börn. Þær reyna að eyða sem mestum tíma með börnum sínum og segja að sú hugsun læðist reglulega að þeim hvernig börnin eigi eftir að minnast æskunnar. Þær segja að til að það verði meira úr helgunum og frítímanum sé sniðugt að skipuleggja samveru með smá fyrirvara. Til dæmis sé hægt að búa til samverudagatal og hafa þær nýlökíð við að gera slíkt dagatal fyrir vorið og sumarið með sínum börnum. „Á listann er komið origami, fiski-spa, heiti lækurinn í Reykjadal, útivistarsvæðið í Gufunesi, Byggðasafnið í Hafnarfirði, Kjarvalsstaðir og listasmiðjan, hellaskoðun í Arnarkeri og sund í Þorlákshöfn.“




út í Viðey og dagsferð til Vestmannaeyja sem dæmi um skemmtilegar fjölskylduferðir. „Fjallgöngur eru líka eitthvað sem gaman er að stunda með börn og mörg fjöll henta mjög vel fyrir þau. Ég hef tekið mína drengi með á Esju og er oft mikið kapp hjá þeim yngri að komast alla leið upp á topp,“ segir Lára.

**GRÓTTA**  
Einn af upphaldsstöðum Sigríðar Örnú og fjölskyldu er Gróttta. Þar er margt að skoða og gaman að vera.  
ADSEND MYND

**SÆKJA RÓ OG KRAFT Í NÁTTÚRUNA**  
Útivist skiptir þær báðar miklu máli og þær luma á ýmsum góðum stöðum sem gaman er að heimsækja. „Við búum báðar við þau forréttindi að náttúran er allt í kringum heimili okkar og stutt að sækja þangað ró, kraft og heilsu. Í bókinni okkar Útivist og afþreying fyrir börn bendum við á ótal staði, úti sem inni. Okkur finnst útivist með sonum okkar mjög mikilvæg. Þeir sækja talsvert í að vera í tölvunni þegar þeir eru heima og vill þá oft myndast ákveðin spennan í þeirra samskiptum. Með því að drífa þá út verður andrúmsloftið mun betra. Þeir koma inn endurnærðir og ákveðin ró færast yfir heimilið.“

**LEYFA ÍMYNDUNARAFLINU AÐ RÁÐA FÖR**  
Þær Lára og Sigríður Arna leggja yfirleitt áherslu á að það sé ekki til neitt sem heitir vont veður, það þurfi bara að klæðast eftir veðri enda sé veðrið yfirleitt betra þegar út er komið. „Þetta á líklega ekki við um undanfarna mánuði,“ segja þær og hlæja. „Á dögum þegar það er ófært út úr húsi er um að gera að leyfa ímyndunaraflinu að ráða, að hafa til dæmis náttfatadag, spila saman, fara í nestisferð á stofugólfinu, gera þrautabraut eða búa til skuggamyndir. Annars er Klifurhúsið vinsælt hjá okkar fjölskyldum. Klifur er frábær hreyfing sem reynir á samhæfingu, jafnvægi og styrk. Þá klifrar maður að sjálfsögðu með barninu og sýnir fimi sína. Síðan eigum við frábær söfn, Þjóðminjasafnið og Sjóminjasafnið eru fróðlegir og áhuga-verðir staðir fyrir fjölskyldur.“



**ÚLFARSFELL**  
Lára og fjölskylda eru dugleg við að fara í fjallgöngur. Hún segir mörg fjöll henta vel fyrir börn að ganga á eins og til dæmis Úlfarsfell.  
ADSEND MYND

**FJARA OG FJÖLL**  
Einn af upphaldsstöðum Sigríðar Örnú og fjölskyldu hennar er Gróttta. „Þangað fer ég reglulega með mína stráka og leyfi þeim að vaða í sjónum og tek þá gjarnan með veiðivöðlur sem nýtast þá meira en til veiðaferða. Þarna geta þeir gleymt sér í langan tíma. Í Gróttu er líka upphitað fótabað þar sem hægt er að sitja og hlusta á hafið, skemmtilegur viti sem gaman er að skoða og ekki spillir fyrir að taka með nesti,“ segir hún.  
Hellaferðir eru líka spennandi og hafa þær stölluð lenti í ýmsum ævintýrum í slíkum ferðum. Þær nefna líka siglingu

**BÓK Á ENSKU OG UM AKUREYRI**  
Sigríður Arna og Lára halda úti heimasíðunni [samvera.is](http://samvera.is) og eru virkar á Facebook undir heitinu Útivist og afþreying fyrir börn – Reykjavík og nágrenni, þar sem þær benda fólki á skemmtilega staði, viðburði og annað sem varðar fjölskyldur. „Við erum líka með enska bók í farvatninu og draumurinn er að gefa út bók fyrir Akureyri. Við eigum til efnið en þurfum að finna tíma til að setja það saman.“

■ [liljabjork@365.is](mailto:liljabjork@365.is)





**FLEIRI MYNDIR Á FACEBOOK!**

*hjá Grafhildi*

 Vertu vinur okkar á Facebook

- Engjateigi 5
- Sími 581 2141
- [www.hjagrafnhildi.is](http://www.hjagrafnhildi.is)



# DREKAPRINSESSAN

**TÍSKA** Breska leikkonan Emilia Clarke er þekktust fyrir hlutverk sitt sem prinsessan og drekamóðirin Daenerys Targaryen í þáttunum Game of Thrones. Hún prýðir forsíðu aprílútgáfu breska Vogue.

Fimmta þáttaröð Game of Thrones hefur göngu sína á Stöð 2 á mánudaginn. Emilia Clarkson hefur leikið stórt hlutverk í öllum sýrnum og ekki verður breyting á því í þeirri fimmtu. Má telja þetta nokkuð vel af vikið enda hafa aðalpersónur þáttanna týnt tölunni hver af annari.

Hlutverkið hefur komið ferli hinar 28 ára leikkonu á flug. Hún lék Holly Golightly í Broadway-uppsetningu á leikritinu Breakfast at Tiffany's árið 2013. Hún hefur leikið í myndinni Dom Hemingway ásamt Jude Law, hún leikur Söruh Connor á móti Arnold Schwarzenegger í Terminator Genisys og aðalhlutverkið í myndinni Voice from the Stone sem er væntanleg.

Nýverið sat hún í fyrsta sinn fyrir hjá breska Vogue. Í viðtalinu í blaðinu segir hún frá reynslu sinni af Game of Thrones og hvernig hún reyndi að sannfæra foreldra sína um að horfa ekki á fyrstu þáttaröðina þar sem það gæti sært blygðunar-kenn þeirra.



HALSTON HERITAGE

CALVIN KLEIN

CHANEL

ALBERTA FERRETTI

CHRISTIAN DIOR

VIVIENNE WESTWOOD

**Pampers**  
lovesleep&play

## Húðlæknar mæla með Pampers

Pampers bleiur hafa fengið sérstaka viðurkenningu frá óháðum samtökum húðlækna, **Skin Health Alliance**. Pampers bleiur þykja sérstaklega góðar fyrir húð ungbarna, en þær eru nú með nýju og stærra yfirlagi sem dregur bleytu hraðar frá viðkvæmri húð barnsins. Húðin helst þurr og barnið getur sofið ótruflað lengur.

Þess vegna mæla húðlæknar með Pampers.





## ERT ÞÚ Í TÍSKU?

### DEILDARSTJÓRI Í DÖMUDEILD

Next á Íslandi óskar eftir að ráða í starf deildarstjóra í dömudeild. Leitað er að kraftmiklum og sjálfstæðum aðila sem hefur brennandi áhuga á tísku. Um er að ræða fullt starf og gert er ráð fyrir að deildarstjóri geti hafið störf fljótlega. Æskilegt er að viðkomandi sé eldri en 25 ára.

Next er verslun fyrir alla fjölskylduna. Next býður upp á eitt mesta úrval landsins af dömu-, herra- og barnafatnaði. Next rekur 1.400 fermetra verslun á tveimur hæðum í Kringlunni. Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á Facebook síðunni *Next á Íslandi*.

#### HÆFNISKRÖFUR

- » Haldbær reynsla af sambærilegum störfum.
- » Rík sköpunar- og skipulagsgáfa.
- » Miklir samskiptahæfileikar og rík þjónustulund.
- » Brennandi áhugi á tísku.

#### HELSTU VERKEFNI

- » Umsjón með framsetningu á vörum og útliti deildar.
- » Umsjón með vakta- og verkskipulagi starfsmanna.
- » Áfyllingar.
- » Önnur tilfallandi verkefni.

#### SÆKJA UM:

Nánari upplýsingar um starfið veita Hildur Erla Björgvinsdóttir, [hildur@radum.is](mailto:hildur@radum.is) og Sigrún Erna Sævarsdóttir, [sigrun@radum.is](mailto:sigrun@radum.is) í síma 519 6770.


Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Ráðum [www.radum.is](http://www.radum.is) Með umsókn skal fylgja greinargöð ferilskrá.

Umsóknarfrestur er til og með 19. apríl næstkomandi og er öllum umsóknum svarað þegar niðurstaða um ráðningu liggur fyrir.

**ráðum**  
atvinnustofa

UMSÓKNARFRESTUR  
19. apríl nk.

RÁÐUM EHF • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • [radum@radum.is](mailto:radum@radum.is)



## Verkís leitar að öflugum liðsmönnum

### BIM Leiðtogi

Verkís óskar eftir áhugasömum BIM leiðtoga í nýja stöðu hjá fyrirtækinu. Leitað er að verkfræðingi eða tæknifræðingi með mikinn áhuga á BIM stjórnun, sem getur verið í forsvari fyrir og leitt samræmda innleiðingu á BIM hugmyndafræðinni og verklagi henni tengdu.

#### Starfið felur m.a. í sér að:

- styrkja og þróa BIM verklag fyrirtækisins og leiða aðra starfsmenn til skilvirkari vinnubragða
- vera BIM tengiliður á milli hinna ýmsu fagþátta í starfsemi fyrirtækisins
- vera í forsvari fyrir fræðslu starfsmanna á sviði BIM og samræma BIM notkun
- vera ábyrgur fyrir BIM handbók og BIM verklagsreglum í gæðakerfi fyrirtækisins
- styðja við og vera þátttakandi í BIM stjórnun í verkum

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Verkfræðingur eða tæknifræðingur með sérþekkingu og sérstakan áhuga á þróun 3D framsetningar og BIM
- Mikil reynsla og áhugi á teiknihugbúnaði, t.d. Autocad, Civil 3D, Revit og Navisworks/Solibri
- Frumkvæði og góðir samskiptahæfileikar
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Gott vald á íslensku, ensku og einu Norðurlandamáli

### Tækniteiknari

Verkís óskar eftir tækniteiknara á Byggingarsvið sem hefur góða þekkingu á Revit. Helstu verkefni eru á sviði lagna- og loftræsikerfa.

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Góð kunnátta á Revit skilyrði
- Kunnátta á Autocad æskileg
- Kunnátta á Magicad kostur
- Góð kunnátta í Word og Excel kostur
- Góðir samskiptahæfileikar
- Sjálfstæð vinnubrögð

Við leitum að jákvæðum einstaklingum sem sýna metnað og frumkvæði í starfi og eiga auðvelt með að vinna með öðrum.

#### Nánari upplýsingar veitir

Elín Greta Stefánsdóttir, mannauðsstjóri, [egs@verkis.is](mailto:egs@verkis.is)

Verkís er öflugt og framsækið ráðgjafar-fyrirtæki sem býður fyrsta flokks þjónustu á öllum sviðum verkfræði.

Hjá Verkís starfa yfir 300 manns að fjölbreyttum og krefjandi verkefnum á Íslandi og erlendis.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um fyrir 27. apríl n.k. með því að senda póst á [umsoknir@verkis.is](mailto:umsoknir@verkis.is).

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.

Við ráðningu nýrra starfsmanna höfum við gildin okkar að leiðarljósi:

**HEILINDI - METNAÐUR - FRUMKVÆÐI**



Ofanleiti 2 | 103 Reykjavík | [verkis@verkis.is](mailto:verkis@verkis.is) | 422 8000

# www.vinna.is



# Verzlunarstjóri – Vínbúðin Blönduósi

Við óskum eftir að ráða öflugan verzlunarstjóra í 62-65% starf

## Helstu verkefni og ábyrgð

- Þjónusta við viðskiptavinum
- Sala, birgðahald og umhirða búðar
- Dagleg stjórnun og eftirfylgni árangursmælikvarða
- Að fylgja eftir gæða- og þjónustustefnu fyrirtækisins

## Hæfniskröfur

- Jákvæðni og rík þjónustulund
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Reynsla af verzlunarstörfum er nauðsynleg
- Reynsla af verkstjórn
- Almenn tölvukunnátta er nauðsynleg og þekking á Navision kostur

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKking – ÁBYRGÐ. Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.

Umsóknarfrestur er til og með 27. apríl nk.

Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu Vínbúðanna, [vinbudin.is](http://vinbudin.is)

Nánari upplýsingar veita:

Guðrún Símonardóttir og Emma Á. Árnadóttir  
[starf@vinbudin.is](mailto:starf@vinbudin.is) – 560 7700


Við óskum einnig eftir fólki í sumarafleysingar í Vínbúðir um allt land.

Nánari upplýsingar á [vinbudin.is](http://vinbudin.is)

ÁTVR rekur 49 Vínbúðir um allt land. Stefna ÁTVR er að vera eitt af fremstu þjónustufyrirtækjum landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé öruggur, heilsueflandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.



VÍNBUÐIN



## Hönnun og áætlanagerð Austurlandi

RARIK ohf. auglýsir laust til umsóknar starf tæknimanns við hönnun, áætlanagerð ofl. á rekstrarsviði fyrirtækisins með aðsetur á Egilsstöðum. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Hér er um fjölbreytt starf að ræða við dreifikerfi fyrirtækisins.

Rekstrarsvið ber ábyrgð á rekstri og viðhaldi á dreifikerfi RARIK. Meginverkefni sviðsins eru hönnun, nýframkvæmdir, breytingar, viðhald og rekstur dreifikerfis fyrirtækisins.

### Starfssvið

- Áætlanagerð.
- Hönnun dreifikerfa
- Verkbeiðnaútgáfa
- Verkundirbúningur
- Samskipti við viðskiptavinum

### Hæfniskröfur

- Rafmagnstæknifræði, rafmagnsiðnifræði.
- Þekking og reynsla af háspennukerfum er kostur.
- Góð almenn tölvukunnátta
- Þekking á Microstation og/eða AutoCad æskileg
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Drifkraftur og geta til að vinna sjálfstætt

Nánari upplýsingar veita deildarstjóri rekstrarsviðs á Austurlandi eða starfsmannastjóri RARIK ohf. í síma 528 9000. Umsóknarfrestur er til 20. apríl n.k. og skal skila umsóknum með ferilskrá á netfangið [atvinnuumsokn@rarik.is](mailto:atvinnuumsokn@rarik.is).

RARIK ohf. er rekið sem opinbert hlutafélag í eigu ríkisins. Hlutverk RARIK er að flytja og dreifa raforku, afla, dreifa og annast sölu á heitu vatni. Starfsmenn RARIK eru um 200, aðalskrifstofa er í Reykjavík og um 20 starfsstöðvar eru dreifðar vítt og breytt um landið.



## Meiriháttar góð sumarvinna!

Rauði krossinn á Íslandi leitar að góðu fólki á aldrinum 20-30 ára til að starfa með félaginu í sumar. Um er að ræða vinnu hálfan daginn sem felur í sér söfnun MANNVINA – sem eru styrktarfélagar Rauða krossins.

Viðkomandi þarf að hafa áhuga á mannúðarmálum, hafa góða framkomu, vera jákvæður og geta unnið sjálfstætt. Þekking og reynsla af störfum Rauða krossins er kostur.

- ▶ Vinsamlega sendið umsókn með ferilskrá og meðmælum á [helga@redcross.is](mailto:helga@redcross.is) fyrir 20. apríl. Fyrirspurnir sendist á sama netfang.



## Sérkennslustjóri og staðgengill leikskólastjóra

Leikskólinn Brimver-Æskukot á Eyrarbakka og Stokkseyri auglýsir eftir sérkennslustjóra, sem einnig verður staðgengill leikskólastjóra, frá og með 1. ágúst 2015 eða eftir nánara samkomulagi. Sérkennslustjóri sér m.a. um skipulagningu sérkennslu og viðkomandi verður hluti af þriggja manna stjórnendateymi skólans. Leikskólinn er heilsuleikskóli og þar eru m.a. starfandi íþróttakennari/barnajógakennari og tónlistarkennari. Leikskólinn er í góðu samstarfi við Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri og eru leikskólabörn meðal annars þátttakendur í verkefnum Barnabæ sem vakið hefur mikla athygli og hlotið viðurkenningu Heimilis og skóla. Leitað er að áhugasömum og metnaðarfullum sérkennara/leikskólakennara sem er fær um að taka að sér umsjón með sérkennslu, stjórnunarlega ábyrgð og þátttöku í stjórnunarteymi.

### Meginverkefni:

- Faglegur umsjónarmaður sérkennslu sem einnig veitir öðrum starfsmönnum ráðgjöf
- Staðgengill leikskólastjóra og dagleg stjórnun að höfðu samráði við hann
- Uppeldi og menntun leikskólabarna
- Veita foreldrum/forráðamönnum barna stuðning, fræðslu og ráðgjöf
- Þátttaka í stefnumörkun skólans ásamt stjórnunarteymi og öðru samstarfsfólki

### Menntun, reynsla og hæfni:

- Leikskólakennararéttindi áskilin
- Framhaldsmenntun í sérkennslufræðum æskileg
- Reynsla af starfi með börnum
- Færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta

Frekari upplýsingar veitir M. Sigríður Jakobsdóttir, leikskólastjóri, sími 867-3999 og [brimver@arborg.is](mailto:brimver@arborg.is). Áhugasamir geta sent umsóknir á [brimver@arborg.is](mailto:brimver@arborg.is) eða í pósti merktum leikskólanum Brimveri-Æskukoti, Túngötu 39, 820 Eyrarbakka.

Umsóknarfrestur er til 22. maí 2015.

Starfið hentar jafnt konum sem körlum. Laun fara eftir kjarasamningi Launaneftdar sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags. Hægt er að kynna sér leikskólastarfið á heimasíðu Brimvers/Æskukots: [strondin.arborg.is](http://strondin.arborg.is)





## Verslunarstjóri ILVA

ILVA er falleg húsgagna- og gjafavöruverslun frá Danmörku. Verslunin er rekin í 7000m<sup>2</sup> húsnæði á Korputorgi. ILVA er orðin þekkt meðal landsmanna hvað varðar gæði, verðlagningu og þjónustu. Fyrirtækið er stolt af starfsfólki sínu og vörumerkinu og leitar nú að öflugum verslunarstjóra sem hefur áhuga á að koma og starfa með góðri liðsheild ILVA á Korputorgi.

### Starfssvið:

- Ábyrgð á daglegum rekstri verslunarinnar
- Stjórnun starfsmanna og leiðtogi þeirra
- Yfirumsjón sölu og þjónustu
- Samskipti við stjórnendur, birgja og viðskiptavini

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla af verslunarstjórn og mannaforráðum er skilyrði
- Frumkvæði, árangursdrifni og metnaður fyrir starfi og umhverfi
- Rík þjónustulund, góð framkoma og hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð tölvukunnátta m.a. Navision

**Umsóknarfrestur er til og með 19. apríl nk.**

**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, [www.capacent.is](http://www.capacent.is).**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Agla Sigríður Björnsdóttir ([agla.bjornsdottir@capacent.is](mailto:agla.bjornsdottir@capacent.is)) og Þóra Pétursdóttir ([thora.petursdottir@capacent.is](mailto:thora.petursdottir@capacent.is)) hjá Capacent ráðningum.

capacent



## Sérfræðingur á kjarasviði

Starfsmannafélag Reykjavíkur óskar eftir að ráða sérfræðing á kjarasvið félagsins. Leitað er að jákvæðum og ábyrgum aðila með áhuga á vinnumarkaðsmálum.

### Helstu verkefni og ábyrgð:

- Aðkoma að gerð og túlkun kjarasamninga
- Þjónusta og ráðgjöf til félagsmanna vegna kjara- og réttindamála
- Samvinna við kjörna fulltrúa félagsins
- Vinna við samanburð og úttektir á launum og kjarasamningum og tengd verkefni
- Textaskrif fyrir útgáfu og vef
- Önnur verkefni sem falla undir starfsemi félagsins

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla á kjara- og vinnumarkaðsmálum æskileg
- Áhugi á mannauðsmálum, þekking og reynsla á því sviði æskileg
- Góðir samskiptahæfileikar og sveigjanleiki í starfi
- Skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð kunnátta á Excel
- Góð hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku, kostur ef viðkomandi hefur getu til að lesa og skrifa á norrænu máli

Helsta verkefni Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar (St.Rv.) er að berjast fyrir bættum kjörum og atvinnuöryggi félagsmanna, auk baráttu fyrir margs konar réttindamálum í samvinnu við heildarsamtökin, BSRB. Félagið gerir kjarasamninga við nokkurn fjölda viðsemjenda. Í dag eru félagsmenn St.Rv. rúmlega fjögur þúsund.

**Umsóknarfrestur er til og með 23. apríl nk.**

**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, [www.capacent.is](http://www.capacent.is).**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir ([helga.jonsdottir@capacent.is](mailto:helga.jonsdottir@capacent.is)) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir ([jona.sigurjonsdottir@capacent.is](mailto:jona.sigurjonsdottir@capacent.is)) hjá Capacent ráðningum.

capacent



## Capacent Ráðningar

Umsækjendur og atvinnurekendur • [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

capacent





## Spyrlar

MMR óskar eftir að ráða starfsfólk við úthringingar og fleira vegna markaðsrannsóknna. Sveigjanlegur vinnutími á kvöldin og um helgar - hentar vel með námi eða sem aukastarf.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Góð framkoma, íslenskukunnátta og tölvufærni
- Nákvæmni í vinnubrögðum
- Stúdentspróf eða meira
- Mikill áhugi á samskiptum við annað fólk

Umsóknir sendist til Ásgríms Tryggvasonar, gagnaöflunarstjóra, á asgrimur@mmr.is merkt „spyrlar“

Nánari upplýsingar um MMR á [www.mmr.is](http://www.mmr.is)

MMR / Markaðs og miðlarannsóknir ehf / Ármúla 32, 108 Reykjavík

# BIFVÉLAVIRKI ÓSKAST

Óskum eftir að ráða bifvélavirkja eða mann vanan bifvélavirkjun, um framtíðarstarf er að ræða.

Upplýsingar í síma 420 6610 og 842 6615



TOYOTA  
REYKJANESBÆ

Æco þjónusta ehf  
Njarðarbraut 17  
Njarðvík



## Software Developers

GreenCloud is looking for talented developers to help shape and support our cloud software, QStack™, for our globally-based enterprise customers.

You'll join a team that's passionate about our product and our customers. You'll be challenged, but also be empowered and rewarded to think independently, take initiative, and be innovative. It's a dynamic and exciting place to work, with endless opportunities for career acceleration.

### Technical experience

You'll have 3 - 5 years' experience with at least one of the following languages:

- Python: Django experience a plus
- Java
- JavaScript and HTML5. node.js if possible, but not a requirement

You may also be experienced with:

- REST architecture
- Linux, including diving into the shell and working the magic
- SQL
- Agile and Scrum methodologies
- Writing testable code

### Other skills

- Excellent communication skills in written and verbal English
- Self motivated and able to work independently
- Ability to deliver under pressure to meet company goals
- Proven agility and flexibility to deal with a fast moving and changing business environment
- High customer service and ambition to work with talented people on challenging projects will be critical to your success in this role

To find out more about GreenCloud and QStack™, and to take your career to the next level, visit [greencloud.com/careers](http://greencloud.com/careers)

## Okkur vantar leiðtoga Veitingastjóra

sem veit  
um hvað hlutirnir  
snúast

Miðsvæðis  
í Reykjavík!

Vendur vanla  
betra!

pítan  
SKIPHOLTÍ 50 C

Ef þú hefur reynslu af rekstri, skipulagshæfni, skilning á góðu samspili og hefur gaman af lífinu, átt þú góða möguleika á frábæru starfi í flottu, rótgrónu fyrirtæki.

Vinnutími 9 - 17 alla föstud. - mánud.

Umsóknir á  
<http://umsokn.foodco.is>

## Byggingafræðingur, byggingaiðnfræðingur eða byggingatæknifræðingur

Vegna aukinna umsvifa hjá BM Vallá óskum við eftir að ráða starfsmenn til framtíðarstarfa í hönnunardeild á starfsstöð okkar á Akranesi.

Veittur verður ferðastyrkur ef starfsmaður býr ekki á Akranesi.

### Starfssvið:

- Vinna í tæknideild fyrirtækisins.
- Vinna við hönnun forsteypra eininga og burðarvirkis.
- Gerð verkefninga fyrir framleiðsludeild ásamt öðrum störfum sem til falla.
- Samskipti við viðskiptavinum vegna verkefna o.fl.

### Menntun og hæfniskröfur:

- Byggingatæknifræðingur, byggingafræðingur eða byggingaiðnfræðingur.
- Reynsla af tölvuteikningum nauðsynleg.
- Góð tölvukunnátta og reynsla í notkun Autocad, Revit, Excel og Word.
- Áhugi á byggingariðnaði og tengdum sviðum.
- Metnaður, stundvísi, samvirkusemi og reglusemi.
- Góð mannleg samskipti og þjónustulipurð.



Umsóknarfrestur er til 24. apríl 2015.  
Umsóknir skal senda á netfangið: [radning@bmvalla.is](mailto:radning@bmvalla.is).

[bmvalla.is](http://bmvalla.is)







## Starfsfólk Óskast

Auglýsum eftir starfsfólki við bílaþríf.

Bæði fullt starf og hlutastarfi í boði. Bílþríf er nauðsynlegt. Áhugasamir sendi tölvupóst með ferilskráá [starf@splass.is](mailto:starf@splass.is)

# ÚTBOÐ

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- Sandskipti 2015, hverfi 2 og 3, útboð nr. 13464.
- Sandskipti 2015, hverfi 4 og 5, útboð nr. 13465.
- Dráttarvél, útboð nr. 13393.
- Götusalt 2015 – 2018, EES útboð nr. 13466

Nánari upplýsingar er að finna á [www.reykjavik.is/utbod](http://www.reykjavik.is/utbod)



Reykjavíkurborg  
Innkaupadeild

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík  
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048  
Netfang: [utbod@reykjavik.is](mailto:utbod@reykjavik.is)



## Héraðsdýralæknir

Matvælastofnun óskar eftir að ráða metnaðarfullan einstakling í starf héraðsdýralæknis í Austurumdæmi með aðsetri á Egilsstöðum. Um fullt starf er að ræða og æskilegt að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

### Helstu verkefni:

- Skipulag og ábyrgð á eftirliti með heilbrigði og velferð dýra
- Skipulag og ábyrgð á eftirliti með frumframleiðslu matvæla, slátrun og vinnslu dýraafurða
- Framkvæmd opinbers eftirlits
- Sóttvarnir og varnir gegn smitsjúkdómum dýra
- Skýrslugerðir
- Skipulag vaktþjónustu í umdæminu
- Ábyrgð á rekstri umdæmisskrifstofu
- Hæfni til tjáningar í ræðu og riti á íslensku og ensku

Nánari upplýsingar um starfið veita Jón Gíslason, forstjóri ([jon.gislason@mast.is](mailto:jon.gislason@mast.is)) og Sigurborg Daðadóttir, yfirdýralæknir ([sigurborg.dadadottir@mast.is](mailto:sigurborg.dadadottir@mast.is)) í síma 530 4800. Umsókn sendist í tölvupósti á netfangið [starf@mast.is](mailto:starf@mast.is) merkt „Héraðsdýralæknir“. Umsóknarfrestur er til og með 20.04.2014. Öllum umsóknum verður svarað þegar ráðning liggur fyrir. Vakin er athygli á því að umsóknin gildir í 6 mánuði eftir að umsóknarfrestur rennur út nema umsækjandi ákveði annað. Launakjör eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Dýralæknafélags Íslands.

### Hæfniskröfur

Umsækjendur skulu hafa dýralæknismenntun. Reynsla af opinberu eftirliti, stjórnsýslu og stjórnun er æskileg. Gerð er krafa um færni til tjáningar í ræðu og riti á íslensku og ensku ásamt góðri almennri tölvukunnáttu. Öguð vinnubrögð, góðir skipulagshæfileikar og geta til að starfa sjálfstætt eru áskilin. Góð framkoma og lipurð í samskiptum er mikilvæg.

*Matvælastofnun sinnir stjórnsýslu, eftirliti, fræðslu og þjónustu við sjávarútveg, landbúnað, fyrirtæki og neytendur í þeim tilgangi að stuðla að heilbrigði og velferð dýra, heilbrigði plantna og öryggi, heilnæmi og gæðum matvæla. Hjá stofnuninni starfa 85 starfsmenn.*

[www.mast.is](http://www.mast.is)

# Borgun leitar að öflugum hugbúnaðarsérfræðingi

### Helstu verkefni

- ▶ Þátttaka í innleiðingu tölvukerfis
- ▶ Aðlögun kerfisins að þörfum Borgunar
- ▶ Uppbygging þekkingar á innviðum kerfisins og skilum þess við önnur kerfi
- ▶ Undirbúningur og framkvæmd á uppfærslu kerfisins
- ▶ Samskipti við erlenda birgja og samstarfsaðila

### Menntun og hæfniskröfur

- ▶ Háskólapróf í tölvunarfræði, kerfisfræði eða sambærileg menntun
- ▶ Reynsla af Oracle umhverfi, PL/SQL og Java
- ▶ Þekking á SQL Server, .NET og JavaScript er kostur
- ▶ Góð enskukunnátt í töluðu og rituðu máli
- ▶ Hæfni í mannlegum samskiptum og reynsla af teymisvinnu
- ▶ Sjálfstæði, skipulagshæfileikar og frumkvæði í starfi

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á [www.borgun.is](http://www.borgun.is). Umsóknarfrestur er til og með 19. apríl nk.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigurjón Þráinsson þróunarstjóri í síma 560 1528.

## BORGUN







Við leitum að líflegu fólki í framreiðslu og aðstoð í sal.

Bæði faglærðu og ófaglærðu.

Umsóknir og ferilsskrá sendist á [atvinna@kjallarinn.is](mailto:atvinna@kjallarinn.is) fyrir 17. apríl.

## Steypumót fyrir krana

Mjög lítið notuð PREFORM kranamót til sölu ásamt 1 bitum, steypusilói, stoðum fyrir undirslátt ofl.

Skipting mótana er í aðalatriðum þannig: 20 stk. flekar 300x240, 14 stk. flekar 300x48, 2 stk. 300x30 flekar, út- og innhorn, vinnupallafestingar og fleira.

Mótin hafa aðeins verið notuð við steypu á þremur einbýlishúsum.

Upplýsingar í síma 896 1012 og 898 1014

## Sölufulltrúi óskast

Rótgróin fasteignasala í Reykjavík í nýju húsnæði óskar eftir sölufulltrúa. Miklir tekjumöguleikar fyrir réttan aðila. Reynsla af sölumennsku æskileg. Góð framkoma, íslensku- og tölvukunnátta nauðsynleg.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist á [box@frett.is](mailto:box@frett.is) fyrir 20. apríl næstkomandi, merkt „Sölufulltrúi fasteigna“



## Slippstjóri

Stálsmiðjan-Framtak ehf. óskar að ráða starfsmann til að hafa umsjón með slippupptökum og slipp félagsins. Hann þarf að vera leiðandi í málningavinnu á skipum og almennum slippstörfum. Viðkomandi þarf að hafa einhverja þekkingu á skipum og geta starfað sjálfstætt. Góð laun í boði fyrir réttan mann.

Upplýsingar á vinnutíma í síma 660-3530.

## ATVINNA

AP-Þrif leitar að einstaklingum í vinnu.

Einungis íslensku- eða enskumælandi einstaklingar koma til greina.

Ákjósanlegur aldur er 20–40 ára. Gerðar eru kröfur um bílpróf og hreint sakavottorð.

Umsóknir sendist á [bjarki@ath-thrif.is](mailto:bjarki@ath-thrif.is) merkt „Atvinna“



Skeiðarási 12  
210 Garðabæ



## Spennandi atvinnutækifæri á Geysi

Verslunin á Geysi í Haukadál óskar eftir starfsfólki í allar deildir fyrirtækisins. Við leitum að duglegum einstaklingum með góða þjónustulund til að vinna með okkur á ört vaxandi vinnustað.

- Mikil tækifæri í boði, framtíðarstörf og sumarstörf
- Vinnutími og starfshlutfall eftir samkomulagi
- Umsóknir berist á netfangið: [lovisa@geysir.com](mailto:lovisa@geysir.com)



## VANTAR ÞIG VINNU? OKKUR VANTAR FÓLK Í LIÐIÐ!

NINGS óskar eftir að ráða sendla, fólk í afgreiðslu og í eldhús. Full störf og aukastörf í boði.

NINGS er austurlenskur veitingastaður sem leggur metnað í góðan mat og fyrirmyndar þjónustu.

ERT ÞÚ RÉTTA MANNESKJAN?

Áhugasamir vinsamlega hafi samband með því að fara inn á [www.nings.is/atvinna/](http://www.nings.is/atvinna/) og leggið inn umsókn.



## Lyfjafræðingur Höfn í Hornafirði

Lyfja hf. leitar að metnaðarfullum og sjálfstæðum lyfjafræðingi til að veita lyfjaútibúi í flokki 1 á Höfn í Hornafirði forstöðu.

Starfs- og ábyrgðarsvið:

Í starfinu felst m.a. að bera faglega ábyrgð á rekstri lyfjabúðarinnar, annast daglegan rekstur og umsýslu og sjá til þess að unnið sé samkvæmt lögum og reglugerðum um lyfsöluleyfi. Um er að ræða spennandi starf og tækifæri fyrir metnaðarfullan lyfjafræðing.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf í síðasta lagi 1. júní 2015.

Í boði er krefjandi og spennandi starf á skemmtilegum vinnustað í vaxandi bæjarfélagi.

Hæfniskröfur:

Háskólapróf í lyfjafræði og gilt starfsleyfi. Stjórnunarhæfileikar, rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.

Áreiðanleiki, metnaður og skipulögð vinnubrögð.

Sveitarfélagið Hornafjörður hefur um 2500 íbúa, þar er öflugt félags- og menningarlíf og aðstæður til uppeldis barna hinar ákjósanlegustu. Í sveitarfélaginu er framhaldsskóli, grunnskóli, tveir leikskólar, tónlistarskóli og öflug heilbrigðisþjónusta auk allrar almennrar þjónustu.

Nánari upplýsingar veitir Hallur Guðjónsson, starfsmannastjóri, sími 530-3800. [hallur@lyfja.is](mailto:hallur@lyfja.is) Umsóknarfrestur er til 18. apríl 2015 og farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Lyfju hf. eru karlar jafnt sem konur hvattir til þess að sækja um stöðu hjá fyrirtækinu.

[www.lyfja.is](http://www.lyfja.is)



## Framhaldsskólakennari í efnafræði

Menntaskólinn í Kópavogi óskar eftir að ráða framhaldsskólakennara (sbr. lög nr. 87/2008) í efnafræði.

Umsækjandi þarf að hafa háskólapróf í efnafræði eða skyldum greinum og kennsluréttindi á framhaldsskólastigi. Umsækjandi þarf að geta kennt bæði byrjendum og lengra komnum. Launakjör fara eftir kjarasamningi framhaldsskólakennara og stofnanasamningi MK.

Umsóknarfrestur er til 15. apríl. Ekki þarf að sækja um á sérstöku umsóknareyðublaði en umsókn þarf að fylgja afrit af prófskírteini auk yfirlits um fyrri störf. Umsókn skal senda til skólameistara ([margret.fridriksdottir@mk.is](mailto:margret.fridriksdottir@mk.is)).

Upplýsingar um skólann eru á heimasíðu [www.mk.is](http://www.mk.is). Frekari upplýsingar um starfið veita skólameistari, Margrét Friðriksdóttir og aðstoðarskólameistari Helgi Kristjánsson í síma 594 4000.

Skólameistari





## Leikskólinn Tjarnarsel í Reykjanesbæ auglýsir eftir áhugasömum matreiðslu- manni/matráði í 100% stöðu.

Parf að geta hafið störf sem fyrst.  
Í leikskólanum dvelja 83 börn við leik og störf og þar starfa  
að jafnaði 24 starfsmenn.

### Hæfniskröfur:

- Menntun á sviði matreiðslu og/eða reynsla af matreiðslu í stóreldhúsi.
- Góð þekking á næringarfræði og rekstri mótuneyta
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum
- Snyrtimennska áskilin

### Umsóknartími til 24. apríl 2015

Allar nánari upplýsingar veitir leikskólustjóri Tjarnarsels,  
Inga María Ingvarsdóttir



## INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

### Embætti forstjóra Persónuverndar

Embætti forstjóra Persónuverndar er laust til um-  
sóknar. Persónuvernd annast eftirlit með framkvæmd  
laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónu-  
upplýsinga. Persónuvernd er m.a. falið að hafa eftirlit  
með því að farið sé að reglum um vinnslu persónu-  
upplýsinga og bætt sé úr annmörkum og mistökum.  
Þá er verkefni hennar að úrskurða í ágreiningsmálum,  
að skilgreina og afmarka hvar persónuvernd er hætta  
búin og veita ráð um leiðir til lausnar; að leiðbeina  
þeim sem ráðgera að vinna með persónuupplýsingar,  
eða þróa kerfi fyrir slíka vinnslu. Persónuvernd ber að  
tjá sig um álitamál varðandi meðferð persónuupplýs-  
inga og veita umsagnir við setningu reglna er þýðingu  
hafa í þágu persónuverndar.

Forstjóri Persónuverndar stýrir starfi stofnunarinnar  
og er ábyrgur gagnvart ráðherra og stjórn á starfsemi  
hennar.


Forstjóri Persónuverndar skal hafa lokið fullnaðar-  
námi í lögfræði með embættis- eða meistaraþrófi og  
að minnsta kosti 5 ára starfsreynslu sem lögfræðingur.  
Reynsla af stjórnun er æskileg, sem og reynsla í opin-  
berri stjórnarsýslu og alþjóðasamstarfi. Auk þess er gerð  
krafa um mjög gott vald á íslensku og ensku og þekking  
á einu Norðurlandamáli er æskileg. Áhersla er  
lögð á styrkleika í samvinnu og samskiptum, sem og  
frumkvæði og metnaði til að ná árangri í starfi.

Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um  
starfið.

Innanríkisráðherra skipar forstjóra Persónuverndar til  
fimm ára í senn, sbr. 6. mgr. 36. gr. laga nr. 77/2000  
um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og  
lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr.  
70/1996, að fenginni tillögu stjórnar Persónuverndar.  
Gert er ráð fyrir að skipað verði í embættið frá og með  
1. ágúst 2015. Um laun og starfskjör forstjóra fer eftir  
ákvörðun kjararáðs, sbr. lög um kjararáð nr. 47/2006.

Upplýsingar um starfið veitir Guðný Elísabet Inga-  
dóttir, mannauðsstjóri í síma 545-9000. Umsóknir  
með upplýsingum um menntun og starfsferil sendist  
innanríkisráðuneytinu, Sölvhólsgötu 7, 101 Reykjavík  
eða á postur@irr.is. Umsóknarfrestur er til og með  
26. apríl 2015. Öllum umsóknum verður svarað þegar  
ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

**Innanríkisráðuneyti,**  
28. mars 2015.



## Air Atlanta Icelandic is looking for qualified employees

We offer a challenging work environment, a chance to learn new skills and develop  
current skills further, good on-the-job training and good work conditions.

### Crewing

Crewing is responsible for day to day roster changes, crew  
legality and oversees flight coverage for issued rosters, as  
well as other assignments focused on ensuring a smooth  
operation.

### Job Requirements

- Exceptional organizational skills and attention to detail
- Fluency in English, other languages are a plus
- Very good communication skills
- Excellent computer skills, i.e. Outlook, Word, Excel  
– Good computer literacy is a must. Any experience  
working with Sabre system is an advantage
- Ability to work under pressure
- Secondary school education is a requirement

Working hours are from 07:00-19:00 on a 2-2-3 shift pattern

### Cabin Crew Planning

Cabin Crew Planning manages base assignments  
for crew members, vacation requests, calculation of  
crew demand as well as other assignments focused  
on ensuring a smooth operation.

### Job Requirements

- Exceptional organizational skills
- Fluency in English, other languages are a plus
- Very good communication skills
- Excellent computer skills, i.e. Outlook, Word, Excel  
– Good computer literacy is a must
- Secondary school education at a minimum, B.A. /  
B.Sc. degree preferred.

Please send your application along with a CV to [hr@atlanta.is](mailto:hr@atlanta.is) before April 20th 2015



Hlíðasmári 3 | 201 Kópavogur | Sími: 458 4000 | [airatlanta.com](http://airatlanta.com)



**chance RULES**

Cohn & Wolfe Íslandi er ráðgjafafyrirtæki á sviði stefnumótandi almanna-  
tengsla og stjórnháttá innan Young & Rubicam, Grey Global Group og  
WPP Group, stærstu boðmiðlunarsamsteypu í heimi. WPP Group er eina  
alþjóðlega fyrirtækið á þessu sviði með skrifstofur á Íslandi. WPP Group  
rekur einnig skrifstofu MediaCom hér á landi.

**cohn&wolfe**  
cohnwolfe.is

Cohn & Wolfe Íslandi kallar eftir atvinnuumsóknum. Þú vilt takast  
á við rafræna miðlun á sviði almannatengsla. Vilt læra. Vilt gjarnan  
fara aðrar leiðir en venjulega í þeim tilgangi að ná betri árangri en  
aðrir. Þú vilt vinna hjá framsæknu fyrirtæki með skrifstofur um allan  
heim. Í grein sem er í sífelldri þróun.

**Almannatengsl í alþjóðlegu umhverfi**

**Fagmaður í vefþróun, vefumsjón og rafrænni hönnun**

Í boði er spennandi tækifæri fyrir fjölbreytt einstakling sem getur  
unnið bæði sjálfstætt og með teymi sérfræðinga. Við leitum að  
fagmanni á greiningarsviði sem hefur góða þekkingu á vefgerð,  
vefþróun og hönnun ásamt kunnáttu á vefbestun, hönnunartólum  
og greiningartækjum.

Réttur einstaklingur er með gott auga fyrir hönnun, góða kunnáttu á  
myndvinnslu og grafískri hönnun á prenti og á vef. Hann getur haft  
tæknilega umsjón með útgáfu rafrænna fréttabréfa og html-póst-  
sendingum, eftirfylgni, greiningu og skýrslugerð.

Fagmaður í rafrænni hönnun hefur reynslu af gerð vefauglýsinga,  
kostaðra tengla, gagnasöfnunar og upplýsingaleitar. Hann er  
einnig með þekkingu á auglýsingum á samfélagsmiðlum og í  
gegnum Google Adwords og Spoton með prófunum og  
árangursmælingum.

Umsækjendur verða að hafa vald á íslensku og ensku. Þekking og reynsla  
af vefumsjónarkerfunum Joomla og Wordpress er nauðsynleg og reynsla af  
notkun annarra vefumsjónarkerfa er mikilvæg. Þeir þurfa líka að þekkja og  
kunna á InDesign, Illustrator og Photoshop, HTML5, PHP og CSS. Þekking  
á PPC auglýsingum, Google Adwords og Spoton er líka nauðsynleg.  
Kunnáttu á gagnavinnslu- og tölfraeðiforritum er kostur.

Er þú þessi einstaklingur?

Sendu umsókn og ferilskrá á [reykjavik@cohnwolfe.is](mailto:reykjavik@cohnwolfe.is) strax í dag.  
Umsóknarfrestur er til og með 17. apríl nk.



## Ráðgjafi óskast



Pekingarmiðstöð Sjálfabjargar leitar að öflugum liðsmönnum í ráðgjafateymi sitt. Um er að ræða tvær 80% stöður og er önnur þeirra til afleysingar vegna barnsburðarleyfis. Annað starfshlutfall kemur til greina. Miðstöðin veitir ráðgjöf, upplýsingar og fræðslu sem nýtist fötluðu fólki sem og öðrum t.d. aðstandendum, þjónustuaðilum, stofnunum, fyrirtækjum og erlendum aðilum.

### Starfssvið:

- Söfnun og miðlun hagnýtra upplýsinga til fatlaðs fólks
- Ráðgjöf til viðskiptavina á staðnum
- Afgreiðsla fyrirspurna í síma, í tölvupósti og á netspjalli
- Textagerð og innsetning efnis á vef
- Mörg önnur skemmtileg verkefni

### Hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Góð þjónustulund og færni í samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Æskilegt að hafa þekkingu á málefnum fatlaðra

### Hreyfihamlaðir einstaklingar eru hvattir til að sækja um.

Áhugasamir hafi samband við Rannveigu Bjarnadóttur forstöðumann í síma 5 500 118 eða á rannveig@theckingarmidstod.is. Umsóknnum ásamt ferilskrá og kynningarbréfi skal skilað á framangreint netfang. **Umsóknarfrestur er til 26. apríl 2015.**

Pekingarmiðstöð Sjálfabjargar • Hátúni 12,105 Reykjavík

[www.theckingarmidstod.is](http://www.theckingarmidstod.is) geymir mikið magn upplýsinga.

Hvetjum við þig til að skoða hana ásamt facebook síðu okkar <https://www.facebook.com/theckingarmidstod>.

## Spennandi starf hjá Fjarðabyggð

### Fjölskyldusvið

#### Deildarstjóri búsetuþjónustu.

#### Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

Um fjölbreytt starf er að ræða á vettvangi félagsþjónustu Fjarðabyggðar og Breiðdalshrepps, með 5.000 íbúa þjónustusvæði.

Upplýsingar um starfið eru á [fjardabyggd.is](http://fjardabyggd.is). Frekari upplýsingar veitir Sigrún Þórarinsdóttir, félagsmálastjóri, 470 9000, [sigrun.thorarinisdottir@fjardabyggd.is](mailto:sigrun.thorarinisdottir@fjardabyggd.is).

Umsóknir skulu berast bæjarskrifstofu Fjarðabyggðar, Hafnargötu 2, 730 Fjarðabyggð fyrir 23. apríl nk.

Umsóknareyðublöð má nálgast á vef Fjarðabyggðar, [fjardabyggd.is](http://fjardabyggd.is), á bæjarskrifstofu eða þjónustumiðstöðvum bókasafna.



## Rafvirkjar óskast til starfa!

Vegna aukinna verkefna óskast rafvirkjar til starfa sem fyrst á höfuðborgarsvæðinu. Hægt er að sækja um starf með því að senda tölvupóst á netfangið [fagtaekni@fagtaekni.is](mailto:fagtaekni@fagtaekni.is) eða hafa samband í síma 660 6904 (Eiríkur)



## Fiskifræðingur / Líffræðingur

BioPol ehf., Sjávarlíftækni- og Skagaströnd auglýsir stöðu sérfræðings á sviði fiskifræði eða líffræði lausa til umsóknar.

### Markmið verkefnisins

Umsækjanda er ætlað að halda utan um vöktunarverkefni sem snýr að lífríki Húnaflóa með sérstaka áherslu á sýnatöku úr lönduðum afla. Starfsstöð umsækjanda verður á Skagaströnd.

### Hæfniskröfur


Umsækjendur skulu hafa masters- eða doktorsgráðu í fiskifræði, líffræði eða skildum greinum náttúruvísinda. Viðkomandi þarf að geta starfað sjálfstætt en jafnframt hafa yfirburða hæfileika til samstarfs með öðrum. Öguð og skipuleg vinnubrögð eru jafnframt skilyrði.

### Umsóknarfrestur er til og með 27. apríl nk.

Umsóknir með ýtarlegum upplýsingum um menntun, starfsreynslu og meðmælendur berist BioPol ehf., Einbúastíg 2, 545 Skagaströnd eða á eftirfarandi netfang: [halldor@biopol.is](mailto:halldor@biopol.is)

### Nánari upplýsingar veitir:

Halldór G. Ólafsson, BioPol ehf. ([halldor@biopol.is](mailto:halldor@biopol.is)), símar 452-2977 eða 896-7977.



## Við stækkum

Hótel Klettur er glæsilegt hótél aðeins steinsnar frá miðbæ Reykjavíkur.

Nú erum við að stækka hótelið og því vantar okkur þjónustulundað starfsfólk í hópinn.

### Umsjónarmaður morgunverðar

#### Starfslýsing

- Ber ábyrgð á framsetningu og þjónustu við morgunverð
- Sér um vaktaskipulag, innkaup og verkstjórn
- Önnur verkefni í samráði við hóteltjóra

#### Hæfniskröfur

- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Stundvísi
- Samviskusemi
- Rík þjónustulund
- Góð íslensku og enskukunnátta

### Starfsmaður í herbergispríf

Viðkomandi þarf að vera tilbúinn til að aðstoða í morgunverðarsal, þarf að hafa kennitölu og leyfi til að starfa á Íslandi.

Um vaktavinnu er að ræða og þarf viðkomandi að geta unnið um helgar og á frídögum þegar þess þarf.

#### Starfslýsing

- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Gott skipulag og stundvísi
- Rík þjónustulund
- Enskukunnátta skilyrði

### Starfsmaður í TourDesk

Leitum að þjónustulundum starfsmönnum í verslun og Tour Desk. Vinnutími er frá 08 – 20.

#### Starfslýsing

- Þjónusta við gesti hótelsins
- Ráðgjöf og sala á skipulögðum ferðum til gesta
- Sala á vörum verslunar
- Innkaup á vörum verslunar
- Samskipti við ferðaþjónustuaðila

#### Hæfniskröfur

- Ensku og íslenskukunnátta skilyrði
- Góð almenn tölvukunnátta
- Stundvísi, heiðarleiki og þjónustulund á háu stigi
- Þekking á ferðaþjónustu kostur
- Söluhæfileikar og færni í mannlegum samskiptum

Umsóknarfrestur fyrir ofangreind störf er 18. apríl. Umsóknir skulu berast á netfangið [sigurdur@hotelklettur.is](mailto:sigurdur@hotelklettur.is)



Mjöllnisholt 12-14, 101 Reykjavík / Sími 440 1600 / E-mail: [info@hotelklettur.is](mailto:info@hotelklettur.is) / [www.hotelklettur.is](http://www.hotelklettur.is)



## Toyota Kaupúni leitar að öflugum stjórnanda á verkstæði

Við leitum að metnaðarfullum og framsæknum einstaklingi sem hefur áhuga á að takast á við krefjandi og spennandi framtíðarstarf sem annar af tveimur verkstjórum á verkstæðinu okkar.

### Starfssvið:

- Dagleg stjórnun á verkstæði
- Undirbúningur og útteiling viðgerðaverkefna
- Miðlun tækniupplýsinga og ferla
- Starfsmannasamtöl
- Önnur tilfallandi verkefni

### Hæfniskröfur:

- Viðkomandi þarf að búa yfir leiðtogaþæfileikum
- Hæfni í mannlegum samskiptum og heiðarleiki
- Stundvísi, ósérhlífni og sveigjanleiki
- Rík þjónustulund og frumkvæði í starfi
- Bifvélaþjónustumenntun kostur

Vinnutími: Mán – fim 08:00 – 17:00, fös 08:00 – 15:30

Áhugasamir sendi umsókn fyrir 20. apríl á netfangið [atvinna@toyota.is](mailto:atvinna@toyota.is), merkt: Stjórnandi á verkstæði

Nánari upplýsingar veitir Fanný Bjarnadóttir á netfangið [fanny@toyota.is](mailto:fanny@toyota.is)

**Toyota Kaupúni**  
Kaupúni 6  
Sími: 570 5070  
[www.toyotakaupuni.is](http://www.toyotakaupuni.is)





GRETTISGÖTU 87 • Rétt við Hlemm • 105 Reykjavík

## Starfsmenn óskast

Óskum eftir Bílamálara og Bílasmiði, eða starfsmönnum á verkstæði.

Upplýsingar í síma: 893 7277



Hjúkrunarheimili

## Eir og Skjól hjúkrunarheimili og dótturfélög þessa óska eftir að ráða framkvæmdastjóra fjármálasviðs. Staðan heyrir undir forstjóra.

### Starfssvið

- Yfirumsjón og ábyrgð á fjármálastjórn fyrirtækisins
- Dagleg stjórnun sviðsins
- Undirbúningur og gerð fjárhags- og greiðsluáætlana
- Ábyrgð á færslu bókhalds og gerð ársreiknings
- Umsjón með launamálum, reikningagerð og innheimtumálum
- Samvinna og samskipti við stjórnvöld og stofnanir
- Aðkoma að verklegum framkvæmdum
- Sæti í framkvæmdastjórn

### Menntun – hæfniskröfur

- Reynsla af rekstri og fjármálastjórn
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking á stefnumótandi áætlanagerð og gerð rekstrar- og fjárhagsáætlana
- Þekking á bygginga- og fasteignamarkaði
- Frumkvæði og öguð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum

### Umsóknarfrestur er 20. apríl 2015.

Nánari upplýsingar veitir Sigurður Rúnar Sigurjónsson srs@eir.is.

Umsóknnum má skila rafrænt á edda@eir.is eða á skrifstofu Eirar, Hlíðarhúsum 7, 112 Reykjavík.



## Sérnámsstöður í heilsugæsluhjúkrun

Lausar eru sex sérnámsstöður hjúkrunarfræðinga í heilsugæsluhjúkrun við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (HH). Hver sérnámsstaða er 80% og veitist frá 1. ágúst 2015 til eins árs.

Umsóknarfrestur er til og með 27. apríl 2015.

Um er að ræða nýtt sérnám í heilsugæsluhjúkrun í samstarfi við Háskólann á Akureyri. Námið samanstendur af fræðilegu námi við Háskólann á Akureyri og klínískri þjálfun á heilsugæslustöð hjá HH undir handleiðslu lærimeistara. Námið er skipulagt til eins árs og lýkur með diplóma gráðu.

### Markmið sérnáms:

- Efla hæfni hjúkrunarfræðinga, meðal annars í þverfaglegu samstarfi á heilsugæslustöð.
- Móta viðhorf og sýn til þjónustu heilsugæslunnar í komandi framtíð.
- Veita nemendum tækifæri til að rýna í og innleiða gagnreynda starfshætti í daglegu starfi undir handleiðslu lærimeistara á heilsugæslustöð.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Félags Íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og kynningarbréf þar sem fram kemur rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi. Jafnframt skal leggja fram staðfestar upplýsingar um hjúkrunarmenntun ásamt staðfestu afriti af opinberu starfsleyfi. Mat á hæfni umsækjenda byggist á innsendum gögnum og viðtölum við



### Menntun- og hæfniskröfur:

- Almenn hjúkrunarleyfi, BS gráða (fyrsta einkunn).
- Viðkomandi sé starfandi á heilsugæslustöð og hafi a.m.k. tveggja ára starfsreynslu innan heilsugæslu.
- Skipulagshæfni og sjálfstæði í starfi.
- Hæfni í mannlegum samskiptum er skilyrði.

### Frekari upplýsingar um sérnámsstöðurnar


Nánari upplýsingar veitir Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir hjá Þróunarsviði HH í síma 585-1373 eða netfangi: [ragnheidur.osk.erlendsdottir@heilsugaeslan.is](mailto:ragnheidur.osk.erlendsdottir@heilsugaeslan.is)

umsækjendur. Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Svövu Þorkeldsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningu. Sækja skal um á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins ([www.heilsugaeslan.is](http://www.heilsugaeslan.is)) undir laus störf eða á Starfatorgi ([www.starfatorgi.is](http://www.starfatorgi.is)).

Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta – Framþróun

PORT hönnun



Síminn

## Kraftmikill sölustjóri fyrirtækjamarkaðar

### Langar þig að ganga til liðs við öflugt söluteymi Símans?

Hlutverk sölustjóra er að bjóða nýjum og núverandi viðskiptavinum lausnir sem Síminn býður upp á hverju sinni. Sölustjóri er leiðandi aðili í tilboðs- og útboðsgerð á fyrirtækjamarkaði.

Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi með framúrskarandi samskiptahæfni til að efla og viðhalda sölumenningu Símans.

### Menntun og reynsla

- Háskólapróf sem nýtist í starfi æskilegt
- Reynsla af sölu á fyrirtækjamarkaði æskileg
- Þekking á íslensku viðskiptalífi skilyrði
- Þekking á fjarskipta- og upplýsingatæknilausnum æskileg

### Mikilvægir eiginleikar sölustjóra

- Kraftur og frumkvæði
- Metnaður og kappsemi
- Sjálfstæð vinnubrögð og hæfileiki til hópinnu
- Hæfni til að byggja upp og viðhalda tengslum

### Umsóknarfrestur er til og með 19. apríl nk.

Sótt er um á [siminn.is](http://siminn.is). Fyrirspurnum skal beint til Brynhildar Halldórsdóttur á netfangið [brynhildur@siminn.is](mailto:brynhildur@siminn.is).



## Móttökustjóri

Flughótelið við Leifstöð óskar að ráða móttökustjóra

### Starfsvið:

- Umsjón með móttöku, kynningarmálum, samskipti við viðskiptamenn og bókunarfyrirtæki.
- Sölu, markaðstörf og áætlanagerð.

### Hæfniskröfur:

- Menntun á sviði viðskipta eða reynsla í ferðamannþjónustu.
- Þekking á heimasíðugerð, bókhaldskerfum eins og DK, Excel og bókunarforritum æskileg.
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð. Góð samskiptahæfni og reglusemi.

Vinsamlega sendið ferilskrá og upplýsingar á nefang: santon@mi.is.

## Skoðunarmaður á rafmagnssviði

Vegna aukinna verkefna leitar BSI á Íslandi eftir skoðunarmanni á rafmagnssviði.

Meðal verkefna sviðsins eru:

### Að skoða virki með málsþennu:

- Yfir 1000 V riðspennu eða 1500 V jafnspennu.
- Til og með 1000 V riðspennu eða 1500 V jafnspennu.

### Hæfniskröfur:

- Skipulögð og öguð vinnubrögð.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Reynsla af skoðunarstörfum kostur.

Allar upplýsingar eru með höndlaðar sem trúnaðarupplýsingar.

Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu BSI [www.bsiaislandi.is](http://www.bsiaislandi.is)



BSI á Íslandi  
Skipholti 50c/ 105 Reykjavík

## Vantar vana mótasmíði

Næg verkefni framundan fyrir duglega einstaklinga.  
Upplýsingar í síma: 6613700 eða [hafnarsport@simnet.is](mailto:hafnarsport@simnet.is)



## Frábært sumarstarf: Hópstjóri götukynninga hjá UN Women

Landsnefnd UN Women á Íslandi leitar að kraftmiklum einstaklingi til að leiða hóp götukynninga sem sinnir fjáröflun- og kynningarstarfi fyrir samtökin á höfuðborgarsvæðinu í sumar.

### Starfslýsing

- Yfirumsjón með störfum götukynninga
- Sinna ýmsum verkefnum tengdum götukynningum á skrifstofu
- Kynna starfsemi UN Women með götukynningum og bjóða fólki að gerast styrktaraðilar

### Hæfniskröfur

- Umsækjandi þarf að vera samviskusamur, áreiðanlegur og sjálfstæður í vinnubrögðum
- Umsækjandi þarf að vera opin, kraftmikill og sannfærandi
- Reynsla af almennum skrifstofustörfum og vinnu með Excel er kostur
- Áhugi og þekking á jafnréttismálum og málstað UN Women er kostur

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á [snaedis@unwomen.is](mailto:snaedis@unwomen.is) merktar Hópstjóri. **Umsóknarfrestur er til og með 19. apríl.** Nánari upplýsingar veitir Snædis í síma 552 6200.

UN Women á Íslandi treystir á frjáls framlög í fjáröflun sinni og er því verkefni götukynninga mikilvægur hlekkur í fjáröflun samtakanna. Framlög til UN Women renna í verkefni sem stuðla að jafnrétti og valdeflingu kvenna.

# Starfsmaður í tollskýrslugerð

TNT hraðflutningar leitar að kraftmiklum og metnaðarfullum einstaklingi með þekkingu á innflutningi í sumarflýsingar. TNT hraðflutningar er alhliða flutningsfyrirtæki sem sérhæfir sig í hraðflutningum milli landa, ásamt tengdri þjónustu.

### Hæfniskröfur

- Þekking á Navision kostur
- Reynsla af flutningastarfsemi kostur en ekki skilyrði
- Lípurð í samskiptum
- Frumkvæði
- Rík þjónustulund
- Öguð og skipulögð vinnubrögð
- Góð ensku- og tölvukunnátta

Nánari upplýsingar veitir Agnar Þorláksson, sími 580 1015, [agnart@tnt.is](mailto:agnart@tnt.is) Umsóknarfrestur er til 1. maí 2015.

Umsóknum skal skilað til TNT, Stórhöfða 32, 110 Reykjavík eða í netfangið [agnart@tnt.is](mailto:agnart@tnt.is). Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á TNT.is



THE PEOPLE NETWORK

### Göngudeild húð- og kynsjúkdóma

## HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

Við leitum að drifandi hjúkrunarfræðingi til að koma í lið öflugra starfsmanna, um er að ræða dagvinnu og er starfið veitt frá 18. maí eða eftir samkomulagi.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Meðferðir húðsjúkdóma (t.d. sára-, ljósa- og lyfjameðferðir)
- Fræðsla til sjúklinga, aðstandenda og annars heilbrigðisstarfsfólks um húð og húðmeðferðir
- Greining, meðferð og fræðsla vegna kynsjúkdóma

### Hæfni

- Faglegur metnaður og ábyrgð í starfi
- Hæfni og áhugi á teymis- og verkefnavinnu
- Sjálfstæði, frumkvæði og lausnamiðuð nálgun
- Jákvætt viðhorf og samskiptahæfileikar
- Íslenskt hjúkrunarleyfi skilyrði

Starfshlutfall er 80% og laun eru samkvæmt kjarasamningi.

Sótt er um starfið rafrænt á [landspitali.is](http://landspitali.is), undir „Laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Náms- og starfsferilskrá skal fylgja umsókn, ásamt afriti af prófskírteinum og starfsleyfi.

Umsóknarfrestur er til og með 27. apríl 2015.

Nánari upplýsingar veita Emma Björg Magnúsdóttir, deildarstjóri (emmbam@landspitali.is, 825 5029) og Þórdís Ágústa Ingólfssdóttir, mannauðsráðgjafi (thoring@landspitali.is 824 5480).

Landspítali er lifandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, skilvirka verkferla, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.

[www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)



HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR  
STRANDGATA 6  
220 HAFNARFJÖRÐUR  
SÍMI 585 5500  
FAX 585 5599

## Leikskólinn Stekkjarás auglýsir eftir aðstoðarleikskólástjóra

Leikskólinn Stekkjarás er 8 deilda leikskóli með um 180 nemendum. Hann starfar eftir starfsaðferðum Reggio Emilia. Áhersla er lögð á skapandi starf, útinám og læsishvetjandi umhverfi og er starfið í stöðugri þróun. Einkunnarorð leikskólans eru „hugmyndir barnsins eru verkefni dagsins“.

### Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Aðstoðarleikskólástjóri vinnur að og ber ábyrgð á, ásamt leikskólástjóra, daglegri stjórnun og skipulagningu starfsins og að unnið sé eftir aðalnámskrá leikskóla og skólanámskrá leikskólans
- Aðstoðarleikskólástjóri er aðstoðarmaður leikskólástjóra og staðgengill hans

### Hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun
- Framhaldsmenntun æskileg
- Stjórnunarreynsla í leikskóla æskileg
- Færni í samskiptum
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð tölvukunnátta
- Góð íslenskukunnátta

Nánari upplýsingar um starfið veitir Alda Agnes Sveinsdóttir, leikskólástjóri, í síma 517 5920 eða 664 5862.

Umsóknarfrestur er til og með 22. apríl nk.

Umsókn um starfið þarf að fylgja greinargóð starfsferilskrá og kynningarbréf. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á vefsíðu Hafnarfjarðarbæjar [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)

